


skoðun 24

**3 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Vetrardekk
Baðherbergið




**Gert við gömlu fötin**
*Viðskipti saumastofa hafa glæðst enda nýtni ofarlega á blaði hjá mörgum.*
allt 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
14. október 2010
241. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Aukin umhverfisvitund

*Gróðursetningarhátíð verður haldin í leikskólanum Nóaborg í dag.*

tímamót 34



## Þreyttur hjá KR

*Björgólfur Takefusa þurfti að komast í nýtt umhverfi og fór í Víking.*

Sport 52






## veðrið í dag




**BJART EYSTRA** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s og rigning SV- og V-lands, annars hægari vindur og bjart fyrri partinn. Hiti 7-12 stig.

VEÐUR 4








**GENGIÐ TIL FRIÐAR** Um fimm hundruð börn tóku þátt í friðargöngu leikskólabarna sem fram fór í gær, en börnin gengu fylktu liði frá Hallgrímskirkju niður að Ingólfstorgi þar sem þau sungu lög og mynduðu stórt friðarmerki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hafa áhuga á fasteignum bankanna

**Fyrirhugað er að setja á laggirnar sjóði sem muni kaupa fasteignir sem bankarnir hafa tekið yfir. Innlendir sem erlendir fjárfestar hafa sýnt áhuga á að kaupa í sjóðunum. Heppilegast að selja lítil fasteignasöfn, segir forstjóri Regins.**

**VIÐSKIPTI** Innlendir og erlendir fjárfestar hafa áhuga á að kaupa fasteignir sem bankarnir tóku yfir í kringum hrunið og dótturfélög þeirra stýra. Á meðal þess sem er í skoðun er að fjármálafyrirtæki stofni sjóði sem kaupi eignirnar. Fjárfestarnir kaupi hlut í sjóðunum.

„Það er klárt að í heimi þar sem fjárfestingarkostir eru mjög takmarkaðir eru fasteignaverkefni áhugaverður möguleiki. Við erum með nokkur slík verkefni í gangi,“ segir Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital.

Dótturfélög bankanna, sem haldið hafa utan um fasteignir sem áður voru í eigu fasteignafélaga og fjárfesta, hafa stokkað þau upp og endurfjármagnað. Bæði er um atvinnuhúsnæði og íbúðir að ræða. Eftir því sem næst verður komist hafa félögin öll búið til eða eru með í mótun pakka með skyldum eignum sem hægt er að selja í einu lagi.

> Það eru teikn á lofti að íbúðafélög að skandinavískri fyrirmynd sem kaupa fasteignir og leigja þær áfram sé í mótun.
>
> **HELGI S. GUNNARSSON,** FRAMKVÆMDASTJÓRI REGINS.

Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Regins, dótturfélags Landsbankans, segir líklegt að fjárfestar muni í fyrstu kaupa atvinnuhúsnæði sem þegar hafi verið fjárhagslega endurskipulagt. Síðan komi íbúðir á markað. „Það eru teikn á lofti að íbúðafélög að skandinavískri fyrirmynd sem kaupa fasteignir og leigja þær áfram sé í mótun,“ segir hann.

Reginn bauð Smáralind til sölu á vordögum en hafnaði báðum tilboðum fyrir þremur vikum. Helgi segir söluferlið hafa kennt mönnum að markaðurinn sé ekki tilbúinn fyrir svo stórar eignir. Mikilvægt sé að útbúa eignasafn af hæfilegri stærð. Eignasafn sem Reginn mun setja í söluferli á næstunni er dæmigert fyrir þær fasteignir sem fjárfestar eru taldir hafa augastað á. Það er atvinnuhúsnæði í útleigu. Verðmæti nemur 1,5 milljörðum króna, sem þýðir að fjárfestar þurfi að eiga þrjú hundruð milljónir króna í eigin fé.

**- jab**



**STOLTIR PORTÚGALAR** Bento og Nuno með Real Madrid-treyjuna sem portúgalskir leikmenn liðsins höfðu áritað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Góðir gestir á Tapasbarnum:

## Fengu áritaða treyju Ronaldos

**FÓLK** Portúgölsku landsliðsmennirnir Nani og Raul Meireles heilsuðu upp á starfsfólk Tapasbarsins eftir landsleik Íslands og Portúgals á þriðjudagskvöldið. „Við erum tveir Portúgalar sem eigum staðinn, ég og Nuno, svo þetta var auðvitað mjög gaman fyrir okkur. Þetta var nú alls ekkert partí, þetta var bara starfsfólkið og nokkrir gestir sem fengu að sitja áfram og spjalla við þá,“ segir Bento Guerreiro, vert á Tapasbarnum.

Nani og Meireles færðu veitingamönnunum Real Madrid-treyju sem árituð var af Ronaldo, Pepe og Ricardo Carvalho.

**- hdm /** **sjá síðu 58**

Hvessti á samráðsfundinum:

## Sammála um að finna lausn

**STJÓRNMÁL Hart var tekist á um skuldir heimilanna á samráðsfundi með fulltrúum fjármálafyrirtækja og almennings í gærkvöldi. Allir voru þó sammála um að finna lausnir á vandanum, segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.**

**Hún segir vandann meiri en svo að bráðaúrræði dugi. „Vandinn er mjög mikill hjá heilli kynslóð, sem væri dæmd til að vera með mjög þunga greiðslubyrði í mjög langan tíma ef við tökum ekki á þessum málum.“**

**- bj /** **sjá síðu 4**




## SPURNING DAGSINS



*Sunna, var þetta bara spurning um að vera í réttum blóðflokki?*

„Er Bloodgroup ekki bara sér blóðflokkur út af fyrir sig?“

Sunna Margrét Þórisdóttir er nýgengin til liðs við hljómsveitina Bloodgroup (Blóðflokk.)

Eva Joly er opin fyrir hugmynd um sérstakan efnahagsbrotadómstól:

# Joly hætt hjá sérstökum saksóknara

**STJÓRNSÝSLA** Eva Joly lét í gær af störfum sem ráðgjafi sérstaks saksóknara. Hún ætlar að einbeita sér að forsetaframboði sínu fyrir Græningja í Frakklandi og segist kveðja starfið með söknuði. Samningur hennar átti að renna út um áramót en gert var samkomulag um að hún hætti fyrr.

Niðurstaðan var tilkynnt á blaðamannafundi í gær. Þar sagðist Joly vera ánægð með það hvernig embættið hefði verið byggt upp frá því að hún kom þangað til starfa skömmu eftir bankahrun. Í upphafi störfuðu hjá embættinu fimm manns. Um næstu áramót er stefnt að því að þeir verði átttíu talsins. Joly sagði að það teymi væri jafnöflugt og franska efnahagsbrotalögreglan, sem er með aðsetur í París.



**EVA OG SÉRSTAKUR** Nú skilja leiðir með þeim Evu og Ólafi Haukssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Joly sagðist sannfærð um að fjármunir myndu endurheimtast eftir dómsmál sem höfðuð yrðu eftir rannsóknir embættisins. Þá sagði hún mikilvægt að leita áfram liðsinnis til útlanda vegna smæðar kunningjasamfélagsins á Íslandi. Þá sagði hún að stjórnvöld ættu að skoða að koma á fót sérstöku dómsvaldi sem tæki á efnahagsbrotum. **- sh**

OR fækkar starfsmönnum:

## Sjöundi hver verður rekinn

**ATVINNUMÁL Orkuveita Reykjavíkur (OR) ætlar að segja upp um áttatíu starfsmönnum sínum í lok mánaðarins, samkvæmt fréttum RÚV í gærkvöld.**

**Um 580 starfsmenn vinna nú hjá OR, sem þýðir að um sjöundi hver starfsmaður mun fá uppsagnarbréf. Ekki er enn ljóst hvaða fólk það er sem verður sagt upp eða á hvaða sviðum það starfar. Ekki er heldur búið að taka ákvarðanir um það hvort deildir verði lagðar niður eða sameinaðar innan fyrirtækisins. - sv**

Læti hjá umboðsmanninum:

## Maður gekk berserksgang

**LÖGREGLUMÁL** Ungur karlmaður gekk berserksgang á skrifstofu umboðsmanns skuldara fyrir hádegi í gær. Hann braut rúðu og skilrúm og kastaði tölvu ráðgjafa í gólfið.

Starfsfólki umboðsmanns var boðið upp á áfallahjálp eftir atvikið. Ráðgjafinn sem maðurinn var hjá tók uppákomuna sérstaklega nærri sér. „Henni var mjög brugðið eins og öllum öðrum,“ segir Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi embættisins.

Ekkert atvik í líkingu við þetta hefur komið upp frá því umboðsmaður skuldara tók til starfa. **- eh**

NASF spáir fyrir um lokatölur:

## Sumarveiðin er 75 þúsund laxar

**STANGVEIÐI Verndarsjóður villtra laxastofna, NASF, spáir að laxveiði á stöng á Íslandi í sumar hafi numið 75 þúsund fiskum. Spáin um heildarveiðina er byggð á lokatölum sem þegar liggja fyrir úr tilteknum ám. Samsvarandi spár fyrri ára hafa ekki skeikað um meira en eitt prósent.**



ORRI VIGFÚSSON

**Orri Vigfússon, forvígismaður NASF, segir að stangveiði í hefðbundnum ám hafi tvöfaldast á tíu árum og þrefaldast ef veiðin í svokölluðum hafbeitarám sé talin með. Ástæða þessarar jákvæðu þróunar sé meðal annars uppkaup á netaveiði á laxi í sjó, aukning í því að stangveiðimenn sleppi veiddum laxi og hlýnandi veðurfar. - gar**

# Smíðaði hring handa Ono og eignaðist son

**Sigurður Ingi Bjarnason, gullsmiður í Sign, sérsmíðaði afmælishring sem Yoko Ono gaf syninum Sean. Sigurður eignaðist sinn eigin son seinna sama dag. Yoko tæmdi söluskáp Sigurðar á Hilton. Tilkomumikill dagur segir Sigurður.**

**MENNING** „Ég setti Fimmvörðuhálshraun í hringinn til að hafa hluta af nýja Íslandi í honum,“ segir Sigurður Ingi Bjarnason, gullsmiður og skartgripahönnuður í Sign í Hafnarfirði, sem sérsmíðaði afmælisgjöf fyrir Sean Ono Lennon samkvæmt pöntun Yoko Ono um síðustu helgi.

Á laugardaginn var, 9. október, sem er sameiginlegur afmælisdagur feðganna Johns og Seans Lennon, fékk Sigurður Ingi símhringingu. „Yoko Ono vantaði hring fyrir son sinn og ég var beðinn að koma. Ég hitti hana uppi á hóteli og teiknaði hring fyrir hana og smíðaði hann síðan á tveimur klukkutímum,“ segir Sigurður Ingi, sem kveður ansi mikið líf og fjör hafa verið í tuskunum þennan dag, bæði hjá Yoko og honum sjálfum.

Fljótlega eftir að Sigurður Ingi var búinn að skila hringnum til Yoko fór hann upp á fæðingardeild til Kolbrúnar Róberts konu sinnar. Þar fæddist þeim hjónum fjórði sonurinn um kvöldmatarleytið. „Þetta var mikill dagur hjá henni og stór dagur hjá mér líka,“ segir hann.



**ÁNÆGJA MEÐ NÝJAN SON** Sigurður Ingi Bjarnason og Kolbrún Róberts listmálari með fjórða soninn sem fæddist á miklum annríkisdegi um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



YOKO ONO

Sigurður Ingi selur silfurskartgripi úr vörulínunni Piece of Iceland á Hilton hótelinu í Reykjavík þar sem Yoko dvelur gjarnan. Hann segir Yoko hafa gert sér margar ferðir til að skoða og kaupa.

„Hún var mjög hrifin og lét ekki duga að kaupa nokkur stykki heldur tæmdi skápinn,“ segir Siguður Ingi, ánægður með að hin heimsfræga listakona kunni svo vel að meta verk hans. Hún hafi svo sem sagst áður hafa séð áþekka hönnun þar sem hraun sé notað en ekki eins skemmtilega og hans. Hlutirnir hafi gengið hratt og vel fyrir sig á fundi þeirra á Hilton hótelinu í hádeginu á laugardag.

„Yoko vildi ekki mikið vesen og var að vonast til að geta fengið eitthvað sem ég ætti en ég sagði henni að ég vildi gera eitthvað sérstakt og hún féllst á það. Það var mjög gaman og mikill heiður að fá að smíða fyrir hana,“ segir Sigurður, sem ber Yoko vel söguna. Hún hafi verið laus við allan hroka og stjörnustæla.

„Yoko er kurteis kona með þægilega nærveru. Ég upplifði hana þannig að hún vildi ekki láta hafa mikið fyrir sér. Það var mikið að gera hjá henni og hún var afar hnitmiðuð í því sem hún bað um. Ég vona bara að hringurinn hafi fallið í góðan jarðveg,“ segir Sigurður Ingi Bjarnason. **gar@frettabladid.is**



**VERNDUN** Með því að vernda hvali er hægt að hjálpa fiskistofnum að dafna, segja vísindamenn við Harvard-háskóla. NORDICPHOTOS/AFP

Úrgangur hvala vanmetinn:

## Verndun hvala góð fyrir fiska

**VÍSINDI Úrgangur úr hvölum þjónar þeim tilgangi að bera næringarefni úr hafsdjúpum og upp á yfirborðið, og er því afar mikilvægur hringrás lífsins í höfunum. Þetta er niðurstaða vísindamanna við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.**

**Vísindamennirnir segja þetta kollvarpa hugmyndum um að hvalir og fiskar keppi um fæðuna, og segja verndun hvala hafa góð áhrif á fiskistofna.**

**Þeir segja úrganginn fljóta upp á yfirborðið, brotna niður og verða fæðu fyrir svif. Áhrifin eru þó mun minni í dag en fyrr á árum vegna hvalveiða. - bj**

Leiðtogi greiðir ekki atkvæði:

## Fyrsta kosning í Búrma í 20 ár

**BÚRMA** Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, Aung San Suu Kyi, ætlar ekki að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem fram fer í landinu á næstunni. Er það í fyrsta sinn í 20 ár sem slík atkvæðagreiðsla fer fram í Búrma.

Suu Kyi hefur verið í stofufangelsi síðustu ár en hefur barist fyrir lýðræðislegum umbótum í landinu sem stjórnað er af herforingjum. **- sv**






Nýr strandblakvöllur opnaður í Neskaupstað með sandi frá Póllandi:

# Dýrara að nota íslenskan sand

**NESKAUPSTAÐUR** Búið er að koma upp strandblakvelli í Neskaupstað með innfluttum sandi frá Póllandi. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, formaður blakdeildarinnar í Neskaupstað, segir að mun dýrara hafi verið að flytja sand frá Suðurlandi sökum þess að flutningurinn frá Póllandi var ókeypis.

„Það er fínn sandur bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka en flutningurinn er svo dýr,“ segir Þorbjörg. Kostnaðurinn við völlinn í heild er rúmar tvær milljónir króna.

Þorbjörg segir völlinn mikinn gleðigjafa fyrir íbúa svæðisins og býst við því að hann verði mikið notaður næsta sumar.

„Þetta er svo flott staðsetning, rétt við tjaldsvæðið, þannig að völlurinn mun nýtast ferðafólki sem og heimamönnum,“ segir hún.

Í nóvember verða haldnir dagar myrkurs í Neskaupstað og stendur þá til að vera með rökkurblak á vellinum.

„Sólin hverfur hérna í nóvember og við fáum ekki að sjá hana aftur fyrr en í febrúar, þannig að við ætlum að koma upp kyndlum og hafa skemmtilega stemningu hérna í myrkrinu,“ segir Þorbjörg.



**STRANDBLAK UM HAUST** Norðfirðingar létu haustkulið ekki aftra sér frá því að spila strandblak á stuttbuxum fyrr í vikunni.

Hluti Íslandsmótaraðarinnar í strandblaki verður haldinn á vellinum næsta sumar. **- sv**

# LÆGRA VERÐ FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI



Glös 6 STK.

399,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

Glös í pakka, 6 stk
2000907



Verkfærataska Caliber 15"
5024497

Verkfærataska

999,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI



Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

10 STK.

590,-





1.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

Innimálning
3 ltr.
7119962



Eldhúsvaskur

9.890,-

Eldhúsvaskur
8032532





84.900,-

227 ltr. orkunýting A+

5 ára ábyrgð

Frystikista Frigor,
TM 300
277 ltr, H-89.5 cm,
B-102 cm, D-64,5 cm
1805487



Vegghengt klósett með öllu

32.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

Vegghengt klósett
Með fylgihlutum
8078415

## Húsasmiðjan lækkar verð

á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda. Við leggjum okkur fram um að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. **Það köllum við lægsta lága verðið í Húsasmiðjunni!**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 13.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,83 | 111,35 |
| Sterlingspund | 175,63 | 176,49 |
| Evra | 154,78 | 155,64 |
| Dönsk króna | 20,753 | 20,875 |
| Norsk króna | 18,989 | 19,101 |
| Sænsk króna | 16,696 | 16,794 |
| Japanskt jen | 1,354 | 1,362 |
| SDR | 174,21 | 175,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

195,1685

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkið semur um orkusölu vegna framleiðsluaukningar í álverinu í Straumsvík:

# Um 1.300 ársverk við framkvæmd

**IÐNAÐUR** Um 1.300 ársverk verða til við framkvæmdir vegna framleiðsluaukningar í álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík og byggingu Búðarhálsvirkjunar sem Landsvirkjun mun ráðast í til að afla orku vegna stækkunarinnar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, undirritaði samninginn fyrir hönd fyrirtækisins.

Fjárfesting Alcan nemur tæplega sextíu milljörðum króna, og áætlað er að 620 ársverk verði til á framkvæmdatímanum. Áætlað er að framleiðslan aukist um tæplega fjörutíu þúsund tonn á ári.



**STRAUMSVÍK** Fjárfesting vegna framleiðsluaukningar í álverinu í Straumsvík er stærsta einstaka fjárfestingin í atvinnuuppbyggingu frá falli fjármálakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsvirkjun mun hefja framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun til að mæta orkuþörf vegna stækkunarinnar. Fyrirtækið mun fjárfesta um 26 milljarða í virkjuninni, og munu á bilinu 600 til 700 ársverk verða til á byggingartíma virkjunarinnar.

Fram kemur í tilkynningu iðnaðarráðuneytisins að um sé að ræða stærstu einstöku fjárfestinguna í atvinnuuppbyggingu frá falli fjármálakerfisins. - bj

Afgreiðslutími skemmtistaða:

# Mun styttast um áramótin

**SAMFÉLAGSMÁL** Borgarráð hefur samþykkt að stytta afgreiðslutíma veitingastaða í miðborginni. Hugmyndin er að frá og með áramótum verði mest opið til klukkan fimm og hálfu ári síðar verði afgreiðslutími aftur styttur um hálftíma. Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Besta flokksins í borgarráði lögðu fram bókun um að skortur væri á áfengisstefnu í Reykjavíkurborg og rökrétt framhald af reykingabanni á skemmtistöðum væri innleiðing áfengisbanns í kjölfarið. - sv

Stjórnlagaþing:

# Fleiri karlar en konur í framboð

Framboðsfrestur fyrir kosningar til stjórnlagaþings rennur út á mánudag. Enn sem komið er hafa mun fleiri karlar en konur tilkynnt um framboð.

Þá lýsir Þorvaldur Gylfason prófessor því yfir í grein á síðu 25 að hann bjóði sig fram til stjórnlagaþings.

**Framboð til stjórnlagaþings**

Svanur Sigurbjörnsson, læknir.

**Bergvin Oddsson**, skemmtikraftur og rithöfundur.



**Svavar Kjarrval Lúthersson.**

Sigþrúður Þorfinnsdóttir, lögfræðingur.



**Frosti Sigurjónsson,** stjórnarformaður Dohop.

Bolli Héðinsson, hagfræðingur.



Eiríkur Mörk Valsson, framkvæmdastjóri.

Ólafur Sigurðsson, fyrrum fréttamaður.

Þorbergur Þórsson, hagfræðingur og heimspekingur.

Þorkell Helgason, stærðfræðingur.

Jón Steindór Valdimarsson, lögfræðingur.

*Þeir sem vilja láta framboðs síns getið í Fréttablaðinu geta sent tilkynningu ásamt mynd á ritstjórn blaðsins.*

# Allir sammála um að leysa skuldavandann

**Töluvert bar á milli á fundi fulltrúa fjármálastofnana með hagsmunagæsluaðilum almennings og þingmönnum. Skylda þessa hóps að finna lausn á skuldavandanum segir forsætisráðherra. Hún segir ljóst að bráðaúrræði dugi ekki.**

**STJÓRNMÁL** Allir voru sammála um að taka þurfi á skuldavanda heimilanna en mikið bar á milli um aðferðirnar á samráðsfundi um skuldavanda heimilanna í Þjóðmenningarhúsinu í gærkvöldi. Fundinn sátu stjórnendur fjármálafyrirtækja, hagsmunagæsluaðilar almennings og þingmenn allra flokka.

„Þetta var mjög gagnlegur fundur, það hvessti vissulega mjög milli manna og var tekist hart á,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra eftir fundinn. Eitt af stóru málunum á fundinum voru hugmyndir um flata niðurfærslu skulda fyrir almenning.

„Það er alveg ljóst að það ber töluvert á milli, niðurstaða fundarins er sú að það er sameiginlegur vilji til að taka á skuldavanda heimilanna,“ segir Jóhanna.

Fundinn sátu fulltrúar viðskiptabankanna, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna, auk ýmissa hagsmunagæsluaðila almennings. Hann sátu einnig þingmenn úr fjórum þingnefndum Alþingis auk fimm ráðherra.

Jóhanna segir að fundinn hafi setið allir þeir sem þurfi að koma að því að leysa skuldavanda almennings. Það sé skylda þessa hóps að finna lausn á skuldavanda heimilanna, og það verði gert.

„Við munum hittast aftur. Hvort sem við þurfum einn, tvo eða þrjá fundi til viðbótar munum við halda áfram að funda þar til komin er niðurstaða í þessu máli,“ segir Jóhanna.

Hópur sérfræðinga mun nú fara yfir þær tillögur sem fram komu á fundinum, og fljótlega verður boðað til annars fundar til að halda áfram með málið. Jóhanna segir ekki rétt að gefa fólki of miklar væntingar um flata niðurfellingu skulda, enda afar misjafnar skoðanir um mögulegar lausnir á vandanum.



**SAMRÁÐSFUNDUR** Fulltrúar fjármálastofnana og talsmenn skuldugra heimila skiptust á skoðunum á samráðsfundi í Þjóðmenningarhúsinu í gærkvöldi. Hér heilsast Marínó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna, og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þarna voru allir tilbúnir til að vinna saman og finna lausnir,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. Hann segir skoðanir skiptar um leiðirnar, en vinnunni verði haldið áfram.

Hann segir fulltrúa bankanna sammála um að taka verði á vandanum þar sem hann sé mestur. Það myndi verða þjóðarbúinu dýrt að fara í flata niðurfærslu skulda, og ekki gagnast þeim sem illa standi.

„Þetta var spjallfundur, menn voru að ræða stöðuna og mögulegar lausnir,“ segir Ásta H. Bragadóttir, settur framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs. Hún segir að umræðurnar hafi verið líflegar, og sjónarmiðin misjöfn. Allir hafi þó verið sammála um að reyna að leysa vandann. brjann@frettabladid.is



**TF-LÍF** Þurfti frá að hverfa.

Gæslan við Hvannadalshnúk:

# Bíða með leit fram á sumar

**SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar þurfti að hverfa frá við Hvannadalshnúk á dögunum þar sem litast var um eftir klifurlínu og öðrum hlutum sem gætu tengst þýskum fjallgöngumönnum sem hurfu á þessum slóðum árið 2007.**

**Aðstæður voru erfiðar og ekkert skyggni, að sögn lögreglunnar í Höfn, og verður beðið með könnunarferðir fram á næsta sumar.**

**Fjallgöngumenn gengu fram á klifurlínuna í vesturhlíð fjallsins í síðasta mánuði en lögregla vill ítreka að enn sé ekki hægt að slá því föstu að þessi lína tengist hvarfi fjallgöngumannanna þýsku.** - bj

Endurskipuleggja samtök:

# Öllu starfsfólki SÍSP sagt upp

**VIÐSKIPTI** Öllum sjö starfsmönnum Sambands íslenskra sparisjóða (SÍSP) hefur verið sagt upp störfum. Ólafur Elísson, stjórnarformaður sambandsins, segir uppsagnirnar hluta af endurskipulagningu SÍSP.

Ólafur segir að starfsmennirnir muni vinna út uppsagnarfrest sinn, sem sé mislangur. Framhaldið skýrist væntanlega á næstu vikum, samhliða endurskipulagningu sparisjóðanna.

SÍSP er málsvari sparisjóðanna og stendur vörð um hagsmuni þeirra. - bj






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BLAUTT EN SÆMILEGT** Litlar breytingar á veðri næstu daga en það lítur út fyrir rigningu með köflum á suðvesturhorninu. Bendi þeim á sem ætla að rölta milli staða á Airwaves-hátíðinni að hafa regnhlífina eða regnstakk meðferðis.



**Á MORGUN** Hægur vindur en vaxandi SA-átt SV-til síðdegis.

**LAUGARDAGUR** Strekkingur V-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 17° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 8° |
| París | 15° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Eplafest




## MacBook 13"

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
**Allt að 10 klst** rafhlöðuending
Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk
Engir vírusar

Aðeins
**169.990 kr.**

Takmarkað magn!



## Apple iPad

byltingarkennd spjaldtölva
frá Apple með Multi-Touch
og kristaltæran skjá.

Einnig fáanleg með 3G.

Verð frá **119.990.-**

## Nýi iPod nano með snertiskjá er kominn!

Verð frá **36.990 kr.**



## Frí námskeið á fimmtudögum

Nánar um dagskrá og tíma:
**www.epli.is/fraedsla**



**Opið til 21** alla fimmtudaga

Verslun okkar er opin til 21
alla fimmtudaga í vetur.

Verið velkomin!

## Frí ástandsskoðun

**Fimmtudaga milli kl. 18:00 og 21:00**

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. - mið. 10-18 | fim. 10-21
Fös. 10-18 | lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

## KJÖRKASSINN



*Bindur þú miklar vonir við komandi stjórnlagaþing?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú fylgst með björgun námuverkamannanna í Síle?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Vísir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið telur ekki ástæður til að endurskoða tollkvóta á kjúkling:

# Líklegt að ástandið lagist í næstu viku

**NEYTENDUR** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur undanfarna daga fengið fyrirspurnir frá tveimur heildsölum um aukningu á innflutningskvóta á kjúkling. Ástæðan er skortur á innlendum kjúklingi á landinu sem hefur verið viðvarandi sökum skæðrar salmonellusýkingar sem herjaði á kjúklingabú í vor.

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri framleiðslu- og markaðsskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, segir ráðuneytið fyrst hafa heyrt af skortinum á þriðjudag og staðfestir að hann sé til kominn vegna sýkingarinnar í vor. Hann segir þessa viku vera sérlega bágborna hvað varðar framboð en telur líklegt að jafnvægi komist á aftur í næstu viku miðað við framleiðsluspár fyrirtækjanna.

„Að því gefnu að ekkert komi upp á er líklegt að framboðið verði orðið eðlilegt í næstu viku,“ segir Ólafur. Hann telur ekki ástæðu til þess að endurskoða núverandi tollkvóta á kjúkling sökum þessa og breytingar á þeim taki fleiri vikur.

Hann segir engar verslanir hafa haft beint samband við ráðuneytið sökum skortsins.

Vegna fréttar á forsíðu Fréttablaðsins í gær vill Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, árétta að hann hafi ekki sagt í samtali við blaðið að fyrirtækið hafi getað afgreitt allar pantanir. Hann hafi sagt aðspurður að fyrirtækið hafi verið í vandamálum vegna salmonellusýkingar en ástandið væri að lagast. Að því leyti væri ekki fyrirsjáanlegur skortur hjá Reykjagarði. - sv



**KJÚKLINGAR Í REYKJAGARÐI** Ráðuneytið segir að miðað við framleiðsluspár mun framboð á kjúklingi aukast á ný í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI








**REYKJAVÍK** Mörg heimili eru skuldsett langt umfram fasteignamat eignar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eitt af hverjum fimm heimilum yfirveðsett

**Heildarskuldir heimila með veði í fasteignum eru 1.201 milljarður króna. Fasteignaskuldir 20 prósenta heimila eru hærri en fasteignamat eignarinnar. Hjá 1.360 heimilum er skuldahlutfallið meira en 200 prósentum umfram fasteignamat.**

**EFNAHAGSMÁL** Miðað við álagningarskrá 2010 eru heildarskuldir heimila með veði í fasteignum 1.201 milljarður króna.

Langflestir eru þannig settir að skuldir vegna íbúðarkaupa eru lægri en fasteignamat viðkomandi eignar. Í um tuttugu prósentum tilvika er veðsetningarhlutfallið hins vegar hærra en fasteignamat. Svo háttar til um skuldir sem nema samtals 519 milljörðum króna.

Þessar upplýsingar eru meðal þeirra sem lagðar hafa verið fram í samráðsferli stjórnmálanna og hagsmunaaðila um lausn á skuldavanda heimilanna.

Á þeim sést að hjá 1.360 heimilum er skuldahlutfallið meira en 200 prósentum umfram fasteignamat. Í þeim tilvikum nema skuldirnar samtals 49 milljörðum króna, eða rúmlega 36 milljónum á heimili. Sé litið til þeirra sem búa við skuldahlutfall á bilinu 100 til 110 prósent yfir fasteignamati er meðalskuldin tæplega 22 miljónir króna. bjorn@frettabladid.is

**Fjöldi skuldara með yfirveðsettar eignir**

| Skuldahlutfall | Fjöldi | Skuld |
|---|---|---|
| 100-110 | 5.166 | 112 |
| 110-120 | 4.565 | 104 |
| 120-130 | 3.184 | 77 |
| 130-140 | 2.114 | 55 |
| 140-150 | 1.404 | 39 |
| 150-160 | 889 | 26 |
| 160-170 | 644 | 20 |
| 170-180 | 456 | 15 |
| 180-190 | 337 | 12 |
| 190-200 | 293 | 10 |
| yfir 200 | 1.360 | 49 |
| **Samtals:** | **20.412** | **519** |

Fjárhæðir skulda eru í milljörðum króna.
Heimild: Fjármálaráðuneytið

**20%** heimila eru með veðsetningarhlutfallið hærra en fasteignamat.

**Skipting lána eftir tegundum og lánveitendum**

| Sundurliðað eftir tegund lána | |
|---|---|
| Gengisbundin lán | 119,6 ma. kr. |
| Verðtryggð lán | 1.116,9 ma. kr. |
| Óverðtryggð lán | 96,2 ma. kr. |
| Samtals | 1.332,8 ma. kr. |

| Sundurliðað eftir lánveitanda | |
|---|---|
| Bankar og sparisj. | 512,6 ma. kr. |
| Íbúðalánasjóður | 645,1 ma. kr. |
| Lífeyrissjóðir | 175,1 ma. kr. |
| **Samtals** | **1.332,8 ma. kr.** |

Heimild: Seðlabankinn


STJÓRNLAGAÞING
KOSNINGAR 2010

**Framboðsfrestur til hádegis 18. október**

Framboðum til stjórnlagaþings skal skilað til landskjörstjórnar fyrir klukkan 12 á hádegi næstkomandi mánudag, 18. október. Nánari upplýsingar á **kosning.is** og **landskjor.is.**

*Kosið verður 27. nóvember. Stjórnlagaþing kemur saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 til að endurskoða stjórnarskrá Íslands.*

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið







Skotturnar og Stígamót standa fyrir söfnunarátaki sem hefst í dag:

# Skottur selja kynjagleraugu

**SAMFÉLAGSMÁL** Stígamót og Skotturnar, samstarfsvettvangur íslensku kvennahreyfingarinnar, efna til mikils söfnunarátaks sem hefst í dag.

Er átakið í kjölfar þess að loka þurfti þjónustumiðstöðvum Stígamóta utan höfuðborgarsvæðisins vegna niðurskurðar, en þjónusta á Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Selfossi, Borgarnesi, Akranesi og Grundarfirði lagðist af.

„Það var alveg hræðilegt að klippa á þá vinnu sem var í gangi. Við erum þegar að fara af stað aftur, treystandi á fjármagn,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Nú stendur til að opna stofnanirnar á ný. En auk þess er stefnt að því að auka þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu með sólarhringsþjónustu, flytja Stígamót í stærra húsnæði og útbúa athvarf fyrir konur sem eru að brjótast út úr vændi.

„Það er viðurkennd þörf fyrir slíkt athvarf,“ segir Guðrún. „Þar sem útilokað er að fjármagna vinnuna á þessum tímum, munu Skottur deila henni á kvöldin og um helgar í sjálfboðavinnu.“

Skotturnar munu hefja söfnunarátakið á morgun og selja kynjagleraugnanælur fram yfir helgina á 1.000 krónur stykkið og er markmiðið að selja 17.000 nælur. - sv



**KYNJAGLERAUGUN** Merkið er hannað af Hrafnhildi A. Jónsdóttur og Tinnu Brá Baldvinsdóttur. Þær unnu opna hönnunarsamkeppni Skottanna um barmmerki.




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður á alla fjölskylduna!

Dagana 14. - 17. október afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 17. október 2010.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hversu mikið atvinnuleysi mælist hérlendis?*

**2** *Hver skoraði eina mark íslenska landsliðsins gegn Portúgölum á þriðjudag?*

**3** *Hverjir hanna Airwaves-bolina í ár?*

**SVÖR:**

**1.** *7 prósent* **2.** *Heiðar Helguson-* **3.** *Fatahönnuðurinn Mundi og ljósmyndarinn Jói Kjartans*

Varaformaður STEF segir að greitt sé fyrir tæp fimm prósent af tónlist á Netinu:

# Hundrað króna gjald á mánuði

**TÆKNI** Einungis er greitt fyrir um fimm prósent þeirrar tónlistar sem notendur hlusta á og sækja á Netinu. Þetta segir Jakob Frímann Magnússon, varaformaður STEF.

Jakob segir vegið alvarlega að íslenskum tónlistariðnaði með ólöglegu niðurhali og bráðnauðsynlegt sé að gera eitthvað í málinu. STEF lagði fram hugmyndir fyrr í mánuðinum um að leggja gjald á nettengingar notenda og borga höfundaréttarhöfum fyrir tónlist sem er notuð ólöglega á Netinu.

„Það hefur aldrei verið meiri notkun á tónlist í heiminum heldur en nú með tilkomu Netsins. Það hefur haft það í för með sér að hljómplötubransinn er að hrynja innan frá og tekjur sem tónlistarmenn hafa af sköpun sinni eru að gufa upp,“ segir hann.



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

Fyrir tveimur árum hóf danska símafyrirrækið TDC að reikna út ákveðið gjald á hvern netnotanda og borga fyrir þá til höfundarétthafa og útgefenda. Jakob segist ekki vita hvaða leið verði ákveðin hér á landi.

Hann segir að einungis sé um lágt gjald að ræða, um 100 krónur á mánuði, sem myndu bætast ofan á netgjöldin.

„Hundrað krónur á mánuði samsvara einu símtali – og myndu veita notendum aðgang að einhvers konar banka tónlistar sem leiddi þá áfram inn í kauphallir tónlistarinnar þar sem fólk borgar fyrir niðurhal og þjónustu,“ segir Jakob Frímann. **- sv**

Fjárdráttur hjá leikfélagi:

# Kona sökuð um að draga sér fé

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Akureyri hefur ákært konu á fimmtugsaldri fyrir fjárdrátt.**

**Konunni er gefið að sök að hafa dregið sér ríflega 1,6 milljónir króna út af reikningi Leikfélags Dalvíkur. Fjárdrátturinn er sagður hafa átt sér stað á árunum 2008 og 2009 en þá gegndi konan starfi gjaldkera hjá leikfélaginu.**

**Í ákæru segir að hún hafi notað debetkort félagsins til að kaupa muni til eigin nota auk þess að taka fé út af reikningi í eigu félagsins.** **- jss**




## Vinnuréttardagur Háskólans á Bifröst

verður haldinn í dag, 14. október, kl. 13:30 í Hriflu, Háskólanum á Bifröst.
Í ár verður umfjöllunarefnið **Stéttarfélög – hlutverk og áskoranir.**
Á vinnuréttardeginum fjallar Ásmundur Stefánsson, hagfræðingur, um kjarasamninga og þjóðarsátt en auk þess munu Elín Blöndal, Erna Guðmundsdóttir og Magnús Norðdahl fjalla um valin efni sem tengjast hlutverki stéttarfélaga og áskorunum sem þau standa frammi fyrir, m.a. vegna efnahagsástandsins.

**Dagskrá**

Kl. 13:30 Elín Blöndal, prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst: ***Stéttarfélög og Evrópusamvinna.***

Kl. 13:50 Erna Guðmundsdóttir, lögmaður KÍ og BHM: ***Starf stéttarfélaga á krepputímum.***

Kl. 14:10 Magnús Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ: ***Skipulag ASÍ; breytingar og áskoranir.***

Kl. 14:30 Kaffihlé.

Kl. 14:50 Ásmundur Stefánsson, hagfræðingur: ***Kjarasamningar og þjóðarsátt.***

Kl. 15:30. Umræður og fyrirspurnir.

Kl. 15:50 Ráðstefnulok.

Fundarstjóri er Bryndís Hlöðversdóttir, deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst.

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst stendur að vinnuréttardeginum í samstarfi við lagadeild. Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY




**REYNIR AÐ STÖÐVA MYNDATÖKUR** Kínverskur lögreglumaður reynir að hafa hemil á ljósmyndurum fyrir utan heimili Liu Xia, eiginkonu friðarverðlaunahafans Liu Xiaobo, í Peking. NORDICPHOTOS/AFP

# Öldungar hvetja til málfrelsis í Kína

**Tuttugu og þrír háttsettir félagar í kínverska Kommúnistaflokknum krefjast þess að tjáningarfrelsi verði virt og að réttur fólks til upplýsinga verði tryggður.**

**KÍNA** Hópur aldraðra félaga í Kommúnistaflokki Kína krefst þess að hömlum verði létt af tjáningarfrelsi í landinu. Í bréfi sem þeir hafa ritað til þjóðþingsins segja öldungarnir að ritskoðun sú sem nú tíðkist í Kína sé bæði skömm og hneisa.

Undir bréfið skrifa 23 félagar í Kommúnistaflokknum, sem allir eru komnir til ára sinna. Margir þeirra hafa gegnt áhrifastöðum innan flokksins og einn þeirra, Li Rui, var um skeið ritari Mao Zedong, leiðtoga kínversku byltingarinnar. Annar bréfritara var í eina tíð ritstjóri Dagblaðs alþýðunnar, sem er opinbert málgagn Kommúnistaflokksins, og aðrir hafa verið hátt settir innan ríkisfjölmiðla og áróðursfirvalda landsins, þar sem þeir gegndu því hlutverki að hafa stjórn á opinberri umræðu.

Bréfritararnir hafa áður birt opinberlega bréf þar sem þeir hvetja til gagnsæis í kínverskri stjórnsýslu og stjórnmálum.

Öldungarnir benda á að í stjórnarskrá landsins sé ákvæði um tjáningarfrelsi en það ákvæði sé ekki virt af núverandi stjórnvöldum. Norska Nóbelsnefndin benti á þetta sama í lok síðustu viku, þegar hún skýrði frá því að kínverski andófsmaðurinn Liu Xiaobo hlyti friðarverðlaunin í ár. Hann afplánar ellefu ára fangelsi fyrir það sem kínversk stjórnvöld kalla undirróður gegn ríkisvaldinu.

Öldungarnir vilja meðal annars afnema það kerfi að allir fjölmiðlar landsins séu tengdir stjórnvöldum. Þeir vilja að ríkið styðji stofnun nýrra fjölmiðla í einstaklingseigu og leyfi óhefta dreifingu fjölmiðla frá Hong Kong og Makaó.

Þá vilja þeir breyta hlutverki áróðursyfirvalda, þannig að í stað þess að þau einbeiti sér að því að koma í veg fyrir upplýsingaleka snúi þau sér að því að tryggja að upplýsingar sem berist frá stjórnvöldum séu áreiðanlegar. Þeir vilja afnema lögreglueftirlit með netmiðlum.

Bréfið er birt stuttu eftir að norska Nóbelsnefndin tilkynnti um friðarverðlaunin. Kínversk stjórnvöld brugðust ókvæða við ákvörðun Nóbelsnefndarinnar og hafa hótað því að samskiptin við Noreg muni versna. **gudsteinn@frettabladid.is**


Hvenær: **Föstudaginn 15. október, frá kl. 9.00 til 17.00** | Hvar: **Fundarsalur Þjóðminjasafnsins**

## FIFTEEN YEARS ON

**Finland and Sweden in the European Union**



Málþing á vegum Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands, Evrópufræðaseturs Svíþjóðar og Alþjóðamálastofnunar Finnlands um **15 ára reynslu Finnlands og Svíþjóðar af ESB aðild.**

**Dagskrá málþingsins er að finna á www.hi.is/ams**

*Fundurinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.*

Sieps
ULKOPOLIITTINEN INSTITUUTTI
UTRIKESPOLITISKA INSTITUTET
THE FINNISH INSTITUTE OF INTERNATIONAL AFFAIRS
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

# KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

KORPU OUTLET

# RISAOPNUN

**Í DAG OPNAR STÆRSTI LAGERMARKAÐUR LANDSINS Á KORPUTORGI**

**FÁRÁNLEGT VERÐ OG BILUÐ OPNUNARTILBOÐ** ALLUR FATNAÐUR, KULDAFATNAÐUR OG SKÓR Á FJÖLSKYLDUNA, T-BOLIR Í MIKLU ÚRVALI, HETTUPEYSUR, DVD, HÚSGÖGN, FLEIRA OG FLEIRA.

**NÆG BÍLASTÆÐI FYRIR ALLA**, OPIÐ MÁN.–LAU. 11-18, SUN 12-18, S: 578 9400

DIDRIKSONS1913 ARENA next ZARA Champion LEVI'S SESSIONS

KORPU OUTLET

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 59148 10/10

Umdeild innflytjendalöggjöf samþykkt í neðri deild franska þingsins:

# Ný lög leyfa burtrekstur Rómafólks

**FRAKKLAND** Ný og harðari innflytjendalöggjöf var samþykkt af neðri deild franska þingsins á þriðjudag, en í því felast mörg umdeild ákvæði sem gera stjórnvöldum meðal annars kleift að reka Rómafólk, eða sígauna, úr landi. Meðal annars kveða lögin á um að hægt verði að vísa íbúum annarra ríkja Evrópusambandsins (ESB) úr landinu ef þeir gerast uppvísir að lögbrotum, en það hefur fallið í grýttan jarðveg í Brussel. Framkvæmdastjórn ESB gaf Frakklandi frest til 15. október til að hlýta tilskipun frá árinu 2004 þar sem segir að allir borgarar sambandsins megi ferðast óáreittir milli landa þess.



**REKIN BURT** Rómafólk í tjaldbúðum í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Þá hefur frumvarpið þótt halla verulega á Rómafólk þar sem brottrekstur liggur við þjófnaði, betli og landtöku.

Talið er að forsetinn Nicolas Sarkozy mæli fyrir þessari löggjöf til að höfða til hægrimanna, en vinsældir hans hafa dalað verulega undanfarið.

Eric Besson innflytjendaráðherra hefur blásið á gagnrýnisraddir og segist viss um að löggjöfin marki fyrsta skrefið í smíð nýrrar innflytjendastefnu í Evrópu.

- þj

Eva Joly tekur undir kröfur um að komið verði í veg fyrir kaup Magma á HS Orku:

# Ætti að rannsaka sem sakamál

**ORKUMÁL** „Ef ég væri ríkissaksóknarinn í þessu landi myndi ég hefja sakamálarannsókn á þessu máli,“ sagði Eva Joly, fyrrverandi ráðgjafi embættis sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins, um kaup Magma Energy á HS Orku.

Þetta sagði Joly á fundi með Björk Guðmundsdóttur í Norræna húsinu í gær. Þar tók Joly undir áskorun Bjarkar og annarra til stjórnvalda um að stöðva kaup Magma Energy á HS Orku og láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um orkuauðlindir landsins. Spurð hvers vegna hún vildi að sakamálarannsókn yrði hafin sagði Joly samninginn mjög slæman, og rannsaka ætti hvers vegna hann hefði verið gerður. Hún benti á að óheimilt væri að greiða fyrir kaup á fyrirtæki með fé frá fyrirtækinu sem verið væri að kaupa, en fullyrti þó ekki að það hefði átt sér stað í þessu tilviki. Það og annað ætti að rannsaka ítarlega.

„Það eru nægar ástæður til að hefja slíka rannsókn,“ sagði Joly. Hún fullyrti að einkavæðing á auðlindum landsins myndi skila sér í vasa hluthafa Magma Energy, sem sumir væru óþekkt félög með aðsetur í þekktum skattaskjólum.



**SKULDIR** Eva Joly sýndi fréttamönnum skuldir ríkis og einkaaðila á Íslandi samanborið við önnur lönd OECD. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björk Guðmundsdóttir fagnaði stuðningi Joly við málstaðinn. Hún sagði mikilvægt fyrir forsvarsmenn hópsins að fá alþjóðlegan sérfræðing á borð við Joly til liðs við sig. Tæplega 19.400 höfðu í gær skrifað undir áskorun hópsins á vefnum orkuaudlindir.is.

- bj

Það er kaffitími núna



Fangaðu kaffitímann
með BKI kaffi
Taktu þér kaffitíma núna

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld.

Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði

Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir kaffitímann*
Kíktu á bki.is

15. október
Dagur „Hvíta stafsins“



**Þann 15. október ár hvert er alþjóðlegur dagur Hvíta stafsins. Hvíti stafurinn er eitt mikilvægasta hjálpartæki blindra og sjónskertra. Þennan dag nota blindir og sjónskertir til að vekja athygli á málstað sínum og m.a. til að kynna Hvíta stafinn.**

DAGSKRÁ Á DEGI HVÍTA STAFSINS

Dagskráin hefst kl 13:00 við Kjörgarð, Laugavegi 59, og munu þjóðþekktir einstaklingar ganga með okkur niður Laugaveginn með sjónhermigleraugu. Á leiðinni munu þeir leysa ýmis verkefni. Að göngunni lokinni verður efnt til kaffisamsætis, sem verður í Oddfellowhúsinu, Vonarstræti 10. Þar mun m.a. verða tónlistarflutningur auk þess sem Samfélagslampi Blindrafélagsins verður afhentur.

*Allir velunnarar velkomnir*

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hugtök Markaðsráðgjöf, Okt. 2010

2010 The Year of the LUNG
Live. Learn. Breathe.

14. október 2010

# Andaðu léttar!

Hugsaðu um lungun þín...

## Árið 2010 er ár lungna og 14. október er alþjóðlegur dagur öndunarmælinga

Öndunarmæling hjálpar til við greiningu lungnasjúkdóma og er hún framkvæmd með fráblástursmæli (spirometer) sem til er á öllum heilsugæslustöðvum.

Fráblástursmæling er einföld rannsókn og með henni má til dæmis greina hvort um er að ræða astma eða langvinna lungnateppu.

- **Reykir þú eða hefur þú reykt?**
- **Ertu með þrálátan hósta?**
- **Ertu með slímuppgang frá lungum?**
- **Ertu með áreynslumæði?**

Ef spurningarnar hér að ofan eiga við um þig þá ráðleggjum við þér að fara í öndunarmælingu.

**Boðið verður upp á fría öndunarmælingu í húsakynnum SÍBS, Síðumúla 6, Reykjavík kl. 15:00-17:00 í dag.**

Hjúkrunarfræðingar og læknar verða á staðnum og veita upplýsingar og ráðgjöf. Þú getur einnig haft samband við heilsugæslustöð, farið til lungnalæknis eða ofnæmislæknis og óskað eftir mati á lungnastarfsemi þinni með öndunarmælingu.

Félag íslenskra lungnalækna
Fagdeild lungnahjúkrunarfræðinga í Fíh
Félag íslenskra ofnæmislækna
Félag íslenskra heimilislækna
Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Fíh
Samtök lungnasjúklinga
Astma- og ofnæmisfélagið
Loftfélagið og GlaxoSmithKline



**FORSETINN TÓK Á MÓTI** Sebastian Pinera, forseti Síle, tók á móti fyrstu námamönnunum og faðmaði þá að sér. NORDICPHOTOS/AFP



**TVEGGJA MÁNAÐA AÐSKILNAÐUR** Námumaðurinn Mario Gomez, nýkominn upp úr göngunum, hittir eiginkonu sína eftir 69 daga aðskilnað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Björgunarafrek í eyðimörkinni

**Sannkölluð þjóðhátíðarstemning hefur ríkt í Síle undanfarinn sólarhring þegar hver námumaðurinn á fætur öðrum hefur verið hífður upp úr námugöngum eftir nærri sjötíu daga innilokun. Björgunin gekk eins og í sögu og mönnunum var fagnað eins og þjóðhetjum.**

**SÍLE** Björgun 33 námuverkamanna í Síle hefur gengið eins og í sögu. Fyrsti maðurinn var hífður upp aðfaranótt þriðjudags og í gærkvöld var meirihluti þeirra laus úr prísundinni. Þeir síðustu verða væntanlega komnir upp á yfirborð jarðar fyrir hádegi í dag.

Fyrstur upp á yfirborðið var Florencio Avalos, sem talinn var heilsuhraustastur mannanna. Honum var ákaft fagnað meðan hann faðmaði að sér sjö ára son sinn, eiginkonu sína og loks Sebastian Pineira forseta, sem hefur fylgst grannt með undirbúningi og aðdraganda björgunaraðgerðanna.

Næstur kom Mario Sepulveda, lífsglaður maður sem talar hátt og lætur margt flakka. „Ég tel mig hafa verið ótrúlega heppinn," sagði hann. „Ég var með guði og með djöflinum, og ég valdi guð."

Mönnunum hefur verið tekið eins og þjóðhetjum. Þrautseigja þeirra og samstaða hefur verið lofuð í hástert. Pineira forseti hefur meira að segja sagt þá eiga að vera þjóðinni til fyrirmyndar.

Dvöl þeirra í meira en tvo mánuði í einangrun neðanjarðar hefur þó reynst þeim erfið. Fréttir hafa borist af harkalegum ágreiningi í hópnum og þeir eru sagðir hafa samþykkt að láta ekkert uppi um alvarleg atvik sem áttu sér stað fyrstu vikurnar.

Eftir að mennirnir komu upp á yfirborðið hafa þeir allir verið settir á sjúkrabörur og þeir síðan fluttir stutta leið yfir í sjúkraskýli þar sem heilsufar þeirra er kannað. Þeir hafa síðan hver á fætur öðrum verið lagðir inn á sjúkrahús í Copiapo þar sem betur verður hugað að þeim næstu tvo sólarhringana.

Stjórnvöld hafa heitið því að hugsa vel um mennina í hálft ár að minnsta kosti, og lengur ef einhverjir þeirra þurfa á frekari aðstoð að halda.

Sálfræðingar telja fullvíst að þessi reynsla muni setja mark sitt á líf þeirra það sem eftir er. Mennirnir hafa verið innilokaðir á meira en 700 metra dýpi síðan 5. ágúst þegar námugöngin lokuðust. Enginn vissi hvort þeir væru á lífi fyrr en sautján dögum síðar, þegar þröng hola hafði verið boruð niður til þeirra. Þeim tókst að senda lítinn miða upp á yfirborðið þar sem á stóð, krotað með rauðu bleki: „Við erum hér í afdrepinu í góðu ástandi, allir 33."

Mennirnir höfðu farið inn í afdrep í göngunum til að snæða hádegismat þegar hrunið varð hinn 5. ágúst.

Hægt var að koma til þeirra samskiptabúnaði niður þröngu göngin og síðan var hafist handa við að bora göng sem væru nógu breið til að hægt væri að koma einum manni upp í einu.

Sjálf björgunin hófst rétt fyrir miðnætti á miðvikudag, 69 dögum eftir að þeir lokuðust inni. Fyrst var björgunarmaður sendur niður í hylkinu, sem sérstaklega var hannað til að flytja mennina upp á yfirborðið.

Eftir að fyrsti námumaðurinn var kominn upp fór sjúkraliði niður með hylkinu til að huga betur að heilsufari mannanna áður en þeir væru fluttir upp, og síðan komu þeir einn af öðrum upp á yfirborðið þar sem mannfjöldinn tók á móti þeim.

gudsteinn@frettabladid.is


# Veldu þér Škoda

Komdu við hjá okkur á Klettháls og skoðaðu úrvalið af nýlegum og sparneytnum Škoda bílum. Verðið er sérlega hagstætt og með Bílaábyrgð HEKLU getur þú haft bílinn í ábyrgð þar til hann nær fimm ára aldri.

ŠKODA AUTO




**Škoda Octavia** 1.9 TDi dísil

**Ásett 2.390.000 kr.** – Ekinn 62.000 km.
Skráningardagur 14.05.07. Beinskiptur.



**Škoda Octavia** 2.0 FSi bensín

**Ásett 2.190.000 kr.** – Ekinn 78.000 km.
Skráningardagur 18.12.06. Sjálfskiptur.




**Škoda Octavia** 1.9 TDi dísil

**Ásett 2.490.000 kr.** – Ekinn 69.000 km.
Skráningardagur 29.05.07. Sjálfskiptur.




**Škoda Octavia** 1.9 TDi dísil

**Ásett 2.250.000 kr.** – Ekinn 76.000 km.
Skráningardagur 11.05.07. Beinskiptur.



**Škoda Roomster** 1.6 bensín

**Ásett 1.900.000 kr.** – Ekinn 60.000 km.
Skráningardagur 21.11.07. Beinskiptur.



**Škoda Fabia Combi** 1.2 bensín

**Ásett 1.950.000 kr.** – Ekinn 21.000 km.
Skráningardagur 07.04.08. Beinskiptur.

**HAFÐU HANN Í ÁBYRGÐ** MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Notaðir bílar · Klettháls og Laugavegi 174 · Sími: 590-5040 · Opið virka daga 10–18 og laugardaga 12–16.

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**



STÓRA RÝMINGAR-SALAN 13.-15. okt.

**Ekki missa af þessu. Fyrstur kemur - fyrstur fær!**

# HELLINGS AFSLÁTTUR

## af völdum hellum og steinum á heilum brettum.

Lagersalan stendur yfir **13. - 15. október**
að **Hringhellu 2 í Hafnarfirði.**

ALLT AÐ **40%** AFSLÁTTUR af völdum vörum




**25%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM

CE

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

**STEYPUSTÖÐIN**
STERKARI LAUSNIR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hringhellu 2 | Hrísmýri 8 | Malarhöfða 10 | sími 4 400 400 |
| 221 Hafnarfjörður | 800 Selfoss | 110 Reykjavík | www.steypustodin.is |



# Jólin þín byrja í IKEA

**1.990,-**

**DRÖMMAR** kökuform m/smellu
Ø23cm. Rautt

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**Hangikjöt**
með kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og uppstúf
**895,-**





**ENVIS sleikjur 695,-/2 í setti**
Hvítt/rautt



**MAGASIN kökukefli 695,-**
B43cm. Gegnheilt birki

**SNÖA barnasvunta 695,-**
100% bómull. Hvítt/grátt
*Fæst einnig í hvítu/dökkbláu*





**IDELIG skálar.** Hvítt/rautt
2,5L **1.290,-** 4L **1.790,-**






**SNÖA diskaþurrkur**
**695,-/2 í pk.**
B50×L70cm. Hvítt/grátt
*Fæst einnig í hvítu/bláu*



**TRIPP dósir m/loki**
**1.290,-/3 í setti**
1,6L, 2,6L og 4,8L. Hvítt/rautt



**DRÖMMAR kökumót**
**795,-/6 í setti**
Ryðfrítt stál. Silfurlitað



**BURKEN krukkur m/loki.** Gler
0,5L **495,-** 1,1L **595,-**

IKEA®

Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

FRÉTTASKÝRING: ÁFORM RÍKISSTJÓRNARINNAR UM NÝ LÖG OG BREYTINGAR Á ELDRI LÖGUM

# Farsýsla stofnuð og lög sett um smálán og austurrísku leiðina

**Í 214 mála þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar kennir margra grasa. Efnahags- og viðskiptaráðherra ætlar að leggja fram flest frumvörp á yfirstandandi þingi en forsætisráðherra fæst.**

Úr ranni forsætisráðherra eru væntanleg sjö frumvörp, samkvæmt þingmálaskránni sem lögð var fram samhliða stefnuræðu forsætisráðherra í síðustu viku. Tekið er fram í aðfararorðum að frumvörpunum kunni að fjölga, auk þess sem atvik geti hindrað flutning einstakra frumvarpa.

Meðal þess sem forsætisráðherra ætlar að leggja fram er frumvarp til breytinga á upplýsingalögum. Er markmiðið að rýmka aðgengi almennings að upplýsingum. Þá verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um stefnumörkun fyrir Ísland fram til 2020 og frumvarp um flutning og endurskipulagningu verkefna milli ráðuneyta.

### Sérstakur ræður lögreglumenn

Von er á samtals 32 frumvörpum frá Ögmundi Jónassyni. Átján leggur hann fram sem dóms- og mannréttindaráðherra. Breyta á skipulagi lögregluembætta, lögfesta heimild til að flytja ofbeldismann af heimili sínu, svokallaða austurríska leið, veita sérstökum saksóknara heimild til að ráða lögreglumenn, fjölga dómurum og herða eftirlit með banni við áfengisauglýsingum. Þá ætlar Ögmundur að leggja til að afnumin verði sjálfvirk skráning barna í trúfélög.

Sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hyggst Ögmundur leggja fram fjórtán mál. Meðal annars ætlar hann að setja á fót nýja stofnun; Farsýslu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Í henni á að sameina stjórnsýsluverkefni Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Vegagerðar og Umferðarstofu. Þá á að færa framkvæmdir, rekstur og þjónustu alls samgöngukerfisins undir Vegagerðina.

### Sameining stofnana

Guðbjartur Hannesson ætlar að leggja fram 27 frumvörp úr félags- og tryggingamálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu. Meðal annars ætlar hann að gera Íbúðalánasjóði kleift að bjóða íbúðir sem hann hefur keypt á uppboði til leigu með kauprétti. Þá ætlar hann að leggja til sameiningu landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar annars vegar og Lyfjastofnunar, lyfjagreiðslunefndar og lyfjadeildar Sjúkratrygginga hins vegar.

Á þingmálaskrá fjármálaráðherrans, Steingríms J. Sigfússonar, er 31 mál. Flest snúa þau að skattalagabreytingum. Hækka á olíugjald, kílómetragjald, bensíngjald og sérstakt bensíngjald um fjögur prósent, leggja á sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak sem selt er í komufríhöfn og sérstakt gjald af sölu gistinátta. Eiga tekjur af gjaldinu að renna til verndunar og uppbyggingar fjölsóttra ferðamannastaða, þjóðgarða og friðlýstra svæða. Þá á að framlengja heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar.

### Orkufyrirtæki í opinberri eigu

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ætlar að leggja fram frumvarp um stofnun Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar. Hlutverk hans verður að ráðstafa áðurnefndu sérstöku gistináttagjaldi. Af öðrum fimmtán fyrirhuguðum frumvörpum iðnaðarráðherra má nefna að setja á lög sem tryggja opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarka eignarhald einkaaðila.

Frumvarp um nýja grunnlöggjöf um starfsemi fjölmiðla er væntanlegt úr ranni Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Breyta á lögum um opinbera háskóla og meðal annars færa undir þau starfsemi landbúnaðarháskólanna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ætlar að leggja til breytingar á fiskveiðistjórnuninni, bæði hvað varðar einstaka tegundir og eins heildarendurskoðun kerfisins. Þá ætlar hann að leggja til breytingu á lögum um búnaðargjald, með hliðsjón af forsendum dóms Mannréttindadómstóls Evrópu um iðnaðarmálagjald.

### Náttúruverndarlög endurskoðuð

Helsta frumvarp Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra hlýtur að teljast heildarendurskoðun á lögum um náttúruvernd. Af öðru má nefna frumvarp um umhverfisábyrgð, meðhöndlun úrgangs og stjórn vatnamála.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ætlar einkum að leggja fram frumvörp og þingsályktunartillögur til innleiðingar eða fullgildingar alþjóðasamningum en einnig leggur hann fram tillögu um stefnumótun í öryggis- og varnarmálum og þróunarsamvinnu, svo dæmi séu tekin.

### Lög um smálán

Von er á 33 frumvörpum frá Árna Páli Árnasyni, efnahags- og viðskiptaráðherra. Mörg eru lögð fram vegna bankahrunsins og snúast ýmist um breytingar á fjármálamarkaði eða rétt og stöðu fólks gagnvart fjármálafyrirtækjum.

Að auki má nefna að Árni Páll hyggst beita sér fyrir lagasetningu um starfsemi smálánafyrirtækja. Í frumvarpi þar um verður lagt til að starfsemi þeirra verði leyfisskyld og skýr ákvæði sett um hegðun þeirra á markaði og eftirlit með þeim. Þá vill hann breyta lögum um Seðlabankann, einkum að auka skilvirkni í rekstri hans og skilgreina betur hlutverk hans við að viðhalda fjármálastöðugleika.

Enn fremur er væntanlegt frumvarp til breytingar á lögum um erlenda fjárfestingu. Lýtur það að stjórnsýslulegri meðferð tilkynninga um erlenda fjárfestingu. Þá á að skýra nánar ákvæði er lúta að fjárfestingu í orkumálum.



**RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS** Ráðherrar ætla ekki að sitja auðum höndum í vetur; þeir hafa þegar í hyggju að leggja fram samtals rúmlega tvö hundruð frumvörp og þingsályktunartillögur og eflaust á ýmislegt eftir að bætast við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Eitt og annað úr þingmálaskránni

- Rýmka á aðgengi almennings að opinberum upplýsingum.
- Herða á eftirlit með banni við áfengisauglýsingum.
- Afnema á sjálfvirka skráningu barna í trúfélög.
- Stofna á Farsýslu, stjórnsýslustofnun samgöngumála.
- Sameina á landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.
- Sameina á Lyfjastofnun, lyfjagreiðslunefnd og lyfjadeild Sjúkratrygginga.
- Hækka á olíugjald, kílómetragjald, bensíngjald og sérstakt bensíngjald.
- Tryggja á opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarka eignarhald einkaaðila.
- Ráðast á í heildarendurskoðun á lögum um náttúruvernd.
- Leggja á fram tillögu um stefnumótun í öryggis- og varnarmálum.
- Starfsemi smálánafyrirtækja verður leyfisskyld.
- Skilgreina á betur hlutverk Seðlabankans við að viðhalda fjármálastöðugleika.

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is










## Ævintýrin gerast í Ölpunum!

Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í Ölpunum.

Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk martargerð og skemmtilegur félagsskapur í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

**Hafðu samband og kynntu þér úrval skíðaferða hjá Úrvali Útsýn.**

ÚRVAL·ÚTSÝN

**Skíðaáfangastaðir: Madonna Di Gampiglio (Ítalía), Selva Val Gardena (Ítalía), Davos (Sviss)**

Lágmúli 4 108 Reykjavík // sími: 585 4000 // info@uu.is // www.urvalutsyn.is

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!




9.900 m/vsk
Fullt verð 21.900
IBTGCAI2802
½" TOPPLYKLASETT, 28 STK.
Sterk plasttaska | Stærðir 8 - 32 mm
PIPAR\TBWA • SÍA • 102248
www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

ALLIR GÖNGUSKÓR Á 20% AFSLÆTTI
YFIR 35 GERÐIR



EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

512 50 50
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...


**Útgjöldin**
> Kílóverð á frystum rækjum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### ENGAR ÁHYGGJUR AF DRASLINU



„Ég er fræg fyrir að vera ekki góð húsmóðir, en veit þó hvernig þetta á allt að vera því móðir mín var myndarlegasta kona sem ég hef á ævi minni þekkt," segir Andrea Jónsdóttir útvarpskona. Andrea segir það há sér að hún sé alltaf að koma og fara. „Það húsráð sem mér dettur helst í hug er að fólk ætti ekki að hafa áhyggjur af drasli eða ryki, því það fer ekki neitt," Andrea Jónsdóttir.

# Bresk lyf kosta fjórðung af verðinu hér á landi

**Hjartamagnýl kostar um 800 krónur í smásölu hér á landi. Aspirín, sem inniheldur sömu virku efnin, er fjórum sinnum ódýrara í verslunum Boots á Englandi. Ekki hægt að keppa við Bretlandsmarkað, segir markaðstjóri Actavis.**




**HJARTAMAGNÝL OG ASPIRÍN** Breska aspirínið kostar 1,09 bresk pund í verslunum Boots í London. Hjartamagnýl, sambærilegt lyf í sömu magnpakkningum, kostar um 800 krónur í smásölu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjartamagnýl, 100 stykki af 75 milligramma töflum, er fjórum sinnum dýrara hér á landi en sambærileg lyf á Englandi. Hér á landi kostar hver pakkning um 800 krónur í smásölu og er heildsöluverðið í kringum 540 krónur. Í verslunum Boots á Englandi kostar sama magnpakkning af Aspirin, sem er sambærilegt lyf, 1,09 bresk pund sem jafngildir um 192 íslenskum krónum. Bæði lyfin innihalda sömu virku efnin, asetýlsalisýlsýru og magnesíumhýdroxíð.

Ólöf Þórhallsdóttir, markaðsstjóri Actavis, segir að Boots framleiði lyf í gríðarlegu magni og nái þar með að halda verðinu niðri. Eftirspurnin eftir lyfjunum í Bretlandi sé einnig mun meiri en hér á landi, sökum stærðar markaðarins.

„Hjartamagnýl er bara framleitt fyrir íslenskan markað. Það er dýrt í framleiðslu og álagningin er mjög lítil," segir Ólöf. „Við gerum okkur grein fyrir því að það er hægt að fá sambærileg lyf erlendis fyrir mun minni pening en við ráðum bara ekki við þetta verð á þessu tiltekna lyfi hér á íslenskum markaði."

Rannveig Gunnarsdóttir hjá Lyfjastofnun segir ýmsar ástæður geta verið fyrir því að verðið sé hærra hér á landi.

„Þegar um litlar pakkningar á ódýrum lyfjum er að ræða eru álagningarreglur þannig að afgreiðslugjöld vega þungt þegar lyfin eru ódýr," segir Rannveig. „Hér áður fyrr var ákveðin prósentuálagning leyfð í smásölu, sem þýðir að því dýrara sem lyfið var, þeim mun meira fékk smásalinn fyrir að selja það, en þeim reglum hefur nú verið breytt."

Rannveig bendir einnig á smæð íslenska markaðarins miðað við þann breska og segir afhendingar- og pakkningagjöld hér á landi einnig vega þungt.

Rúna Hauksdóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar, tekur undir orð Rannveigar með ósamræmi á mörkuðum landanna en bætir við að lyfin sem um ræðir, hjartamagnýl og aspirín, séu ekki sambærileg.

„Það er mun minna magn af virkum efnum í hjartamagnýl heldur en í aspirín og styrkleikinn er þar af leiðandi minni," segir Rúna. „Hjartamagnýl er lausasölulyf og verðlagning á þeim er frjáls á Íslandi. Þau lyf sem Lyfjagreiðslunefnd hefur umsjón með eru það ekki og við berum okkur saman við Norðurlöndin, ekki Bretland."

sunna@frettabladid.is

Eftir dapra sölu á nýjum símtækjum í fyrra hefur salan tekið kipp í ár:

# Fólk kaupir miklu dýrari síma

**VIÐSKIPTI** Söluandvirði seldra símtækja hjá Vodafone á Íslandi er 33 prósentum hærra fyrstu níu mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone á Íslandi, segir töluverðar sveiflur milli mánaða. Meštur munur er á sölutölum í ágúst, þegar salan var 55 prósentum meiri en árið á undan og í mars þegar munaði 50 prósentum. Í september segir hann að söluandvirði símtækjanna hafi verið 22 prósentum hærra en í fyrra. „Og það er rétt að taka fram að virðisaukaskatturinn er ekki inni í þessu þannig að hækkun á honum skýrir ekki hluta af þessu," segir Hrannar.

Hluti af skýringunni segir Hrannar að kunni að vera að símatækjasala hafi verið fremur léleg í fyrra og kunni því óvenjumargir símar að hafa verið „komnir á tíma". Það noti fólk líkast til tækifærið þegar að endurnýjun komi og kaupi síma með fjölbreyttari notkunarmöguleika en áður, svo sem síma sem auðvelda netnotkun, eða hafa þægilegt viðmót fyrir tölvupóst og samskiptaforrit á borð við Facebook.

„Almennt er fólk að kaupa miklu flottari tæki en í fyrra því söluverðmæti seldra tæki hefur aukist miklu meira en magnið," segir hann og bendir á að þótt söluverðmætið í ágúst hafi verið 55 prósentum meira en í fyrra hafi ekki selst nema sautján prósentum fleiri símtæki. „Mestu munaði þar um nýja iPhone-símann, sem seldist fyrir tíu milljónir í mánuðinum."

- óká



**SALAN TEKUR KIPP** Upplýsingafulltrúi Vodafone segir fólk almennt kaupa flottari tæki í ár en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Setjum upp kynjagleraugun

# Landssöfnun gegn kynferðisofbeldi

## helgina 15.–16. október 2010

Á föstudag og laugardag selja **Skottur** kynjagleraugun. Ágóðanum verður varið til þess að efla þjónustu við fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi.

Markmið **Skottanna** er að breyta **Stígamótum** í sólarhringsmiðstöð. Auk bættrar ráðgjafarþjónustu verður opnað athvarf fyrir konur sem vilja brjótast út úr vændi og mansali. Jafnframt mun verkefnið **Stígamót á staðinn** verða endurvakið utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyringar styðja **Aflið** og Vestfirðingar **Sólstafi**. Kynjagleraugun verða seld í flestum verslunarkjörnum um land allt.

Skottur

Samstarfsvettvangur íslenskra kvennasamtaka

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL



998 KR. kg

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



898 KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTIR




998 KR. kg

ALI BAYONNESKINKA 1. FLOKKUR




998 KR. kg

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR




998 KR. kg

ALI *ELDUÐ* SPARERIBS/GRÍSARIF










898 KR. kg

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK **NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK** NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK




169 KR. 1 kg

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG.




379 KR. 260g

KNORR LASAGNE PLÖTUR 260g



129 KR. 385g

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g




598 KR. PK

NAUTABORGARAR 4 STK. M/BRAUÐI

NÝTT Í BÓNUS NÝTT Í BÓNUS




398 KR. 500g

KJARNA KÓKOSOLÍA 500g

NÝTT Í BÓNUS NÝTT Í BÓNUS




198 KR. 250g

BERTOLLI VIÐBIT 500g

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL

**398** KR. 12 STK
ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 12 X 60 ml

**498** KR. 8 STK
ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 8 X 120ml

**298** KR. 3 STK
LÚXUS-ÍSPINNAR 3 X 120 ml

# FRÁBÆRT VERÐ Á EUROSHOPPER ÍS

**98** KR. 200g
FRÓN PIPARKÖKUR 200g

**98** KR. 200g
FRÓN HAFRAKEX 200g

**98** KR. 8 stk
EUROSHOPPER BRAUÐ BRAKANDI FERSK
EFTIR AÐEINS 8-10 MÍN Í OFNINUM.

**198** KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK

**298** KR. 380g
MYLLU SKÚFFUKAKA M/SÚKKULAÐIKREMI 380g

**98** KR. 2 stk

25% AFSLÁTTUR

Samlokuostur í sneiðum
frá Osta og smjörsölunni
**Nú með *25%* afslætti**
**1157 kr./kg.**
Merkt verð 1542 kr./kg.

**159** KR. 5 stk
BYGG FLATKÖKUR MEÐ ÍSLENSKU BYGGI FRÁ
ÞORVALDSEYRI ER HOLL OG GÓÐ NÆRING

**259** KR. 300g
GÓÐ KAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300g

**195** KR. 500g
EMMESS GRJÓNAGRAUTUR 500g

**298** KR. 750ml
HARPIC WC HREINSIR 750ml

**698** KR. 12 RÚLLUR
NICKY WC 12 RÚLLUR

**698** KR. 4 x 1.5 ltr
**COKE-KIPPA 4 x 1,5 ltr.**
ALLAR COKE TEGUNDIR

**498** KR. 6 krukkur
COW&GATE BANANA DEGLIGHT BARNAMATUR
**6 KRUKKUR Á VERÐI 3JA**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**20** **MILLJARÐAR KRÓNA** eru heildarútlán Íbúðalánasjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins. Það er tuttugu prósenta samdráttur miðað við sama tíma í fyrra.

Gengi hlutabréfa bandaríska tæknirisans Apple hefur aldrei verið hærra:

## Eitt bréf kostar 33.441 krónur

Gengi hlutabréfa í bandaríska tölvufyrirtækinu Apple fór yfir þrjú hundruð Bandaríkjadali á hlut í fyrstu viðskiptum gærdagsins. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkt gerist. Það jafngildir því að eitt hlutabréf í Apple hafi við upphaf viðskiptadagsins vestanhafs í gær kostað 33.444 íslenskar krónur.

Bandaríska dagblaðið Washington Post bendir á að gengi hlutabréfa hafi hækkað um 43 prósent á árinu. Þá er bent á að í desember árið 2003 hafi gengi hlutabréfanna staðið í tæpum tíu dölum á hlut. Miðað við gengið við upphaf viðskiptadagsins í gær hefur það hækkað þrjátíufalt á tímabilinu.

Washington Post bendir á að helsta ástæðan fyrir velgengni Apple undanfarin ár sé farsæl markaðssetning raftækja á borð við tónhlöðuna iPod, spjaldtölvuna iPad og snjallsímann iPhone. - jab

# Stefnir í metár hjá Actavis

**Claudio Albrecht, forstjóri Actavis, verður stjórnarformaður fyrirtækisins. Fjárhagslegri endurskipulagningu þess er lokið. Breytingar verða á stjórninni.**

Claudio Albrecht, forstjóri Actavis, sest í stól stjórnarformanns eftir fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Breytingar verða jafnframt á stjórn Actavis. Ný stjórn fundar í fyrsta sinn í byrjun næsta árs. Hann verður áfram forstjóri fyrirtækisins.

Fjárhagslegri endurskipulagningu á skuldum Björgólfs Thors Björgólfssonar, fráfarandi stjórnarformanns Actavis, lauk í júlí í sumar. Samhliða því var unnið í málum Actavis.

Samkvæmt uppgjöri Björgólfs sem greint var frá í sumar verður hann áfram hluthafi í Actavis, Play, CCP og Verne Holding. Arður af eignarhlutum í félögunum, sem og verðmæti þeirra verði þeir seldir, munu hins vegar fara upp í skuldir hans við innlenda og erlenda lánardrottna. Í sumar var jafnframt greint frá því að Björgólfur myndi sitja áfram í stjórn Actavis.

Claudio Albrecht, sem settist í forstjórastólinn seint í júní, segir í samtali við Fréttablaðið að mikilvægt hafi verið að endurskipuleggja skuldastöðu Actavis. Þótt núverandi rekstrarár stefni í að verða það besta frá upphafi hafi skuldir verið slíkar að það hefði verið þungur róður að greiða af lánum. Því hafi þurft að laga skuldastöðuna.

Ekki liggur fyrir hvað felst í fjárhagslegri endurskipulagningu Actavis að öðru leyti en því að félagið var endurfjármagnað í sumar. Líklegt er að nánar verði greint frá breytingunni fljótlega.

Fram kom í tilkynningu frá Actavis í júlí að fyrirtækið stefndi að frekari vexti, einkum í Suður-Evrópu, í Japan, Mið-Austurlöndum og í Norður-Afríku. Það myndi leggja áherslu á líftæknilyf, sem væru dýr í þróun og krefðust því sterkrar fjárhagsstöðu. Félagið vinnur nú að áreiðanleikakönnun vegna mögulegra kaupa á 51 prósents hlut í svissneska líftæknifyrirtækinu Biopartners og er gert ráð fyrir að henni ljúki um næstu mánaðamót.

jonab@frettabladid.is



**FORSTJÓRINN** Claudio Albrecht, forstjóri samheitalyfjafyrirtækisins, segir stefna í metafkomu á árinu. Fyrirtækið vinnur að enn einni yfirtökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjölga starfsmönnum hér um 15 prósent

Hjá Actavis starfa rúmlega tíu þúsund manns víða um heim. Þar af voru hér 630 um síðustu áramót. Fyrirtækið hefur á árinu unnið að því að stækka lyfjaverksmiðju sína í Hafnarfirði en við það mun framleiðslugetan hér aukast um helming. Samhliða því var gert ráð fyrir að ráða fimmtíu nýja starfsmenn á árinu. Þeir eru nú rúmlega 700 talsins og er búist við að þeim muni fjölga um í kringum fjörutíu á næstu mánuðum. Það jafngildir tæplega fimmtán prósenta fjölgun starfa. Aðallega hefur starfsfólki fjölgað í pökkunar- og töfludeild, auk þess sem ráðið hefur verið í störf á gæðasviði og á fleiri sviðum í tengslum við stækkunina.




**HÖFUÐSTÖÐVAR ACTAVIS** Rúmlega tíu þúsund manns vinna hjá Actavis. Þar af eru rúmlega sjö hundruð hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


KPMG
cutting through complexity™

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja

Haustráðstefna KPMG
28. október / Grand Hótel

KPMG blæs til haustráðstefnu þar sem fjallað verður um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og er leitað í þekkingar- og reynslubrunn nokkurra áhugaverðra fyrirlesara.

Ráðstefnan byrjar með hádegisverði klukkan tólf og dagskráin hefst formlega klukkan eitt. Ráðstefnugjald er 7.500 kr.

Skráning fer fram á www.kpmg.is



Dagskrá

Fjármálakreppan og aðlögun íslensks efnahagslífs
*Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri*

Fjárhagsleg endurskipulagning – hvernig mætast sjónarmið fyrirtækja og kröfuhafa
*Michael Dance, sérfræðingur í fjárhagslegri endurskipulagningu*

Lífið eftir endurskipulagningu
*Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips*

Reynslusaga af flóknu endurskipulagningarferli
*H. Ágúst Jóhannesson, KPMG*

Eru enn til staðar hindranir í endurskipulagningu og viðreisn fyrirtækja?
*Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands*

Pallborðsumræður
*Stjórnandi: Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital*

Ráðstefnustjóri
*Auður Ósk Þórisdóttir, KPMG*

















27% AFSLÁTTUR

## KALKÚNN
1. FL.

**1.098kr**

ÁÐUR ~~1.498 KR/KG~~




30% AFSLÁTTUR

## LONDONLAMB

**1.469kr**

ÁÐUR ~~2.099 KR/KG~~

### LAMBAHRYGGUR
FERSKUR

**1.299kr**

ÁÐUR ~~1.438 KR/KG~~

24% AFSLÁTTUR

### NAUTAFILLET
M/FITU, FERSKT

**2.399kr**

ÁÐUR ~~3.148 KR/KG~~

ÍSFUGL

### KJÚKLINGA-BRINGUR
BBQ MARINERAÐAR

**1.998kr**

KR/KG

30% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL

### LAMBASALTKJÖT
FERSKT Í LAUSU

**1.049kr**

ÁÐUR ~~1.498 KR/KG~~

30% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL

### KREBENETTUR
Í RASPI

**909kr**

ÁÐUR ~~1.298 KR/KG~~

50% AFSLÁTTUR

### ANANAS
ÁVÖXTUR VIKUNNAR

**148kr**

ÁÐUR ~~295 KR/KG~~

42% AFSLÁTTUR

### BRAUÐSKINKA
NETTÓ

**698kr**

ÁÐUR ~~1.198 KR/KG~~

### KJÚKLINGABRINGUR
900 G

**1.398kr**

KR/PK.

22% AFSLÁTTUR

### HVERSDAGSÍS
SÚKKULAÐI

**329kr**

ÁÐUR ~~419 KR/STK.~~

29% AFSLÁTTUR

### LATABÆJARVATN
310 ML

**99kr**

ÁÐUR ~~139 KR/STK.~~

11% AFSLÁTTUR

### HVERSDAGSÍS
VANILLU

**329kr**

ÁÐUR ~~369 KR/STK.~~

32% AFSLÁTTUR

### HAFRAKEX
400 G

**99kr**

ÁÐUR ~~145 KR/PK.~~

X-TRA

299 KR/PK.

498 KR/PK.

179 KR/STK.

199 KR/STK.

389 KR/PK.

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

## GILDIR 14. - 17. OKTÓBER

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

## NÝTT KORTATÍMABIL

**nettó**

*Ódýrt fyrir heimilið!*

markhonnun.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin leikur skrýtið leikrit þar sem látið er eins og almenn skuldalækkun sé möguleiki.

## Falskar vonir

Einhverra hluta vegna hafa hugmyndir um almenna skuldaniðurfellingu skotið upp kollinum á ný, meira en ári eftir að þær voru slegnar af og taldar óraunhæfar. Ríkisstjórnin leikur nú eitthvert skrýtið leikrit með stjórnarandstöðunni og hagsmunasamtökum, þar sem látið er eins og það komi til greina að færa niður skuldir fólks um 18%. Ekkert vit er í þeirri leið, eins og raunar er margbúið að færa rök fyrir, en staðfestist enn frekar með þeim upplýsingum, sem bætzt hafa við að undanförnu.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Almenn skuldaniðurfelling myndi koma þeim bezt, sem þurfa sízt á henni að halda, þ.e. fólki sem tók hæstu lánin og skuldar mikið en hefur háar tekjur og á jafnvel miklar eignir á móti og getur vel staðið undir afborgunum af lánunum sínum. Aðgerðin nýttist ekki þeim sem verst standa, því að þótt 18% yrðu slegin af láninu, myndi greiðslubyrðin af húsnæðisláni til áratuga ekki léttast svo mikið að það skipti sköpum fyrir þá verst settu.

Frá upphafi hefur verið bent á að leið flatrar skuldaniðurfellingar yrði gríðarlega dýr – og það er alltaf einhver sem borgar það verð. Talið er að 18% lækkun kosti á bilinu 220-230 milljarða króna. Þann kostnað mun almenningur (fólkið sem átti að hjálpa með skuldaniðurfellingunni) greiða sjálfur, með einum eða öðrum hætti. Rökin um að búið sé að gera ráð fyrir afskriftum í efnahagsreikningi bankanna halda ekki. Af hverju ættu kröfuhafar að fallast á að gefa eftir skuldir, sem allar líkur eru á að innheimtist að óbreyttu? Skattgreiðendur yrðu væntanlega að bæta bönkunum tjónið.

Íbúðalánasjóður getur heldur ekki staðið undir afskriftum lána og færi lóðbeint á hausinn, nema skattgreiðendur hlypu undir bagga og/eða lánveitendur sjóðsins, lífeyrissjóðir og bankar, felldu niður skuldir sjóðsins. Það kæmi svo aftur í bakið á skattgreiðendum og lífeyrisþegum.

Niðurstaðan af almennri skuldaniðurfellingu væri með öðrum orðum bæði óréttlát (af því að fólk sem þyrfti ekki á því að halda fengi milljónir slegnar af lánunum sínum) og leiddi til skattahækkana eða enn meiri niðurskurðar á ríkisútgjöldum. Nóg er nú samt.

Skuldavandinn er vissulega fyrir hendi. Allir skulda meira en þeir gerðu og bera þyngri greiðslubyrði. En meirihlutinn ræður við það. Hinn raunverulegi vandi er afmarkaður við minnihluta heimilanna í landinu. Í gær birtust tölur um að 20% heimila skulda meira en sem nemur fasteignamati eignarinnar. Samtals skuldar fimmtungur heimila nærri helming af veðtryggðum skuldum. Þetta eru heimilin, sem eru verst sett og stjórnvöld eiga að einbeita sér að því að finna lausnir á vanda þeirra. Mörg úrræði eru þegar í boði, en það einkennilega er að samkvæmt könnun umboðsmanns skuldara hefur stór hluti þeirra allra verst settu, sem eru að fara að missa eignir sínar á nauðungaruppboð, ekki nýtt sér nein þeirra. Kannski er það vegna þess að fólk vonar enn að skuldir þess verði strikaðar út með einföldu pennastriki.

Ríkisstjórnin á alls ekki að ýta undir falsvonir fólks um almenna skuldaniðurfellingu. Menn eiga að einbeita sér að vanda þeirra sem þurfa raunverulega á hjálp að halda og fella tjaldið á þetta leikrit í Þjóðmenningarhúsinu.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### ESB-andstaðan sameiginleg

Líkt og greint var frá á þessum stað í gær hefur Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ráðið Bjarna Harðarson í starf upplýsingafulltrúa ráðuneytisins. 28 aðrir sóttu um starfið, sem ráðið er í tímabundið. Eins og við er að búast var reynsla umsækjendanna misjöfn en Bjarni er bóksali og fyrrverandi alþingismaður, ritstjóri og blaðamaður. Auk þess að hafa setið á þingi hefur Bjarni það fram yfir aðra umsækjendur að vera í stjórn Heimssýnar, sem er félagsskapur fólks sem er andvígt aðild Íslands að Evrópusambandinu. Skoðanir þeirra Jóns og Bjarna á þeim málum fara því saman. Það hefur líklega ekki spillt fyrir möguleikum Bjarna á að hreppa hnossið.



### Spurt

Fyrirspurnir sem þingmenn beina til ráðherra eru af misjöfnum toga og gæðum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir vill vita hvort menntamálaráðherra hafi upplýsingar um hvort og þá hvernig fjölmiðlar hafa brugðist við umfjöllun og athugasemdum rannsóknarnefndar Alþingis um starfsemi fjölmiðla. Gunnar Bragi Sveinsson vill hins vegar vita hvað áætlað sé að margir missi vinnuna á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni nái niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Svara við báðum spurningunum er að vænta innan fárra daga eða vikna.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Atvinnulífi til aðstoðar


Atvinnulífið



Magnús Orri Schram

alþingismaður


Þúsundir smárra og meðalstórra fyrirtækja eru enn of skuldsett og treysta sér sökum þessa ekki í fjárfestingar eða nýráðningar starfsfólks. Það er sameiginlegt verkefni banka og stjórnvalda að brjótast úr þessari kyrrstöðu. Forsenda hagvaxtar í landinu er endurskipulagning þessara fyrirtækja.

Bankarnir hafa boðið fyrirtækjum ýmsar lausnir en betur má ef duga skal. Mikilvægt er að fyrirtækin verði ekki skilin eftir of skuldsett og þurfi að 1-3 árum liðnum að semja við bankana á nýjan leik. Því hlýtur krafan að vera sú að greiðslugeta fyrirtækjanna ráði skuldsetningu þeirra og að eigendur þeirra hafi hvata til þess að endurheimta fyrri eignarstöðu, með eiginfjár- eða vinnuframlagi. Þá eiga bankarnir að gefa eftir skuldir komi eigendur með nýtt eigið fé.

Þrátt fyrir óvissu tengda gengisbundnum lánum eiga forsvarsmenn fyrirtækja að flýta endurskipulagningu því bankarnir hafa lagt á það áherslu að viðskiptavinir muni ætíð njóta betri réttar ef t.d. dómar í gengistryggðum lánum færi fyrirtækjunum betri stöðu en fæst með núverandi endurskipulagningu. Fyrirtækin og bankarnir hafa þannig allar forsendur til að hraða þessari vinnu, með það að markmiði að fyrirtækin geti staðið traustum fótum án þess að vera of skuldsett.

Alþingi getur einnig lagt hönd á plóg. Undirritaður hefur lagt til að efnahags- og skattanefnd þingsins hafi forgöngu um lagasetningu til að setja inn skattalega hvata sem hvetji fyrirtæki til fjárfestinga hið fyrsta. Fyrirtækin geti þannig gert ráð

> Bankarnir hafa boðið fyrirtækjum ýmsar lausnir en betur má ef duga skal. Mikilvægt er að fyrirtækin verði ekki skilin eftir of skuldsett og þurfi að 1-3 árum liðnum að semja við bankana á nýjan leik.

fyrir afslætti á skattgreiðslum framtíðar ef þau t.d. ráða nýja starfsmenn eða fjárfesta í vélum eða húsnæði strax á þessu eða næsta ári. Hins vegar eigi ekki að koma til kostnaðar fyrir ríkissjóð fyrr en þegar betur árar eða eftir 1-2 ár. Hröð endurskipulagning skuldsettra fyrirtækja og skattalegir hvatar til fjárfestinga og nýráðninga munu hjálpa til við endurreisn atvinnulífsins.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Byrjum með hreint borð



Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Stjórnarskráin frá 17. júní 1944 er í meginatriðum samhljóða dönsku stjórnarskránni. Stjórnarskránni verður því ekki með góðu móti kennt um hrunið, ekki hrundi Danmörk. Reynslan virðist þó sýna, að Íslendingar geti þurft strangari stjórnarskrá en Danir. Eftir á að hyggja hefði stjórnarskráin þurft að girða fyrir langan aðdraganda hrunsins. Því þarf nú að skerpa ákvæði stjórnarskrárinnar um vald forseta Íslands, úr því að valdheimildir hans samkvæmt stjórnarskránni eins og hún er dugðu ekki til.

### Valdmörk og mótvægi

Valdi forsetans er ætlað að treysta valdmörk og mótvægi framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds í samræmi við hugmyndina um þrískiptingu valds innan ramma þingræðisins. Málskotsréttur forsetans er að vísu skýr, en hann þarf að rýmka, svo að forsetinn geti vísað til þjóðaratkvæðis ekki aðeins frumvörpum, sem þingið samþykkir, svo sem nú er hægt, heldur einnig frumvörpum, sem þingið hafnar. Það væri nýjung. Forsetinn gæti þá vísað lagafrumvörpum utanþingsstjórnar til þjóðaratkvæðagreiðslu fram hjá þinginu. Tilskilinn hluti kjósenda þarf einnig að geta vísað lagafrumvörpum til þjóðaratkvæðis. Trausti rúið Alþingi gæti þá ekki staðið í vegi fyrir framgangi mála vinsællar utanþingsstjórnar. Með því móti væri girt frekar fyrir getu Alþingis til að ganga gegn vilja fólksins í landinu. Ég tek undir með Ólafi Jóhannessyni fyrrum forsætisráðherra, að setja þurfi sérstakt ákvæði í stjórnarskrána um rétt forseta til að mynda utanþingsstjórn, takist Alþingi ekki að mynda starfhæfa stjórn. Ég tel einnig koma til greina að veita forsetanum vald til að skipa ríkisstjórn, svo að utanþingsstjórn að bandarískri og franskri fyrirmynd yrði reglan, ekki undantekningin, svo sem Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra og Vilmundur Gylfason alþingismaður lögðu til fyrir löngu. Ýmsar útfærslur á sjónarmiðum þeirra koma til álita.

> Þjóðin þarf að byrja upp á nýtt með því að binda gagngerar breytingar á stjórnskipaninni í stjórnarskrá og nota tækifærið til að senda umheiminum skýr skilaboð um nýtt upphaf og nýja siði.

Ýmis önnur ný ákvæði þarf í ljósi reynslunnar að setja í nýja stjórnarskrá, þar á meðal ákvæði til að skerða veldi stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka líkt og Ólafur Jóhannesson mælti fyrir til að koma í veg fyrir „ofbeldi einstaklinga og félagsheilda“. Þá þarf ýtarlegri ákvæði um eignarrétt, þar á meðal eignarrétt yfir auðlindum, og lögvernd hans, þannig að „einstakir menn auðgist ekki óhæfilega fyrir beinar aðgerðir hins opinbera“, svo að ég vitni enn í Ólaf. Kjördæmaskipaninni þarf að breyta, svo að landið verði eitt kjördæmi, þingmenn ekki fleiri en til dæmis 21 eða 35 og ráðherrar ekki fleiri en sjö eða átta og sitji ekki á þingi.

### ESB og stjórnarskráin

Andstæðingar aðildar Íslands að Evrópusambandinu líta margir svo á, að stjórnarskráin leyfi ekki inngöngu Íslands í ESB. Ég hef hér í blaðinu fært lagaleg rök að því, að stjórnarskráin standi ekki í vegi fyrir aðild að ESB, þar eð samþykkt Alþingis myndi duga, en rétt væri þó að bera málið undir bindandi þjóðaratkvæði. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu 1994 fól í reynd í sér umfangsmeira afsal valdheimilda en aðild að ESB myndi fela í sér nú til viðbótar, þar eð skrefið, sem þá var stigið, var stærra. Í lagalegu tilliti er aðild að ESB þó í eðli sínu ólík aðild að EES. Aðild að ESB þýðir, að stofnanir ESB fá lagasetningarvald á Íslandi og dómstóll ESB fær bindandi dómsvald, en hvorugu er til að dreifa innan EES. Hvort tveggja yrði að minni hyggju Íslandi til framdráttar líkt og öðrum aðildarlöndum. Margir lögfræðingar og allir stjórnmálaflokkar landsins líta þó svo á, að eðlismunurinn á ESB og EES kalli á stjórnarskrárbreytingu. Sú staðreynd knýr ásamt þeim atriðum, sem reifuð voru að framan, á um nýja stjórnarskrá.

### Hreint borð

Þörfin fyrir nýja stjórnarskrá í hrundu landi helgast öðrum þræði af nauðsyn þess að byrja upp á nýtt, frá grunni, með hreint borð. Stjórnmálastéttin kallaði hrunið yfir landið ásamt meðreiðarsveinum sínum í bönkum og útrásarfyrirtækjum eins og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis lýsir glöggt. Þjóðin þarf að byrja upp á nýtt með því að binda gagngerar breytingar á stjórnskipaninni í stjórnarskrá og nota tækifærið til að senda umheiminum skýr skilaboð um nýtt upphaf og nýja siði. Aðrar þjóðir hafa sett sér nýjar stjórnarskrár við mikilvæg tímamót í sögu sinni. Þjóðverjar settu sér nýja stjórnarskrá eftir heimsstyrjöldina síðari. Suður-Afríkumenn settu sér nýja stjórnarskrá við valdatöku svarta meiri hlutans eftir hrun aðskilnaðarstjórnarinnar 1994. Þessar tvær stjórnarskrár geta ásamt öðrum reynzt góðar fyrirmyndir. Mannréttindakaflar beggja skjala eru skínandi góðir. Stjórnlagaþingi er ætlað að endurskoða stjórnarskrána eða semja nýja í beinu umboði þjóðarinnar og án atbeina stjórnmálaflokkanna. Til að vinna að framgangi þeirra hugmynda, sem ég hef lýst hér að framan, hef ég ákveðið að bjóða mig fram til stjórnlagaþingsins.

AF NETINU

## Svikamyllan



Svikamylla ársins 2010 hlýtur að vera fundin.

Baldvin Jónsson, varaþingmaður Hreyfingarinnar, segist hafa verið plataður til að styðja frumvarp um að sturta peningum í hafnargerðina í Helguvík. Svo er að sjá að hann hafi ekki áttað sig á því að framkvæmdirnar stæðu í sambandi við álversdraumana á staðnum.

Annað hvort er Baldvin mesti hrekkleysinginn á löggjafarsamkomunni eða sá sem plataði hann til að skrifa undir klókasti svikahrappur þingsögunnar.

kaninka.net/stefan

**Stefán Pálsson**

## Gullkálfur berst í bökkum



Enginn vafi er á því að Iceland Airwaves er gríðarleg búbót fyrir ferðaþjónustu í landinu utan háannatíma. Hátíðin er gríðarlega vítamínssprauta fyrir ferðamannaiðnaðinn yfir vetrarmánuðina. Hins vegar er hinn bitri veruleiki sá að þessi hátíð sem veltir vel á annan milljarð króna árlega hefur ekki bolmagn til að borga laun eins einasta starfsmanns í fullu starfi, en örfáir lágt launaðir starfsmenn í hlutastarfi vinna að undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar. Rekstur hátíðarinnar er í járnum og því óvíst hvort hátíðin verður haldin á næsta ári, nema til komi viðhorfsbreyting stjórnvalda til þessa mikilvæga viðburðar.

http://www.pressan.is/pressupennar/Skuli_Helgason

**Skúli Helgason**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Fólk án atvinnu fær frystingu á húsnæðislánum

Komdu og ræddu við ráðgjafa í næsta útibúi Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Háskólar í mótun II

Menntamál

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Þegar fjárveitingar til háskóla eru skoðaðar skiptast þær í grófum dráttum í fjárveitingar til kennslu og rannsókna. Kennsluframlög miðast annars vegar við fjölda nemenda sem sækir í viðkomandi námsgrein og hins vegar við þann kostnað sem áætlaður er við hvern nemanda. Eðlilegt er að reyna að stýra fjárveitingum með einhverjum slíkum hætti en hins vegar er ljóst að fámennar greinar eiga undir högg að sækja í slíku líkani. Það getur haft áhrif á fjölbreytni í háskólastarfi, sem getur rýrt gæði skólastarfsins. Þó að fjöldinn sæki í einhverjar greinar umfram aðrar hlýtur það að vera markmið menntamálayfirvalda að halda uppi ákveðinni fjölbreytni. Þessi sjónarmið þarf að hafa í huga, ekki síst á niðurskurðartímum þegar mjög þrengir að kennslu- og rannsóknastarfi. Í þessum efnum skiptir mestu máli að hafa akademísk sjónarmið að leiðarljósi og tryggja um leið ákveðna fjölbreytni innan háskólasamfélags.

### Lýðræði í háskólum

Síðastliðið haust ákváðu stjórnendur HR að loka kennslu- og lýðheilsudeild við skólann. Inga Dóra Sigfúsdóttir, fyrrverandi prófessor við skólann, hefur kvartað yfir því í blaðaviðtali að ég sem ráðherra hafi ekki beitt mér gegn þessari ákvörðun.

Það er alveg ljóst að ráðherrar geta ekki beitt handafli gegn ákvörðunum sem teknar eru af stjórnendum háskóla enda væri slíkt ráðherraræði ólýðræðislegt og beinlínis ógn við akademískt frelsi. Enginn vill snúa aftur til þess kerfis þegar prófessorar voru persónulega skipaðir af ráðherrum – eða því vil ég að minnsta kosti trúa. Spurningar hafa hins vegar vaknað hvort ekki þurfi að rýna alla löggjöf um háskóla með það að leiðarljósi að tryggja lýðræðislegt stjórnskipulag háskóla þar sem bæði nemendur og kennarar taka þátt í umræðum og ákvörðunum þegar afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar. Sem dæmi má nefna að í lögum um háskóla frá 2006 er ekki gert ráð fyrir neinum fulltrúa úr háskólasamfélagi viðkomandi skóla til setu í háskólaráði. Ekki er tilgreint hversu langur skipunartími skuli vera í háskólaráði eða hver sé hlutverkamunur háskólaráðs og háskólafundar. Hins vegar er tekið fram að háskólaráð ákveði nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafundar og tryggja þurfi að starfsfólk skólans komi að háskólafundunum. Því má segja að vald og vægi háskólafundar sé mismunandi, allt eftir vilja viðkomandi háskólaráðs.

> Það er alveg ljóst að ráðherrar geta ekki beitt handafli gegn ákvörðunum sem teknar eru af stjórnendum háskóla, enda væri slíkt ráðherraræði ólýðræðislegt og beinlínis ógn við akademískt frelsi. Enginn vill snúa aftur til þess kerfis þegar prófessorar voru persónulega skipaðir af ráðherrum – eða því vil ég að minnsta kosti trúa.

### Hlutlægni og akademískt frelsi

Síðustu ár hefur verið sterk krafa um aukin tengsl háskóla við atvinnulífið. Í rannsóknarskýrslu Alþingis eru þessi tengsl skoðuð í gagnrýnu ljósi. Þar kemur fram að mörk milli fyrirtækja og viðskiptalífs við háskóla og rannsóknarstofnanir hafi verið orðin óljós. Í skýrslunni eru tekin dæmi um óheilbrigð áhrif þessara tengsla á þekkingarsköpun og kennslu. Í skýrslu þingmannanefndar segir: „Hvetja þarf háskólamenn af ólíkum fræðasviðum til að taka þátt í opinberri umræðu og styrkja með því tengsl fræðasamfélagsins, atvinnulífsins og hins almenna borgara.“ Ljóst er að skýrar þarf að kveða á í lögum um hvernig beri að skilgreina og verja grunnskyldur fræðimanna, þar á meðal akademískt frelsi og samfélagslega ábyrgð. Eins þarf að huga betur að því hvernig megi tryggja sjálfstæði háskólanna gagnvart auknum fjárhagslegum hagsmunum. Skapa þarf skýrari umgjörð um þessa þætti í lögum um háskóla. Við megum nefnilega aldrei gleyma samfélagslegum skyldum skóla – að stuðla að almennum framförum samfélagsins sem einmitt hefur verið ein af meginröksemdum fyrir stofnun háskóla.

AF NETINU

### Rústum kjördæmakerfinu!

Við eigum annars að hætta þessu eilífa karpi um höfuðborg og landsbyggð. Hvert byggt ból hefur sína kosti og sína ókosti – og við jafnaðarmenn teljum að innan vissra marka eigi að ríkja jafnræði um allt land um aðgang að grunnþjónustu. Til þess er sjálfsagt að við leggjum ýmislegt á okkur.



Á þeim örlagatímum sem við lifum nú í landinu gengur hinsvegar ekki að setja enn einusinni af stað þennan kunnuglega væl þar sem breitt er yfir innri mistök, mótsagnir og óstjórn með sameiginlegu bauli á allt og alla „fyrir sunnan“. Og svo kveikt í rakettunum sem ganga undir nafninu þingmenn landsbyggðarinnar og ráða úrslitum á alþingi óháð almannahag – sem oftast fer hinsvegar saman við hagsmuni þeirra rúmlega sex af hverjum tíu Íslendingum sem sagan og forlögin hafa valið bústað í Reykjavík og stórnágrenni.

Rústum fjárlögunum! hrópaði hetjan mikla úr fjárlaganefnd hrunsins. Það verður nú ekki, háttvirtur þingmaður Kristján Þór Júlíusson. Þau eru okkur lífsnauðsynleg nokkurnveginn einsog þau eru nú, og ekki síður næstu kynslóðum syðra og nyrðra. En kannski væri það skynsamleg hagræðing að rústa kjördæmakerfinu?

blog.eyjan.is/mordur

Mörður Árnason









# Skjaldborgarríkisstjórnin og eggjamennirnir

Efnahagsmál

Jón Hjaltason
sagnfræðingur

Ráðherrarnir okkar eru furðulostnir yfir eggjum og skítkasti er þeir verða fyrir nú um stundir. Og það þrátt fyrir skjaldborgina sem þeir hafa slegið um heimilin. Í sömu andrá véla þeir með ráðherrastóla eins og um lífið sjálft sé að tefla, makka um réttarhald yfir fyrrverandi forsætisráðherra, gera sitt besta til að ógilda gerða samninga við erlenda fjárfesta og kappkosta að telja okkur trú um að svokölluð „tilskipun um innstæðutryggingu nr. 94/19/EB“ geri okkur skylt að greiða Icesave.

Það er kannski dæmigert fyrir skynsemina í störfum núverandi ríkisstjórnar að þessi tilskipun um innstæðutryggingar leggur engar slíkar skyldur á herðar íslensku þjóðinni, þvert á móti bannar hún stjórnvöldum að axla þannig ábyrgð fyrir hönd lánastofnana.

Svo hlýðum við á hámenntaðan hagfræðiprófessor segja skjaldborgina eiginlega aðeins vera fyrir fólk sem eigi peninga!

Allt er á sömu bókina lært.

Þetta, og fleira, hefur verið margtuggið en samt þykjast ráðherrarnir enn ekki skilja. Og undrast eggjakastið. Þeim þykir ekkert óeðlilegt að fitla við laun fólks til lækkunar en dettur ekki í hug eitt augnablik að eiga við vísitölur. Þær eru helgur dómur. Jafnvel þegar þeir hækka brennivín trekk í trekk flögrar ekki að þeim að aftengja slíkar hækkanir og lán fólks. Nei, skuldugir skulu gjalda. Líka froðupeningana sem urðu til í hruninu en voru aldrei annað en tölur á pappír. Að vísu setti einhver manndjöfull hornin í þann pakka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hugsið ykkur; núverandi skjaldborgar-ríkisstjórn hefur ætíð barist gegn því með kjafti og klóm að hrun-byrðunum væri jafnað í einhverju hlutfalli á milli skuldareigenda og skuldara. Það hefur verið skýlaus stefna núverandi valdhafa að skuldarar greiddu að fullu froðupeningana sem urðu til í hruninu.

Hvað gerðist svo þegar dómur féll í undirrétti – um bílalánin – og var óhagstæður peningavaldinu. Hverjir létu þá í sér heyra fyrstir manna? Jú, ráðherrarnir. Sömu menn og eru, að eigin sögn, búnir að slá skjaldborg um heimilin. Fögnuðu þeir niðurstöðunni? Nei, ekki aldeilis, þeir kröfðust hagstæðari kjara til handa lánafyrirtækjunum en samningar kváðu á um. Fyrirtækin verða að fá hærri vexti, já, seðlabankavexti á lánin, annað gengur ekki, predikuðu ráðherrarnir.

Af hverju? Jú, forsendurnar brustu. Lánin reyndust ólögleg (sem ráðherrarnir reyndar vissu löngu áður en málið kom fyrir dómstóla en kusu að gera – ekkert – og vörpuðu öndinni töluvert léttar við dóm hæstaréttar).

Nú spyrja eggjakastararnir þessa sömu ráðherra: Hvernig má það vera að forsendubrestur virkar aðeins í aðra áttina? Ólögleg lán og lánveitandanum skal bættur skaðinn. Hrun hagkerfis og byrðarnar lagðar óskiptar á skuldugan almenning.

# 18. október

Stjórnlagaþing

Guðrún Pétursdóttir
formaður stjórnlaganefndar

Kosningar til fyrirhugaðs stjórnlagaþings verða einstakar því að Alþingi hefur framselt til þjóðarinnar valdið til að eiga frumkvæði að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í stað þess að Alþingi skipi menn úr sínum röðum til verksins er þjóðinni falið að kjósa til þess sérstakt þing. Allir sem eru kjörgengir til Alþingis mega bjóða sig fram (nema fáeinir tilgreindir aðilar eins og forsetinn), án tillits til flokka, hagsmuna eða kjördæma. Landið verður eitt kjördæmi og allir hafa jafnan atkvæðarétt. Hvenær í sögu okkar hefur þetta gerst? Svarið er einfalt: Aldrei!

Stjórnlagaþingið mun semja frumvarp að nýjum stjórnarskipunarlögum – eða stjórnarskrá – sem lagt verður fyrir Alþingi til meðferðar og samþykktar. Margir hafa hnotið um þessa staðreynd og haft á orði að óþarft sé að Alþingi sé að skipta sér af þessu. Því er til að svara að sú stjórnarskrá sem nú er í gildi kveður skýrt á um hvernig breyta megi stjórnarskránni. Það má aðeins gera með því að Alþingi samþykki breytingarnar tvisvar sinnum og kosningar séu haldnar á milli. Af þessu ákvæði erum við bundin. Hvernig þessu verður háttað í nýju stjórnarskránni er annað mál.

Því meiri eindrægni sem ríkir á stjórnlagaþingi, þeim mun sterkari verður staða frumvarpsins sem það leggur fram og meiri líkur á að Alþingi taki það til meðferðar með litlum eða engum breytingum. Það skiptir höfuðmáli að stjórnlagaþing verði vel skipað. Stuðlum að því og hvetjum gott fólk til að bjóða sig fram.

Mig langar enn fremur að vekja athygli á því að framboðsfrestur til stjórnlagaþings rennur út á hádegi 18. október 2010. Þá þurfa frambjóðendur að hafa sent til landskjörstjórnar gögn um framboð sitt: framboðsyfirlýsingu, kynningarefni ásamt mynd, og lista með nöfnum a.m.k. 30 meðmælenda. Munum að hvert okkar má aðeins mæla með einum frambjóðanda.

Tveir vottar þurfa að staðfesta undirskrift meðmælandans, eins og oft er á opinberum skjölum. Sömu menn mega votta undirskrift margra meðmælenda – og meðmælendur mega sjálfir vera vottar hjá öðrum frambjóðendum.

Upplýsingar um kosningarnar og skjölin sem þarf að fylla út má finna á vefsíðunni www.kosning.is

Hafi menn ekki aðgang að tölvu og neti má hafa samband við skrifstofu stjórnlagaþings í síma 422-4400.

bmvalla.is




Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn
- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið



Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

BM·VALLÁ

argus 10-0513-3

# Forgangsröðun háskólanáms á villigötum


Menntamál

**Gunnar Guðni Tómasson**
forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík



**Sigurður Magnús Garðarsson**
forseti umhverfis- og byggingarverkfræðideildar Háskóla Íslands




Í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir 2011 eru framlög til háskóla skorin verulega niður eins og á við um flesta aðra málaflokka í ríkisfjármálum. Um ástæður þess þarf ekki að fjölyrða og er niðurskurður hjá hinu opinbera óumflýjanlegur. Til að slíkar aðgerðir skili árangri er forgangsröðun lykilatriði og því vekur forgangsröðun niðurskurðar til kennslu á háskólastigi furðu og er ekki til þess fallin að efla íslenskt atvinnulíf til framtíðar. Á tímum þegar nauðsynlegt er að efla nýsköpun og byggja upp framleiðsludrifið þjóðfélag og lífskjör sambærileg við þau sem eru í nágrannalöndum okkar kjósa stjórnvöld að skera tækni- og raunvísindanám mest niður af öllu háskólanámi eins og sést á meðfylgjandi mynd, sem sýnir breytingu á framlögum ríkisins til háskóla fyrir hvern ársnemanda (nemandi í fullu námi í eitt ár) milli áranna 2010 og 2011.

Öflugt tækninám á háskólastigi er nauðsynleg undirstaða sterkrar tækniþekkingar í atvinnulífinu og sterk tengsl eru milli tækniþekkingar og efnahagslegrar velgengni þjóða. Undanfarna mánuði hefur atvinnulífið kallað eftir því að framhalds- og háskólar efli tæknimenntun og skili nægilegum fjölda vel menntaðs og öflugs tæknifólks út í þjóðfélagið til að taka þátt í uppbyggingu þekkingariðnaðar hér á landi á næstu misserum. Í alþjóðlegum samanburði hefur Ísland verið aftarlega á merinni hvað varðar hlutfall ungs fólks sem menntað er í tækni og raunvísindum en þó hefur tækninám verið að eflast hér á landi á undanförnum árum. Með þessari stefnubreytingu er því miður horfið af þeirri braut.

> Tækninám hér á landi hefur verið gott og íslenskir nemendur hafa staðið sig vel í námi og starfi í öðrum löndum. Með minnkandi fjárveitingum verður þó æ erfiðara að viðhalda þessum árangri.

### Samanburður við háskóla á Norðurlöndum

Fjármögnun háskóla á Íslandi er byggð upp með sama sniði og í Danmörku og Svíþjóð, þ.e. að greitt er fyrir ársnemendur með mismunandi verðflokkum eftir námsgreinum, en þar að auki fá háskólarnir bein framlög til rannsókna. Þegar borin eru saman fjárlagafrumvörp landanna fyrir árið 2011 sést að eftir þessa stefnubreytingu íslenskra stjórnvalda er munurinn á framlögum til kennslu milli landanna mestur í tækni- og raunvísindanámi, þar sem íslenskir háskólar fá aðeins um 46% af þeim framlögum sem háskólar í Danmörku fá og 61% af þeim framlögum sem háskólar í Svíþjóð fá. Það er því ljóst að íslensk stjórnvöld eru á rangri leið í þessum málum.

Í fjárlagafrumvörpum þjóðanna má einnig sjá að fjárframlög til einstakra háskóla eru sláandi hærri á Norðurlöndum en á Íslandi. Þar má t.d. nefna að KTH- og Umeåháskólar í Svíþjóð og Álaborgarháskóli í Danmörku (allt skólar með sterkt tækninám) fá tvöfalt til þrefalt hærri fjárframlög fyrir hvern nemanda en íslenskir háskólar á tæknisviðinu. Einnig má nefna að danski tækniháskólinn, DTU, fær um sjöfalt hærri fjárframlög sem skýrist af mjög hárri rannsóknafjárveitingu, en þar standa íslenskir háskólar mjög höllum fæti. Almennt má segja að fjárveitingar þessara skóla til rannsókna séu sambærilegar við fjárveitingar til kennslu, en fyrir íslenska skóla eru fjárveitingar til rannsókna um eða innan við 50% af fjárveitingum til kennslu, sem er of lágt til að halda úti öflugu rannsóknarstarfi til langs tíma.




### Lífskjör til framtíðar

Í íslenskum háskólum er unnið gott starf á fjölmörgum sviðum. Tækninám hér á landi hefur verið gott og íslenskir nemendur hafa staðið sig vel í námi og starfi í öðrum löndum. Með minnkandi fjárveitingum verður þó æ erfiðara að viðhalda þessum árangri. Það er auk þess staðreynd að þessi árangur hefur að hluta til náðst á kostnað rannsókna. Rannsóknir á tæknisviðinu eru nátengdar nýsköpun og þau lönd sem standa efnahagslega sterkast í heiminum byggja á háskólasamfélagi og atvinnulífi með sterka tækniþekkingu ásamt þróttmiklu þróunar- og nýsköpunarstarfi. Með núverandi fjármögnun munu íslenskir háskólar á tæknisviðinu verða eftirbátar háskóla í öðrum löndum og mun það óumflýjanlega koma niður á samkeppnishæfni og lífskjörum íslensku þjóðarinnar til framtíðar.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Eru lungun í lagi?


Heilbrigðismál

**Hans Jakob Beck**
yfirlæknir lungnasviðs á Reykjalundi




Segjum að það séu 20% líkur á að þú hafir sjúkdóm sem versnar og versnar ef ekkert er að gert og geti að lokum örkumlað þig eða dregið til dauða. Myndirðu vilja vita hvort þú bærir þennan sjúkdóm eða ekki? Eða hvernig finnst þér að frétta að á meðal íslenskra reykingamanna 40 ára og eldri séu 18% með lungnasjúkdóm sem heitir langvinn lungnateppa og er nú að skjótast upp í efstu sæti yfir dánarorsök fólks á Vesturlöndum? Sjúkdóm sem á alvarlegri stigum kallar geysilega fötlun og lífsgæðaskerðingu yfir fólk, en hefur hingað til á vægari stigum þótt svo ómerkilegur að læknar hafa sjaldnast fyrir því að greina hann, jafnvel þótt það verði auðveldlega gert með einföldu blástursprófi. Þessi 18% tala er niðurstaða íslenska hluta fjölþjóðlegrar rannsóknar á faraldursfræði langvinnrar lungnateppu og var birt í Læknablaðinu fyrir þremur árum. Sem betur fer var helmingur aðeins með sjúkdóminn á byrjunarstigi, en samt er ógnvænlegt að 9% allra yfir fertugu skuli búa nokkuð örugglega við skert lífsgæði og færni.

En hvað er langvinn lungnateppa? Það er sjúkdómur sem einkennist af viðvarandi bólgu í berkjum lungnanna og mismikilli skemmd loftskiptavefsins sem veldur þeirri blöðrumyndun sem kölluð er lungnaþemba. Það hægir á loftflæði um lungun og viðvarandi skerðing á fráblástursgetu kemur fram. Óeðlileg mæði, langstæður hósti, ekki síst með slímuppgangi, öndunarerfiðleikar og surg eða píp í brjósti geta verið einkenni þessa sjúkdóms, og þó að slík einkenni séu sem betur fer engin sönnun fyrir sjúkdómi eru þau gild ástæða til að láta mæla hjá sér lungnastarfsemina með blástursprófi.

En hvers vegna þetta fálæti um svo algengan og alvarlegan sjúkdóm? Menn hafa sagt að ekki þurfi að greina sjúkdóm sem ekkert væri við að gera annað en að þeir sem enn reyki hætti, því öllum er hvort sem er hollast að hætta að reykja, strax. En við þennan hugsunarhátt veður að gera alvarlegar athugasemdir. Það er ekki rétt að ekkert sé hægt að gera, þó að vissulega finnist ekki nein töfralækning sem gerir lungun heil á ný. Reglubundin hreyfing og þjálfun bætir færni og líðan á öllum stigum sjúkdómsins. Lyf eru til sem bæta öndunargetu. Næringarástand hefur mikla þýðingu um framvindu sjúkdómsins og reykleysi má styðja á ýmsan hátt, með lyfjum, fræðslu og stuðningi. Það hefur sýnt sig með æ skýrari hætti að langvinn lungnateppa er ekki bara sjúkdómur lungna heldur gætir um allt. Vöðvar og bein rýrna, hjarta og æðakerfi farnast verr og andleg heilsa er lakari en hjá öðrum, svo eitthvað sé nefnt. Hreyfing, góð næring og auðvitað reykleysi eru því mikilvæg forvörn gegn framgangi sjúkdóms sem læðist lymskulega að fólki og nær oft að ganga ótrúlega langt áður en gripið er til aðgerða. Þess vegna er mikilvægasta röksemdin fyrir því að greina langvinna lungnateppu sem fyrst sú, að sá sem ekki þekkir ástand sitt er sviptur tækifærinu til að bregðast sjálfur við vandanum. Öndunarmælar eru til á nær öllum heilsugæslustöðvum á Íslandi og bendi ég fólki á að kanna möguleika á slíkri mælingu á heilsugæslustöðinni sinni.

> Hreyfing, góð næring og auðvitað reykleysi eru því mikilvæg forvörn gegn framgangi sjúkdóms sem læðist lymskulega að fólki og nær oft að ganga ótrúlega langt áður en gripið er til aðgerða.

Nú er barist fyrir því um allar jarðir að greina langvinna lungnateppu fyrr, með því að bjóða almenningi blásturspróf. Fólk yfir fertugu sem hefur einkenni frá öndunarfærum eða hefur reykt meira en 10-20 ár ævinnar er hvatt til að fara í blásturspróf. Liður í þessari baráttu er alþjóðlegur dagur öndunarmælinga, 14. október. Af því tilefni býður hjarta- og lungnarannsóknarstofa Reykjalundar gestum og gangandi upp á ókeypis blásturspróf þennan dag á milli kl. 10 og 14. Þar verður að auki starfsfólk lungnasviðs tiltækt og gefur ráðleggingar um hreyfingu og þjálfun, næringu, reykleysi og meðferð langvinnrar lungnateppu. Verið velkomin, því fyrst er að vita hvar sá stendur sem vísa skal veginn.


Umvafin hagræði
með raunhæfum lausnum




Við skilum þér skýrum og mælanlegum ávinningi með lausnum okkar og ráðgjöf. Hagræðing með Rent A Prent prentþjónustu, sýndarvæðingu netþjóna og miðlægri stjórnun útstöðva þýðir aukna hagkvæmni, betri nýtingu, minni orkunotkun og lægri kostnað.

Við umvefjum þig hagræði

**Skyggnir - Rekstrarþjónusta án aukareikninga.**

Hafðu samband við söluráðgjafa Skyggnis til að fá frekari upplýsingar.
Síminn er **516 1000** og netfangið: **sala@skyggnir.is**

Skyggnir

Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 516 1000 | skyggnir.is


**AF NETINU**

## Útvarpsþátturinn Harmageddon



Ég var í dag, miðvikudaginn 12. október 2010, í viðtali í þættinum Harmageddon á FM 977. Stjórnendurnir vildu óðir og uppvægir gera upp hrunið og finna sökudólga, ekki síst í Sjálfstæðisflokknum. Ég svaraði því til, að mikilvægast væri að læra af mistökunum, svo að halda mætti fram á við og upp á við. Til þess yrði auðvitað að vita og greina, hver mistökin væru. [...] Ég andmælti því, að setja mætti alla undir sama hatt og Jón Ásgeir og klíkuna í kringum hann. Fjöldi íslenskra auðmanna og bankamanna eru hinir mætustu. Hverri þjóð er nauðsynlegt að eiga menn, sem skapa auð með dugnaði og fyrirhyggju. Hverri þjóð er nauðsynlegt að eiga öfluga banka og góða bankamenn. Ég minnti á, að lýðskrumarar reyna ætíð að gera sér óvini: Nasistar réðust á Gyðinga, kommúnistar á „auðvaldið“. Nú er reynt að gera alla auðmenn og alla bankamenn að glæpamönnum, vegna þess að Jón Ásgeir og klíkan í kringum hann misnotaði frelsið.

**http://www.pressan.is/pressupennar/HannesHolmsteinnGissurarson**

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson**

# Erfðabreyttar plöntur eru ekki öruggar

Neytendamál

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstætt starfandi ráðgjafi

Í grein sinni í Fréttablaðinu 22. september síðastliðinn gerir Eiríkur Sigurðsson tilraun til að skrifa burtu vísindi sem sýna áhættu af völdum erfðabreyttra plantna.

Eiríkur fullyrðir að Orf líftækni muni nota leyfi sitt til ræktunar á erfðabreyttu (eb-) byggi í samræmi við íslensk lög. Leyfi Orf var veitt til tilrauna í rannsóknaskyni, ekki til ræktunar fyrir framleiðslu. Þó hefur Orf síðar lýst yfir að fyrirtækið hyggist stunda „stórfellda ræktun“. Þar sem Orf hefur aðeins ræktunarleyfi í Gunnarsholti má reikna með að þar verði þau áform framkvæmd. Hvernig ætlar Orf að nota tilraunaleyfi til framleiðsluræktunar? Hafi Umhverfisstofnun (Ust) veitt leyfið á þeirri forsendu að um stórfellda ræktun yrði að ræða, hvers vegna setti hún þá skilyrði fyrir leyfinu sem eiga við um litla tilraunareiti – þ.e. að hvert svæði sé girt rafgirðingu og þakið netum? Er hugsanlegt að leyfið sé ætlað til tilrauna á nokkrum blettum innan leyfðra 10 hektara en ekki til stórfelldrar ræktunar á heilum 10 hektörum?

Eiríkur minntist ekki á að áform Orf um „stórfellda“ útiræktun myndu setja Ísland í sérflokk í Evrópu. Engin leyfi hafa verið veitt innan ESB til stórfelldrar útiræktunar á eb-lyfjaplöntum. Einungis tilraunaræktun á litlum skikum (að jafnaði hálfur ha) hefur verið leyfð með eb-lyfjaplöntur. Líftæknifyrirtæki sem sækja um leyfi til stórfelldrar ræktunar (til markaðssetningar afurða) innan ESB þurfa að leggja fram niðurstöður dýrarannsókna. Þar sem Ust mundi tæpast vilja Ísland á skjön við Evrópu og hefur aldrei krafið Orf um dýratilraunir hlýtur stofnunin að hafa reiknað með að umrædd leyfi yrðu ekki notuð til stórfelldrar ræktunar.

Eiríkur fjallar um vísindahugtak sem ef til vill má nefna flata genafærslu (e. Horizontal Gene Transfer). Hún gerist þegar erfðaefni (DNA) í eb-plöntum sundrast ekki í meltingarvegi heldur berst úr þörmum í líffæri þess sem neytir þeirra. Eiríkur virðist viðurkenna að þetta gerist en heldur því fram að DNA úr eb-plöntum sé engu skaðlegra en DNA úr öðrum plöntum. Hefur hann enga hugmynd um vaxandi fjölda rannsókna sem sýna að eb-fóður valdi alvarlegu heilsutjóni á dýrum? A.m.k. 14 óháðar og ritrýndar rannsóknir hafa leitt í ljós að tilraunadýr fóðruð á eb-afurðum urðu fyrir skaða á nær öllum helstu líffærum. Nefnum örfá dæmi: Rottur sem fengu eb-tómata fengu magasár. Dánartíðni afkvæma var fjórföld hjá rottum sem fengu eb-soja í samanburði við rottur sem fengu venjulegt soja. Kanínur sem fengu eb-soja sýndu truflanir á ensímbúskap í nýrum og hjarta. Rottur sem fengu eb-maís þróuðu vandamál í starfsemi lifrar og annarra hreinsilíffæra, svo og á hjarta, milta, nýrum og nýrnahettum. Rannsóknir á sauðfé sem fóðrað var á eb-maís í þrjár kynslóðir sýndu truflanir á starfsemi meltingarkerfis í fullorðnum ám og á lifur og brisi í lömbum þeirra.

Tvær nýlegar rannsóknir, önnur birt í tímaritinu Fisheries Science (2008) og hin í Aquaculture Research (2009), sýndu að fiskur (regnbogasilungur og beitarfiskur) sem fékk erfðabreytt fóður hafði DNA úr eb-plöntum í nær öllum innri líffærum. Eiríkur reynir allt til að gera lítið úr þessu með því að ræða önnur atriði rannsóknanna. Mikilvægasta niðurstaða þessara rannsókna er að „flöt genafærsla“ á sér stað í fiski. Verði tilraunadýr og búfé fyrir tjóni á líffærum þegar erfðabreytt efni berast í líffæri þeirra er líklegt að hið sama gerist í fiskum. Reikna má með að framhaldsrannsóknir verði gerðar úr því að þessi hætta blasir nú við.

Ekki þarf að undra þótt erfðabreyttar plöntur valdi skaða þegar venjulegar plöntur gera það ekki, enda er um gjörólíkar plöntur að ræða. Eb-mat- og fóðurjurtir innihalda DNA sem ekki hefur áður verið hluti af fæðu manna og dýra. Erfðatækni breytir hefðbundnum plöntum með svonefndri genasmíð, sem ekki er bara samsett úr framandi geni (t.d. úr dýrum, skordýrum, fiski, jafnvel mönnum), heldur líka bakteríu, vírus og geni sem framkallar sýklalyfjaónæmi. Matvælum og fóðri er veruleg áhætta búin frá öllum þessum fjórum þáttum (sjá www.erfdabreytt.net).

Sá vísindaveruleiki blasir við að erfðabreyttar plöntur eru gjörólíkar hefðbundnum plöntum. Hvar sem þær eru ræktaðar til matar, fóðrunar eða lyfjapróteina skapa þær heilsufarsáhættu fyrir líf á landi og í legi sem við erum rétt að byrja að skilja. Erfðabreyttar lyfjaplöntur eru einkum áhættusamar vegna þess að þær framleiða prótein til nota í lyf og lækningaefni. Fyrirbyggja verður að þessi lífvirku prótein komist í mat eða fóður, beint eða óbeint, hvort sem er með vindi, jarðvegi eða vatni. Eina örugga leiðin til ræktunar erfðabreyttra lyfjaplantna er í lokuðum húsum með föstum gólfum.

AF NETINU

## Einstakt atvik



Með ólíkindum er, að enginn fjölmiðill skuli fylgja eftir fréttinni um að Ögmundur Jónasson, dómsmálaráðherra, hafi kallað Valtý Sigurðsson, ríkissaksóknara, á teppið til að skamma hann að ósk feminista í röðum vinstri-grænna og krefjast af honum skýrslu um embættisfærslu hans og ummæli. Þetta er einstakt atvik í íslenskri réttarsögu. Ég hef velt fyrir mér, hvernig fjölmiðlamenn hefðu hundelt mig, hefði mér dottið í hug að reyna að hafa áhrif á ákvarðanir ríkissaksóknara á þennan veg.

bjorn.is

Björn Bjarnason

S24 = HAGSTÆÐARI INNLÁNSVEXTIR




S24 býður hagstæðari kjör á óbundnum, óverðtryggðum innlánsreikningi.
Það kostar ekkert að stofna sparnaðarreikning hjá S24.

SPARNAÐUR FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA

Í meira en 10 ár hafa einstaklingar getað ávaxtað sparnað sinn hjá S24. Nú gerum við betur og bjóðum einnig fyrirtækjum og félögum að nýta sér betri kjör á óverðtryggðum innlánsreikningi okkar. Kynntu þér málið, það kostar ekkert.

Kíktu á www.s24.is eða hringdu í síma 533 2424 – og þú hagnast.

*Á www.keldan.is er að finna samanburð á sambærilegum innlánsreikningum banka og sparisjóða fyrir 1 milljón til 9.999.999, 10.000.000 til 49.999.999, 50.000.000 – 99.999.999 og 100 milljónir og hærra. Í öllum þessum flokkum býður S24 upp á hagstæðustu kjörin. Myndin í auglýsingunni tekur mið af samanburði m.v. 1 milljón til 9.999.999. Upplýsingar eru teknar af www.keldan.is þann 11.10.2010.

Sparnaðarreikningur S24

- Betri innlánsvextir
- Enginn binditími
- Engin lágmarksupphæð
- Óverðtryggður sparnaður
- Engin úttektarþóknun
- Innlánsvextir 3,45%- 5,35%**

S24 …og þú hagnast

**Skv. vaxtatöflu S24 11.10.2010

DYNAMO REYKJAVÍK

AF NETINU

## Nýi umbinn í ólestri



Embætti umboðsmanns skuldara er í ólestri. Skuldarar forðast embættið. Þeir kvarta yfir ómennsku í samskiptum við sig. Auðvitað eru það ýkt viðhorf, en samt tilefni áhyggja. Embættið afgreiðir fá mál og ofurhægt. Viðskiptavinir embættisins eru vafalaust óráðsíumenn sumir hverjir. Fólk, sem skuldsetur sig upp í topp, ef það nær færi á því. Inn á milli hljóta þó að vera þeir, sem vilja koma sér út úr vandanum. Umboðsmaður skuldara hefur ekki náð utan um staðreyndir málsins. Við fáum misvísandi upplýsingar um tegundir skuldara og mismunandi möguleika þeirra. Er ekki hægt að koma stýringu á embættið?

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**




Gorenje veggháfur

DK450

60 cm veggháfur. Afkastageta 450 m³/klst., ryðfrí stáláferð.

Tilboðsþrenna



Gorenje helluborð

EC630ASC

Keramik helluborð, stækkanleg hella, viðvörunarljós fyrir heitar hellur og snúningsrofar.



Gorenje blástursofn

B07310AX

Fjölkerfa ofn með 8 stillingum. Nýtanlegt rými í ofni: 60 l. Klukka, snertiskjár og hreinsibúnaður. Ryðfrítt stál.

Allt saman verð 271.700

Tilboð 199.900

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

PIPAR\TBWA • SÍA • 100610


# Að „kippa út“ anarkistum og falsa söguna í leiðinni

Samfélagsmál



**Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson**
listamaður

Það lýsir vægast sagt óvenjulegu árferði að Egill Helgason skrifi varnarræðu fyrir anarkista. Það gerði hann í kjölfar umræðna um „venjulega fólkið“ sem fjölmiðlamenn kepptust við að eigna olíutunnusönginn er hljómaði undir stefnuræðu forsætisráðherra nú um daginn. Egill vildi reyndar meina að anarkistar væru hálfmeinlausir þegar upp væri staðið en bætti því við að oft hefðu þeir haft á réttu að standa síðustu árin. Sem dæmi tók hann fjöldamótmælin gegn ráðstefnu Alþjóða viðskiptastofnunarinnar í Seattle árið 1999; mótmæli sem marka tímamót í gagnrýni og andófi gegn alþjóðakapítalisma.

Ólafur Þ. Stephensen ritaði leiðara í Fréttablaðið þann 6. október síðastliðinn. Á sama tíma og hann sagði stjórnvöld verða að hlusta á gagnrýni og kröfur almennings sagði hann óhætt að „kippa út úr dæminu [...] sértrúarsöfnuðunum sem eru alltaf óánægðir hvort sem er, burtséð frá því hvort kreppa er í þjóðfélaginu eða ekki“. Samkvæmt Ólafi eru anarkistar einn þessara „sértrúarsafnaða“.

Oft er betur heima setið en af stað farið. En ákveðnir karakterar hafa ekki næga sjálfsvirðingu til að þegja þegar þannig á við. Þess í stað ræður hrokinn ferðinni og verður til þess að skrif á borð við ofannefndan leiðara birtast hinum almenna lesanda. Fullyrðingar ritstjórans eru ekki smávægilegar og ber ekki að hunsa. Fyrir það fyrsta fela þær í sér gildisfellingu á hugmyndum og greiningum sem kafa dýpra en gengur og gerist í samfélagsumræðunni almennt. Í öðru lagi eru þær sögufölsun á hæsta stigi.

### Samfélag án gagnrýni

Orðræðan og hugmyndafræðin sem hér réð öllu síðustu áratugina hefur verið normalíseruð: Plasthúðaður kapítalismi, sem nefndur er góðæri, er hið eðlilega. Skítug hlið hans, sem nefnd er kreppa, er skekkja. Þessi hugmynd endurspeglast best í orðræðunni um „endurreisn“ íslensks efnahagskerfis, sem á ensku heitir back to business as usual. Samkvæmt hugmyndinni er óánægja og gagnrýni samþykkt í kreppu vegna þess að þá finna fleiri lyktina af skítnum. Samofin þjóðernishyggju býr kreppan til ástand þar sem fólk má kvarta og má vera óánægt. Markmiðið með endurreisninni er að endurheimta þögnina – endurheimta samfélag án gagnrýni.

Einhver hefði eflaust haldið að slík viðhorf væru fokin út í veður og vind. Að fleiri hefðu tekið popúlíska U-beygju í anda Guðmundar Andra Thorssonar, sem sumarið 2007 gerði lítið úr anarkistunum í Saving Iceland, kallaði þá „al-kaída krútt-kynslóðarinnar“ og „biluð sjónvörp“, en tveimur árum, bankahruni og hallarbyltingu síðar, sagði þá vera hugrakka einstaklinga sem fært hefðu til landsins hugmyndir Henry David Thoreau um borgaralega óhlýðni og mennsku ofar þegnskap. Raunverulega hefur þó sáralítið breyst hvað þetta varðar.

### Samfélag án yfirvalds

Þegar Eva Joly mætti í Silfur Egils og lýsti því hvernig allir hópar samfélagsins – almenningur, fjölmiðlar, viðskiptablokkin, stjórnmálastéttin, lögfræðingar, dómarar og stjórnvöld – ættu erfitt með að skilja og samþykkja að valda- og áhrifamiklu fólki væri stefnt fyrir dóm, færði hún stoðir undir þá grunnkenningu anarkismans að yfirvald er óhollt mannlegu samfélagi.

Arfleið verkalýðsbaráttunnar yrði laus við starf Alexander Berkman og Emmu Goldman og einnig þyrfi að stroka út baráttu þeirra gegn ofsóknum stjórnvalda Sovétríkjanna á andófsfólki eftir byltinguna 1917. Sjálfskipulögð samfélög katalónskra smábænda á tímum spænsku borgarastyrjaldarinnar heyðu þá sögunni til og kvenréttindahreyfingin myndi losna við Louise Michel og Voltairine de Cleyre. Tónlistarsagan yrði frjáls undan pönki Crass, krautrokki Can og verkum bandaríska tónskáldsins John Cage. Myndlistin slyppi við Marcel Duchamp og líklega þyrfti að þurrka út súrrealismann og situationismann. Það sama gilti um samtímagagnrýnendur á borð við John Zerzan og Derrick Jensen, sem rekja þá krísu sem gengur yfir jörðina til þess tíma er maðurinn hætti að lifa í samhljómi við náttúruna.

Þessi upptalning er örstutt, hún inniheldur einungis nöfn sem fengið hafa að lifa í gegnum menningu upphafningar á dægurstjörnum og á í þokkabót einungis við um Evrópu og Bandaríkin. Þessi nöfn eru aðeins agnarsmár dropi í hafi anarkismans; hugmyndafræði með ótal anga, sem þróast hefur í meira en tvær aldir og á rætur að rekja mun lengra, eða allt til Taóisma forn-Kína og láréttra samfélagsstrúktúra frá því fyrir tíma siðmenningarinnar.

> Ólíkt öðrum ismum hafa þau sem aðhyllast anarkisma aldrei haft vald yfir ríkjum, enda væri það í algjöru ósamræmi við hugmyndafræðina.

Saga mannfélagsins er saga stéttabaráttu, eins og segir í vel þekktu ávarpi, og ríkið hefur í gegnum söguna verið toppur píramídans, oft í samfloti við stórfyrirtæki kapítalista. Alræði ríkis og auðmagns tekur auðvitað á sig misjafnlega hrottalegar birtingarmyndir eftir því hvar á hnettinum við erum og á hvaða tímum. Í grunninn er það þó alltaf hið sama og hafa anarkistar – hreyfing sérstaklega fjölbreyttra hugmynda – greint það og gagnrýnt með orðum og verkum. Ólíkt öðrum ismum hafa þau sem aðhyllast anarkisma aldrei haft vald yfir ríkjum, enda væri það í algjöru ósamræmi við hugmyndafræðina. Það gerir anarkismann líklega að þeirri pólitísku stefnu sem minnst blóð hefur skilið eftir sig. Eins og Egill Helgason benti á í varnarræðunni hafa anarkistar þvert á móti yfirleitt mátt þola kúgun og harðræði.

### Út með anarkista – út með þá alla!

Nú vilja einhverjir kippa út anarkistum og þeim líkum. En þá þarf að gera það almennilega. Þá ber að kippa út málvísindamanninum og rithöfundinum Noam Chomsky, hvers fyrirlestur um kreppu kapítalismans fyllti stóran sal Háskólabíós hér um daginn. Úr bókmenntasögunni má þá losna við höfunda á borð við Leo Tolstoy, Oscar Wilde, George Orwell og Philip K. Dick.

### Sögufölsunarsöfnuðurinn

Það er kómískt að ritstjóri Fréttablaðsins skuli kenna anarkista við sértrúarsöfnuði því sjálfur tilheyrir hann hópi manna sem klæða sig og hugsa eins, og fara fram í blindri trú á samsuðu alþjóðakapítalisma og vestræns fulltrúalýðræðis. Í sjálfsköpuðu sjónleysi líta þeir framhjá þeim ójöfnuði og kúgun sem kokteillinn skilur eftir sig – en eru á sama tíma forsendur þess að hann virki – og þagga niður í þeim sem rísa upp gegn honum.

Sögufölsunin er þó alls ekkert fyndin. Hún er stórhættuleg. En hún er hluti af starfi hinna ríkjandi afla og hefur alltaf verið. Það að fjölmiðlar ákveði að „kippa út“ anarkistum er þó ekki einungis sögufölsun og umræðuþöggun, heldur einnig táknmynd þeirrar meðferðar sem anarkistar og aðrir þeir sem „eru hvort sem er alltaf óánægðir“ hafa fengið frá yfirvöldum í gegnum mannkynssöguna og fá enn.


LAUGAVEGUR
dúnúlpa

Verð: 28.500 kr.
Stærðir: S-L

90% dúnn



Hlý og lipur dúnúlpa úr vatnsfráhrindandi næloni með 90/10 dúnfyllingu. Hægt að snúa við og nota á röngunni. * Mismunandi litaúrval í verslunum.

66 NORÐUR

LAUGAVEGUR
dúnkápa

Verð: 33.000 kr.
Stærðir: S-2XL

90% dúnn



Létt og klæðileg dúnkápa úr vatnsfráhrindandi næloni. Kápan er með 90/10 dúnfyllingu og er mjög lipur og þægileg. * Mismunandi litaúrval í verslunum.

66 NORÐUR



**Köflótt efni** og föt með tweed-áferð hafa enn eina ferðina ratað á teikniborð hönnuða en mikið er um köflótt efni, tígla og tweed í fötum og fylgihlutum í vetur.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










**Katrín Ósk Guðlaugsdóttir á hlýja prjónapeysu fyrir veturinn og segir illa fléttað hár í tísku.**

# Fléttað hár og hlý peysa

Mér finnst allir þurfa að eiga hlýja prjónapeysu fyrir veturinn. Tengdamamma prjónaði þessa handa mér. Leðurbeltið átti mamma þegar hún var aðalpæjan á tvítugsaldri og nú ætla ég að reyna að vera svolítil pæja með það,“ segir Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, þegar Fréttablaðið vill fá að vita hverju hún klæðist.

;TÍSKA | 4



Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, hárgreiðslukona á Hár Expó, segir tjásulegar fléttur í tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Varirnar** má gera ómótstæðilegar í fjórum skrefum. 1. Notið varasalva til að mýkja þær. 2. Mótið útlínurnar með varablýanti. 3. Berið náttúrulegan varagloss á varirnar. 4. Takið ykkur ljósan augnskugga í hönd og berið í hring þar sem varirnar opnast. Þannig dökknar liturinn eftir því sem nær dregur útlínunum og varirnar virðast fyllri.



# Leysa hvers manns vanda

**Þegar harðnar í ári skjóta gamlar áherslur upp kollinum og fólk fer að huga betur að því í hvað aurinn fer. Að láta gera við gömlu fötin í stað þess að kaupa ný er eitt af því sem margir hafa gripið til.**

Nýtni er ofarlega á blaði í kreppuráðum og Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvort fólk væri farið að nýta fötin sín betur og láta gera við þau þegar þau færu að slitna. Hringt var í fjórar saumastofur á höfuðborgarsvæðinu og bar svarendum öllum saman um að viðskiptin hefðu glæðst til muna eftir að kreppan skall á.

Í Listasaumi í Kringlunni varð Ingibjörg Ágústsdóttir, starfsmaður saumastofunnar, fyrir svörum. Hún segir það hafa aukist mikið að fólk komi með föt til að láta gera við þau. Gengur jafnvel of langt í því, segir Ingibjörg. „Stundum eru fötin svo illa farin að það borgar sig varla að gera við þau. En fólki þykir kannski vænt um flíkina, svo við segjum aldrei að ekki sé hægt að gera við hana heldur gerum okkar besta.“ Göt á áberandi stöðum eru þó erfið viðfangs, því eftir því sem Ingibjörg best veit er ekki lengur nokkur manneskja á landinu sem kann kúnststopp svokallað, það er að stoppa í göt svo það sé varla merkjanlegt. „Ég vildi svo gjarnan að einhver sem les þetta kynni það og gæfi sig fram,“ segir Ingibjörg. „Það er mikil þörf fyrir þessa kunnáttu.“

Auður Þórisdóttir, eigandi Saumsprettunnar við Aðalstræti, segist aldrei fá verkefni sem hún treysti sér ekki til að leysa. „Það verður kannski ekki alveg eins og það var, en við förum yfir það með kúnnanum hvernig hægt er að leysa vandamálið og höfum aldrei sent neinn frá okkur með flíkina óviðgerða.“ Hún segist hafa orðið vör við gífurlega aukningu í viðgerðum strax haustið 2008 sem hafi stigmagnast fram á mitt ár 2009 og haldist nokkuð stöðug síðan.

Arna Arnfinnsdóttir, annar eigandi Saumnálarinnar við Snorrabraut, tekur í sama streng. Breytingarnar séu líka öðruvísi en áður, nú sé fólk meira að halda fötunum við, en áður hafi verið algengara að fólk kæmi með dýrar flíkur og léti breyta þeim, þrengja eða víkka, til að lengja líftímann.



Miklu algengara er nú en áður að fólk komi með föt til viðgerða og viðhalds á saumastofum. Arna Arnfinnsdóttir í Saumnálinni reynir að verða við óskum viðskiptavina eftir fremsta megni eins og starfssystur hennar á öðrum saumastofum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VERÐSAMANBURÐUR

| | RENNILÁS SETTUR Í | BUXUR STYTTAR |
|---|---|---|
| Listasaumur | 2.500 kr. | 1.800 kr. |
| **Saumsprettan** | **3.200 kr.** | **2.200-3.500 kr.** |
| Saumnálin | 2.800 kr. | 2.000 kr. |
| Breytt og bætt | 2.400 kr. | 1.800 kr. |

Í Breytt og bætt í Smáralind segir Gosia Jagusiak, eigandi stofunnar, að það sé orðið miklu algengara að fólk komi með föt í breytingu. Hún hafi til dæmis breytt pilsi í kjól um daginn. Annað sem sé mun meira áberandi nú en áður séu breytingar á jakkafötum fyrir karlmenn, það hafi heyrt til undantekninga fyrir kreppu. Erfitt sé að segja hvort það sé ódýrara að láta breyta gömlum fötum heldur en kaupa ný. Það fari eftir umfangi breytinganna, en hægt sé að fá kjól þrengdan frá sirka 3.000 krónum svo dæmi sé tekið. *- fsb*



Demantanáman í Kimberley í Suður-Afríku er frægasta demantanáma heims. Næstum helmingur allra demanta sem fundist hafa er frá Mið- og Suður-Afríku en einnig hefur fundist nokkurt magn í Kanada, Indlandi, Rússlandi, Brasilíu og Ástralíu.

**visindavefur.is**


**Kynning**



**SMART BOUTIQUE**
Hauer Alaska húfa úr gervifeld
6 litir – 3 stærðir
**Verð 10.700 kr**
Leðurhanskar með ullarfóðri
8 litir – 4 stærðir
**Verð 4.930 kr**



**SMART BOUTIQUE**
Trefill
Margir litir
**Verð 1.990 kr**
Leðurhanskar með ullarfóðri
Yfir 100 litir – 4 stærðir



**SMART BOUTIQUE**
Refakollhúfa
Margir litir
**Verð 27.200 kr**
Leðurhanskar með silkifóðri 29 cm
4 litir – 4 stærðir
**Verð 4.950 kr**



**SMART BOUTIQUE**
Herra Leðurhanskar með ullarfóðri
2 litir – 4 stærðir
**Verð 2.990 kr**



**SMART BOUTIQUE**
Trefill
Margir litir
**Verð 2.500 kr**



**SMART BOUTIQUE**
Hauer Tweed húfa með gervifeld
2 litir – 3 stærðir
**Verð 5.900 kr**



**Hjá Hrafnhildi**
Kragi
**Verð 9.800 kr**



**Hjá Hrafnhildi**
Trefill
Fæst í gráu, svörtu og dröppuðu
**Verð 5.900 kr**



Flottir leðurhanskar
til í 5 litum
**Verð 5.500 kr.**
Tösku- og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7



**TUZZI**
Sjal
Fæst einnig í svörtu
**Verð 5.900 kr**



**TUZZI**
Húfa
Fæst einnig í brúnu
**Verð 4.900 kr**



**VILA Smáralind**
Pieces taska
**Verð 4.990 kr**



Erna Lúðvíksdóttir lét gamlan draum rætast og opnaði tískuverslun í Hafnarfirði og á Netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Herðaslár eru ómissandi í vetur.



Skærlitir treflar lýsa upp skammdegið.

# *Hugsar um tísku allan daginn*

**Erna Lúðvíksdóttir dó ekki ráðalaus eftir atvinnumissi, opnaði netverslun með tískufatnað og síðan verslun á Reykjavíkurvegi 68.**

„Þetta eru föt sem ég flyt sjálf inn frá London, París og Amsterdam. Ekki frá neinum ákveðnum merkjum, heldur raða ég saman minni eigin línu frá mismundandi aðilum,“ segir Erna. „Mér finnst það miklu meira spennandi heldur en að fylgja línum frá ákveðnum merkjum. Þetta eru föt fyrir konur á öllum aldri og stíllinn er mjög breiður.“

Erna hannar einnig föt og húsmuni og upp úr næstu mánaðamótum má búast við því að hennar eigin hönnum verði til sölu í Hafnarfirðinum og í netversluninni. En hvað kom til að hún fór út á þessa braut? „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tísku og eftir að ég missti vinnuna ákvað ég að láta gamlan draum rætast og fór af stað með verslunina. Ég byrjaði smátt, tók eina sendingu frá London, var með þetta heima og seldi í gegnum Facebook en nú er ég komin með netverslunina og flotta aðstöðu á Reykjavíkurvegi 68 í Hafnarfirði. Þannig að nú get ég látið það eftir mér að hugsa um tísku allan daginn, alla daga.“

Verslunin er opin fjóra daga í viku, en einnig tekur Erna að sér kynningar í heimahúsum og fyrirtækjum auk þess sem hún tekur á móti hópum í versluninni utan opnunartíma. Slóðin á netverslunina er www.ernafot.is.

*- fsb*

GLÆSILEGIR KJÓLAR OG JAKKAR



skoðið sýnishorn á laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422

Auglýsingasími 512 50 50

Allt sem þú þarft...



BRJÁLAÐ KRINGLUKAST

30% afsláttur af öllum vörum

Frakkar áður 24.900

nú 12.900

st. 10-22

Peysur áður 9.900

nú 4.990

ofl. og ofl. frábær tilboð

Nýtt kortatímabil

COSMO

Kringlunni

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
Tana® Cosmetics



**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

2 fyrir 1
25 mínútna
kínverskt fótanudd
Verð: 4.500 kr.
DONG FANG SALON
Tilboðið gildir alla virka daga í október 2010
Sími: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

**GLÆNÝIR OG ROSAFLOTTIR**



**TEG. MARE** - push up fyrir þær minni í B,C,D,DD skálum á **kr. 7.680**,- og fyrir þær stærri í C,D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 7.680**,- buxur í stíl á **kr. 2.990**,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366. Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf - www.misty.is
Vertu vinur


Framhald af forsíðu

Katrín er hárgreiðslukona á Hár Expó og því liggur beinast við að spyrja hana út í hárgreiðsluna líka. „Það verður hálfgerð hattatíska í hári í vetur. Svolítið fiftís eða rokkabillý með rómantísku ívafi. Ég skipti toppnum í þrjá parta, gerði lauslegan snúð úr miðjuhlutanum og svo tvær fléttur beggja megin. Fléttunar sneri ég saman og festi niður með spennum,“ útskýrir Katrín og segir tæknina einfalda þó útkoman geti virst flókin. Hún segir jafnframt að illa gerðar og tættar fléttur út á hlið í síðu hári muni sjást mikið í vetur.

„Í rauninni á ekkert að hugsa of mikið um hvað maður er að gera heldur hafa þetta „loose“. Eins þarf ekki að nota nein efni í fléttuna, annað en hitavörnina í hárið, áður en það er blásið.“

Þessa dagana er Katrín að undirbúa sig fyrir Wella trend vision-keppnina í París í nóvember þar sem hún keppir fyrir Íslands hönd en hún sigraði í undankeppninni hér heima. Þar mun tjásulegum fléttum jafnvel bregða fyrir.

„Ég keppi í Natural Goddess eða gyðju náttúrunnar. Mér finnst náttúrulegt útlit vera það sem íslenskar konur vilja núna. Þær vilja heilbrigt og náttúrulegt hár og í raun fríska upp á sinn eigin lit. Nú er til dæmis miklu meira um skol en fastan lit og frekar verið að gera þennan íslenska músalit okkar aðeins skemmtilegri, það er alveg hægt.“ *heida@frettabladid.is*





# Kynngimögnuð og svört

**Dita Von Teese mætti svartklædd, að venju, á tískusýningu í París, með svartan loðfeld og skartgrip um hálsinn.**

Burlesque-listamaðurinn, leikkonan og fyrirsætan Dita Von Teese sýndi á sér svartklæddar hliðar eins og hennar var von og vísa við tískusýningu í París nú í byrjun október.

Dita Von Teese er vön að birtast á alls kyns listum yfir best klæddu konur heims og er í sérstöku eftirlæti hönnuða á borð við Christian Dior og Marc Jacobs. Dita sýndi að það er satt sem menn segja, skinn og stórir skartgripir eru á uppleið og í tilfelli Von Teese voru fylgihlutirnir og annar búnaður að sjálfsögðu svartur.

*- jma*




**YFIRHAFNIR**
**20%**
**AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM**
**GILDIR til 19.OKTÓBER**

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



Lín Design á 6 ára afmæli
15 - 50% afsláttur
af öllum vörum fram á laugardag
Börnin fá frían sængurfatnað fyrir bangsann
Einnig í vefverslun www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design, Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

TOPPGAUR
RIKKI G
ALLA DAGA FRÁ 17 – 20



Topp tónlistarstöðin þín | www.fm957.is
FM957

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# VETRARDEKK




COURSER C/T
MASTERCRAFT
All-Terrain T/A
BFGoodrich
g-Force
BFGoodrich
CEPEK
RADIAL F-C II

TOYO TIRES

1.

**Toyo Open Country All Terrain**

Frábær alhliða jeppadekk fyrir allar aðstæður. Mjúk og hljóðlát dekk sem skila þér alla leið.





2.

**Toyo Open Country Mud Terrain**

Níðsterkt og slitsterkt jeppadekk sem þolir hvað sem er. Frábært akstursdekk á vegum og utan vega. Þolir auðveldlega mjög þunga bíla.

3.

**Toyo Open Country Ice Terrain**

Neglanlegt vetrardekk fyrir jepplinga og jeppa. Mjúkt, hljóðlátt og virkilega endingargott dekk sem hefur slegið í gegn á Íslandi.





4.

**Toyo Observe**

Neglanlegt vetrardekk fyrir fólksbíla. Endingargott vetrardekk, hægt að nota með og án nagla.

Bílabúð Benna

# Meira grip og minna svifryk

Toyo-harðskeljadekkin eru japönsk framleiðsla sem hefur slegið í gegn á Íslandi. Dekkin eru með brot úr valhnetuskeljum í gúmmíinu, sem er eitt sterkasta efni sem fáanlegt er úr náttúrunni. Skeljabrotin gefa dekkjunum aukið grip í hálku og erfiðum vetraraðstæðum og reynslan á Íslandi hefur verið gríðarlega góð.





Toyo-harðskeljadekkin eru þeim eiginleika gædd að slíta malbiki ekki eins mikið og margar aðrar dekkjategundir gera og valda því minna svifryki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HALDAST MJÚK Í KULDA**

- Silica-íblöndunarefni er í gúmmíblöndunni, sem gefur dekkinu aukið grip og heldur gúmmíinu mjúku í miklum kulda. Auk þess eru dekkin gríðarlega mikið „microskorin".
- Toyo-harðskeljadekkin slíta malbikinu minna og valda minna svifryki heldur en nagladekk og eru því umhverfisvæn.
- Endingin í dekkjunum er mjög góð og þau eru lungamjúk og hljóðlát.

**TOYO-HARÐSKELJADEKKIN ERU FÁANLEG Í FJÓRUM GERÐUM**

- Toyo Garit G4 undir minni og hefðbundna fólksbíla
- Toyo Garit KX undir stærri og kraftmeiri fólksbíla í „low profile" stærðum
- Toyo G-02 undir jepplinga og jeppa
- Toyo Winter Tranpath S1 undir jepplinga og jeppa

# Fjölbreyttir hjólbarðar

**Hjólbarðadeild Bílabúðar Benna hefur vaxið hratt undanfarin ár, enda hefur Bílabúð Benna lagt mikla áherslu á þennan þátt í starfseminni og þá sérstaklega vörumerkin Toyo Tires og BFGoodrich. Einnig hefur Bílabúð Benna umboð fyrir Kleber, Kormoran og Accelera og unnið er að því að fjölga tegundum enn frekar.**



Jón Hauksson, sölustjóri dekkjadeildar hjá Bílabúð Benna, segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á að bjóða upp á gott úrval hjólbarða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HÆGT AÐ DRAGA ÚR SVIFRYKS- OG HÁVAÐAMENGUN**

Sala á óneglduм vetrardekkjum hefur aukist mikið síðustu ár, þó enn kjósi fjöldi fólks að nota negld dekk. Bílabúð Benna býður upp á harðskeljadekk, hefðbundin vetrardekk með og án nagla og verksmiðjunegld dekk frá BFGoodrich.

„Vinsælustu dekkin hjá okkur í dag eru Toyo harðskeljadekkin og ánægjulegt er að sjá hvað þau eru að sanna sig vel við erfiðari vetraraðstæður en hér í Reykjavík, eins og á Akureyri og Húsavík, þar sem veturinn er mun harðari en hér fyrir sunnan," segir Jón Hauksson, sölustjóri dekkjadeildar hjá Bílabúð Benna. „Verksmiðjunegldu dekkin frá BFGoodrich eru með léttmálmsnöglum sem slíta malbikinu mun minna en þyngri stálnaglar. Þau eru negld í BFGoodrich-verksmiðjunni með mikilli nákvæmni og henta mjög vel fyrir fólk sem vill hafa dekkin negld en er meðvitað um svifryksmengun."

Þá segir Jón jeppadekkin frá BFGoodrich og Toyo Tires einnig njóta mikilla vinsælda meðal jeppaeigenda, en sala þeirra hefur aukist ár frá ári.

„Fólk hefur mun meiri áhuga á óneglduм vetrardekkjum í dag," bendir Jón á og kveður ástæðurnar vera nokkrar. „Til að mynda út af svifryksmengun, hávaða frá nagladekkjum sem berst inn í bílinn og vegna þess að ekki má setja nagladekk undir bílinn jafn tímanlega.

Það eru mikil þægindi fólgin í því að setja harðskeljadekkin undir bílinn til dæmis í september, og hafa bílinn kláran þegar veturinn skellur á í stað þess að eyða deginum í biðröð fyrir utan hjólbarðaverkstæði." Hann bætir við að þá sé heldur engin hætta á nagladekkjasektum á vorin.

**MIKILVÆGT AÐ VELJA RÉTT DEKK**

Að sögn Jóns er mjög mikilvægt að greina þarfir hvers viðskiptavinar þegar selja á fólki dekk. „Kröfur viðskiptavina eru mjög mismunandi sem og bílarnir þeirra og mikilvægt að dekk séu rétt valin fyrir hvern og einn," segir hann og nefnir sem dæmi að burðar- og hraðaþol dekkja þurfi að passa hverjum bíl. „Þungir bílar þurfa til að mynda burðarmeiri dekk og meiri loftþrýsting heldur en léttir fólksbílar. Það er gríðarlega mikilvægt og hagkvæmt að mæla loftþrýsting dekkjanna reglulega. Dekk með of litlu af lofti er hættulegt í umferðinni, bíllinn eyðir meira eldsneyti og dekkið slitnar margfalt hraðar."

Þá segir Jón einnig gott að láta skoða dekkin reglulega til að sjá hvort þau slitni rétt. „Vitlaust hjólastilltur bíll slítur dekkjum einnig mjög hratt og grip dekkjanna minnkar verulega. Þá þarf að hjólastilla bílinn," bendir hann á og bætir við að hægt sé að fá loftmælingu og dekkjaskoðun frítt á Tangarhöfða eða hjá Nesdekkjum. „Að baki okkar þjónustu liggur áratuga reynsla."

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 og Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.



Mikið er lagt upp úr að verkstæðið sé ávallt snyrtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fullkomin Artiglio Master dekkjavél sér til þess að felgurnar skemmist ekki við umfelgun.



Nýtt hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna að Tangarhöfða (við hliðina á Chevrolet-salnum), var opnað í sumar.

# Nýtt hjólbarðaverkstæði

**Nýtt hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna á Tangarhöfða var opnað í sumar en fram að því hafði verkstæðið aðeins eina lyftu og afar takmarkaða afkastagetu.**

Nýja verkstæðið á Tangarhöfða hefur þrjár lyftur og afkastar verulegu magni bíla á degi hverjum. Það er því kærkomið fyrir reksturinn, starfsfólkið og viðskiptavinina. Shell Helix smurþjónusta er einnig veitt á verkstæðinu, sem og smáviðgerðaþjónusta. Þar starfa nú 9-11 manns yfir háannatímann.

Starfsfólkið hefur sótt smurnámskeið hjá Shell og veit því fullkomlega hvaða olíur eiga að fara á hvern bíl, en nýir bílar eru margir hverjir sérlega viðkvæmir fyrir því að rétt olía sé notuð á þá. Hjólbarðaverkstæðið er vel tækjum búið. Til dæmis eru dekkjalyftur niðurfelldar í gólfið sem auðveldar bíleigendum innkeyrsluna. Á verkstæðinu er Artiglio Master dekkjavél til að umfelga low profile-dekk og dýrar álfelgur. Sú vél er með nælonhjólum og örmum sem snerta ekki felgurnar sjálfar og því vinsæl meðal bíleigenda sem er annt um felgurnar sínar.

**ÞITT ÖRYGGI – OKKAR MARKMIÐ**

Hjá Bílabúð Benna eru öryggisreglur í hávegum á verkstæðum. Til að mynda eru allar felgurær handhertar fyrir brottför og allir ventlar eru lekaprófaðir eftir umfelgun til að fyrirbyggja leka með þeim. Starfsfólk verkstæðisins hefur mikla reynslu af hjólbörðum og vinnu við þá, sem er mikið öryggisatriði, enda leggur viðskiptavinurinn mikla ábyrgð í hendur þess sem hann lætur vinna við hjólabúnað bílsins. Allir góðir dekkjamenn gera sér grein fyrir því að þeir eru oft með öryggi heillar fjölskyldu í höndunum þegar skipt er um dekk á bílnum. Boðið er upp á fría loftmælingu og skoðun á ástandi dekkjanna. Mjög margir af viðskiptavinunum koma til dæmis við á verkstæðinu áður en haldið er í lengri ferðir, fá sér einn kaffibolla og aka svo út í umferðina vitandi að allt er í góðu lagi.

# Þjónustan mikilvæg hjá Nesdekki

Nesdekk, hjólbarðaverkstæði og smurþjónusta, er á tveimur stöðum, á Fiskislóð 30 í Reykjavík (á Grandanum), þar sem hún hefur verið starfandi síðan 1996. Rekstrarstjóri þar er Elías Kristjánsson. Einnig er Nesdekk með hjólbarðaverkstæði í Reykjanesbæ, að Njarðarbraut 9, sem var opnað sumarið 2009. Rekstrarstjóri Nesdekks í Reykjanesbæ er Ólafur Eyjólfsson.

Nesdekk sérhæfir sig í alhliða hjólbarðaþjónustu og er einnig með vinsæla dekkjageymslu, þar sem viðskiptavinir geta fengið að geyma dekkin sín, milli árstíða, gegn vægu gjaldi. Dekkjahótelið er mjög vinsælt meðal viðskiptavina og styttist í að auka þurfi geymsluplássið.

Nesdekk er einnig með Shell Helix smurstöðvar og starfsfólkið hefur hlotið þjálfun hjá Shell til að framkvæma verkið eins og best verður á kosið.

Nesdekk tekur einnig að sér minni háttar viðgerðir og er auk þess með perur, þurrkublöð og rafgeyma. Markmið Nesdekks er að geta sinnt bíleigendum með sem flesta hluti, auk þess að vera með fullkomna hjólbarðaþjónustu.



Nesdekk í Reykjanesbæ er á Njarðarbraut 9.




Þjónustulipurt starfsfólk Nesdekks á Fiskislóð 30. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BFGoodrich Tires

1.



BFGoodrich All Terrain

Áratuga reynsla á Íslandi. Sívinsæl jeppadekk fyrir íslenskar aðstæður, gott grip og frábær ending sem íslendingar kannast við.

2.

BFGoodrich Mud Terrain KM2

Nýtt dekk frá BFGoodrich. Mun sterkari hliðar og gert fyrir Off Road átök.



3.



BFGoodrich G-Force Stud

Dekk sem kemur neglt frá verksmiðjum BFGoodrich. Léttmálmsnaglar sem slíta malbikinu minna en þyngri naglar.

4.

BFGoodrich Winter Slalom KSI

Nýtt dekk frá BFGoodrich. Óneglanlegt vetrardekk fyrir jepplinga og jeppa. Mikið microskorið og allt það nýjasta frá BFGoodrich.



Bílabúð Benna

N1



Cooper M+S

Neglanlegt vetrardekk.

Sérhannað snjómunstur.

Eitt vinsælasta vetrardekkið undir jeppa og jepplinga á Íslandi í dag.



Michelin Alpin A4

Óneglanlegt vetrardekk.

Umhverfisvænn hjólbarði fyrir allar gerðir bifreiða.

Allt að 35% meiri ending en á öðrum hjólbörðum. Hjólbarðinn er með 10% meira gripi og styttir hemlunarvegalengd um allt að 5% á snjó, ís eða í rigningu.



Michelin X-Ice North

Negldur hjólbarði.

Umhverfisvænn hjólbarði fyrir allar gerðir bifreiða.

Frábær hjólbarði sem veitir mikið öryggi á ís og í snjó. Hjólbarðinn styttir hemlunarvegalengd á ís um allt að 10% og eykur grip í miklum snjó um allt að 10%.



Kumho KW19

Neglanlegt vetrardekk.

Hjólbarði fyrir allar gerðir bifreiða.

Hjólbarði með djúpu munstri og góðu gripi.

Frábær hjólbarði fyrir þá sem vilja komast á öruggan hátt í gegnum vetrarófærðina.

MICHELIN COOPERTIRE KUMHO TYRES

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA WWW.N1.IS Meira í leiðinni



Dagur og Hlöðver innan um dekkin hjá N1 sem er stærsti dekkjainnflytjandi landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Versla með dekk á vefnum

**N1 opnaði vefverslun með dekk um síðustu mánaðamót inni á vefsíðu sinni www.n1.is. Fólk getur fundið þar réttu hjólbarðana á bílinn sinn með því að slá inn bílnúmerið.**

„Það nýjasta í þjónustu N1 er vefverslun með hjólbarða sem við settum í loftið 1. október. Við vonum að fólk nýti sér hana og horfum ekki síst til landsbyggðarinnar í því sambandi,“ segir Hlöðver Sigurðsson, deildarstjóri hjá N1. Hann tekur fram að þeir viðskiptavinir N1 sem séu með sérstök kjör njóti þeirra líka gegnum vefverslunina. Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1, bætir því við að fólk geti fundið réttu hjólbarðana á bílinn í vefversluninni með því að slá inn bílnúmerið sitt. „Við erum með fólksbíla-, jeppa-, sendibíla-, mótorhjóla- og fjórhjóladekk þarna inni og í framhaldinu mun fleira bætast við. Felgur munu til dæmis fara þarna inn áður en langt um líður.“

N1 er stærsti dekkjainnflytjandi landsins og er með allt frá smæstu hjólbörudekkjum upp í stærstu vinnuvéladekk samkvæmt upplýsingum Dags og Hlöðvers. „N1 er umboðsaðili fyrir Michelin, Cooper, Kumho og fleiri tegundir,“ segir Dagur. En hvað ræður því helst hvaða dekkjategund fólk velur, að hans áliti. „Það er misjafnt en þeir sem einu sinni prófa að keyra á Michelin gera það gjarnan aftur. Það er vegna þess að Michelin veitir hámarksöryggi og aksturseiginleika, auk þess eru þau eldsneytissparandi því þau rúlla léttar en önnur dekk, því veldur gúmmíblandan sem í þeim er ásamt uppbyggingu hjólbarðans. Þeir sem aka á Michelin eru kannski að leggja út aðeins meiri pening í upphafi en þegar upp er staðið eru þau hagkvæmasti kosturinn.“

Hlöðver segir dekk endast mislengi, en það fer eftir aksturslagi ökumanns og þyngd og gerð bíla. „En ef við tökum sama ökumann á sama ökutæki með sama aksturlag en á sinni hverri gerðinni af dekkjum þá telst Michelin skila honum mun meiri endingu en aðrar gerðir,“ fullyrðir hann.

Átta hjólbarðaverkstæði eru á vegum N1 á landinu, sex á höfuðborgarsvæðinu, eitt á Akranesi og eitt í Reykjanesbæ.

„Starfsmenn verkstæðanna leggja sig fram við að veita faglega þjónustu með bestu tækjum sem völ er á,“ segir Dagur og tekur fram að starfsmenn hjólbarðaþjónustu N1 hafi margir hverjir áratuga reynslu. Hann minnir líka á dekkjahótel N1. „Þar er fólki boðið að geyma dekkin sín gegn vægu gjaldi, hjólbarðarnir eru yfirfarnir, felgurnar þrifnar og fólki gefin ráð um bestu nýtingu á hjólbörðum. Þessi þjónusta er vinsæl og mikið notuð. Við bjóðum líka upp á smurþjónustu á tíu stöðum og erum með útkallsþjónustu 24 tíma á sólarhring sem við köllum N1 Vegaaðstoð en hún nær til höfuðborgarsvæðisins, út á Suðurnes, austur á Selfoss og upp í Borgarnes. Síminn þar er 660-3350.“

# Vísar til þess sem koma skal

Þjónustustöð og verkstæði N1 við Bíldshöfða 2 hafa hlotið óháða vottun samkvæmt hinum alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðli ISO-14001. Þetta er mikill heiður og viðurkenning fyrir N1 og vísar veginn til þess sem koma skal.

Vottunin er afrakstur markvissrar vinnu því umhverfisvæn hugsun litar alla starfsemi á staðnum. Þar fæst til dæmis bæði metan og bíódísill til jafns við hefðbundið eldsneyti og endurnýting dregur verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.

N1 á Bíldshöfða 2 er fyrsta þjónustustöðin og eldsneytissalan á landinu sem fær þessa vottun en aðeins þrettán fyrirtæki á landinu hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt ISO-14001. Loks má geta þess að bifreiðaverkstæði N1 við Bíldshöfða er eitt af fimm verkstæðum sem hlotið hafa þessa eftirsóttu vottun.



Bjarni Hermann Sverrisson er sölustjóri verkstæðisins á Bíldshöfða 2. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Baðherbergið

Fimmtudagur 14. október 2010 • Kynning













„Við erum eiginlega að fá inn nýjungar mánaðarlega. Allskyns gerðir, ný útlit, mynstur og liti," segir Ragnar Már Valsson, sölustjóri í Álfaborg í Skútuvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Traustið er svo mikilvægt

**Álfaborg er ævintýralegt nafn á verslun enda býður hún ævintýralega mikið úrval af flísum, innréttingum, sturtum, blöndunartækjum og öllu því sem heyrir baðherbergjum til.**

„Hér fær fólk allt sem tengist baðherbergi á einum stað hvort sem það eru gólfefni, hreinlætistæki eða innréttingar og það kunna viðskiptavinir okkar vel að meta," segir Ragnar Már Valsson sölustjóri hjá Álfaborg Skútuvogi 6. Hann segir stemninguna góða þar á bæ. „Það eru spennandi tímar þó að þeir séu öðruvísi en meðan góðærið geisaði," segir hann brosandi og kveðst vera fullur bjartsýni enda sé mikið tekið inn af vörum í Álfaborg og salan sé góð. Inntur eftir nýjungum svarar hann: „Við fáum nýjungar inn mjög reglulega, í öllum vöruflokkum, allt frá litlum flísum upp í baðinnréttingar. Allskyns gerðir, nýtt útlit, mynstur í flísum og liti. Það er mikið um fallega liti. Við erum samt ekki að taka allt inn á lager heldur höfum góða aðstöðu til að sýna hlutina, svo getur fólk pantað eftir sínu höfði. Innkaupamynstrið er öðruvísi en áður." Hann segir fólk þolinmóðara að bíða eftir vörum nú en það var fyrir nokkrum árum. „Við getum útvegað vöruna með hraðsendingu á nokkrum dögum en algengast er að afgreiðslufrestur sé þrjár til sex vikur, eftir framleiðendum," lýsir hann.

Ragnar Már segir innkaupin hafa breyst frá því í góðærinu og að verðlag sé mjög sanngjarnt. Það þakkar hann birgjunum erlendis. „Birgjarnir okkar eru að bjóða aðrar og hagstæðari lausnir en áður sem við skilum svo áfram til okkar viðskiptavina," segir hann.

Álfaborg verslar með þekkt vörumerki í hreinlætistækjum eins og til dæmis Villeroy & Boch. Einnig flytur hún inn baðinnréttingar og sturtur frá danska fyrirtækinu Dansani. Sænski gólfefnaframleiðandinn Tarkett, sem er sá stærsti í Evrópu, er einn af birgjum Álfaborgar að sögn Ragnars Más og er með breitt úrval af plastparketi, viðarparketi, linoleum- og vínyldúkum. „Tarkett er ávísun á gæði og við erum stolt af að geta boðið upp á vörur þaðan," segir hann og nefnir líka helstu uppsprettur flísanna í Álfaborg, sem eru Porcelanosa frá Spáni og Imola og Marazzi frá Ítalíu. „Við erum að skipta við fáa, stóra og trausta birgja. Við þá flesta höfum við átt farsæl viðskipti í um og yfir tuttugu ár. Þetta er að okkar mati þýðingarmikið. Við þekkjum þá og þeir okkur. Traustið er svo mikilvægt í dag."

# Porcelanosa í 20 ár á Íslandi

Nú í haust eru tuttugu ár liðin frá því að Álfaborg hóf innflutning á flísum frá spænska framleiðandanum Porcelanosa. Í öll þessi ár hefur Porcelanosa verið óumdeilanlegur yfirburðaframleiðandi í Evrópu hvað varðar hönnun og nýjungar í flísum.

Hjá Álfaborg er breitt úrval af flísum frá Porcelanosa á lager. Þar eru stórar flísar, málteknar (jafnstórar), að ógleymdu frábæru úrvali af mósaík. Nú í haust eru að koma þó nokkrar nýjar gerðir. Má þar nefna flísar sem líkjast hvítum marmara á ótrúlega eðlilegan hátt auk meiri fjölbreytni í flísum með parketútliti.



Flísarnar frá Porcelanosa eru í ótal myndum.

Í tilefni af tuttugu ára afmælinu hefur Álfaborg náð mjög hagstæðum samningum við Porcelanosa og býður 20% afslátt af flísum til 15. nóvember. Þetta gerir það að verkum að þær eru mjög samkeppnishæfar við aðrar flísar á markaðnum.














ÁLFABORG
Skútuvogi 6 | 104 Reykjavík | Sími 568 6755 | www.alfaborg.is


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 og Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.

# Falleg og umhverfisvæn



Nýja Mora Mixx blöndunartækislínan fyrir baðkarið.

Þessi Mora Mixx blöndunartæki eru falleg á handlaugar.

Tengi hefur nú selt Mora-blöndunartæki í aldarfjórðung, eða allt frá árinu 1985. Þau hafa reynst einstaklega vel í íslenskum aðstæðum og neytendur verið ánægðir með kaupin. Aðalsmerki Mora-blöndunartækja hefur verið einföld uppsetning og tækin byggja á fáum varahlutum.

Fyrr á þessu ári var sett á markaðinn ný lína sem ber nafnið MoraMIXX og hefur henni verið tekið fagnandi, eins og öðrum línum Mora.

Frá fyrstu tíð hefur framleiðendum Mora verið umhugað um umhverfið og öll blöndunartæki sem þeir framleiða eru vottuð í samræmi við gæðakröfur og reglugerðir er varða flutning á neysluvatni og rennslishávaða í neysluvatnskerfum.

„Þar hefur samsetning málma í tækjunum mikið að segja, sérstaklega hvort blýinnihald er mikið eða í þeim aðrir ódýrir þungmálmar sem við viljum að sjálfsögðu ekki fá út í neysluvatnið sem við drekkum alla daga,“ segir Jón Ari.



Jón Ari Eyþórsson er verslunarstjóri Tengis, þar sem finna má hvaðeina sem prýða má og nýta í einu baðherbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gæði, þjónusta og ábyrgð

**Í tæp þrjátíu ár hefur Tengi selt og þjónustað blöndunar- og hreinlætistæki sem allar götur síðan hafa sannað sig á markaðnum sem gæðavörur. Tengi rekur verslanir sínar í Kópavogi og á Akureyri.**

„Tengi stendur fyrir gæði, þjónustu og ábyrgð,“ segir Jón Ari Eyþórsson, verslunarstjóri Tengis í Kópavogi. „Frá upphafi hefur markmið fyrirtækisins verið að bjóða góða og viðurkennda vöru á frábæru verði og frá þekktum framleiðendum þar sem byggð hafa verið upp áralöng og traust sambönd.“

Jón Ari segir Tengi bjóða gæðavörur í öllum verðflokkum og ávallt kappkosta að þjónusta alla neytendur.

„Við tökum aldrei óþarfa áhættu – látum aðra um það. Okkar hagsmunir eru eingöngu að bjóða örugga, góða og trausta vöru, enda stöndum við hundrað prósent á bak við það sem við seljum og eftirþjónustan er okkur mjög mikilvæg,“ segir Jón Ari og útskýrir að Tengi selji nánast allt sem við kemur baðherbergjum; allt frá gólfhitakerfum yfir í sturtuhausa.

„Gólfniðurföll eru fáanleg frá Kessel í Þýskalandi og Unidrain í Danmörku, en þeir síðarnefndu eru frumkvöðlar og með einkaleyfi á framleiðslu svokallaðra gólfrenna sem koma alveg upp að vegg. Dönsku niðurföllin eru úr ryðfríu stáli sem er afar mikilvægt og hafa hlotið mörg verðlaun fyrir framúrskarandi hönnun, nú síðast Danish Design Awards þann 8. október síðastliðinn,“ segir Jón Ari.

Hann bendir á að hreinlætistæki frá Ifö hafi verið til sölu hérlendis í næstum hálfa öld og vöruúrvalið sé mjög breitt.

„Þar má nefna salerni, handlaugar og sturtuklefa, en síðustu ár hefur Ifö komið sterkt inn með samsettar baðinnréttingar sem eru mjög auðveldar í uppsetningu. Önnur merki í hreinlætistækjum eru til dæmis Keramag og Sphinx, sem bæði eru framúrskarandi vörur,“ segir Jón Ari.

Meðal annarra vörumerkja Tengis má nefna innbyggðar salernisgrindur frá Geberit, sem Tengi hefur selt í um sextán ár og reynst gríðarlega vel.

„Búnaður, sem að öllu jöfnu er settur inn í lokaða flísalagða veggi, verður alltaf að vera fyrsta flokks. Það á líka við um Volablöndunartækin sem oft eru sett inn í veggi, en þau eru hönnuð af Arne Jacobsen, þeim heimþekkta, danska arkitekt. Þá selur Tengi einnig þýsku blöndunartækin frá Hansa,“ segir Jón Ari um ríkulegt vöruúrval Tengis í baðherbergi landsmanna.

„Lykilatriði í okkar huga er framúrskarandi varahlutaþjónusta og rekum við verkstæði bæði á Akureyri og í Kópavogi þar sem öll okkar tæki eru þjónustuð. Einnig er gaman að geta þess að hjá Tengi starfar sérstakur þjónustustjóri sem leysir úr öllum málum sem upp geta komið,“ segir Jón Ari að lokum.




**Unidrain**



frá Danmörku eru frumkvöðlar og með einkaleyfi á framleiðslu á svokölluðum gólfrennum sem koma alveg upp að vegg. Þessi dönsku niðurföll eru úr ryðfríu stáli sem er mjög mikilvægt og hafa þau hlotið mörg verðlaun fyrir framúrskarandi hönnun.

**Helstu kostir þeirra eru:**

- Ryðfrí
- Unidrain er einfaldara og örugg í uppsetningu
- Vinna við flísalögn verður auðveldari, vatnshalli aðeins í eina átt
- Auðvelt að þrífa
- Útkoman verður nútímalegt, sígilt og glæsilegt baðherbergi



GEBERIT

**Geberit salernisgrindur**



Innbyggðar salernisgrindur frá Geberit sem reynst hafa gríðarlega vel á Íslandi í áratugi.

Margar lausnir í boði fyrir allar aðstæður, mikið úrval af þrýstispjöldum.

TENGI

# Höldum áfram að lækka verð í takt við gengið

**Flísa- og baðmarkaðurinn opnaði í Bæjarlind 6 í vor. Þar má finna allt fyrir baðherbergið, frá handklæðum til innréttinga.**



Herdís Vattnes, verslunarstjóri Flísa- og baðmarkaðarins í Bæjarlind, segir viðtökur fólks síðan verslunin opnaði í vor vera góðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Verslunin býður eitt mesta úrval landsins af handlaugum á breiðu verðbili, vegghengdar, á borð og frístandandi,“ segir Herdís Vattnes, verslunarstjóri Flísa- og baðmarkaðarins í Bæjarlind 6. Í versluninni er einnig að finna úrval vegg- og gólfflísa eða allt að 130 tegundir sem eru afgreiddar beint af lager.

„Það er eins með flestar vörurnar hjá okkur, þær fást afgreiddar strax og viðskiptavinir okkar þurfa ekkert að bíða. Flísarnar, sem allar eru í fyrsta gæðaflokki, eru af öllum gerðum, bæði postulínsflísar og keramik. Til dæmis eigum við mjög sterkar gólflísar á bílskúrsgólf og svalir. Við leggjum áherslu á postulínið og flísarnar en bjóðum einnig úrval innréttinga, blöndunartækja og sturtuklefa,“ segir Herdís. Flísa- og baðmarkaðurinn býður vörumerki eins og Vitra, Wisa, Bathco og Ceravid. Allt eru það stórir evrópskir hreinlætistækjaframleiðendur sem vinna með ítölskum hönnunarhúsum og hönnuðum á borð við Ross Lovegrove og fleiri.

„Frá þýska fyrirtækinu Ceravid eigum við talsvert af tilbúnum pökkum þar sem fylgja með vatnslás, botnventill, Grohe-blöndunartæki, tengikranar og annað sem til þarf við uppsetningu. Þá er einfalt að raða einingunum saman og þægilegt að geta fengið allt á einum stað.“

Eigendur fyrirtækisins hafa lagt sérstaka áherslu á að bjóða aðeins þekkta gæðavöru fyrir þetta mikilvæga rými sem baðherbergið er. Í hillum verslunarinnar er því ekki einungis að finna grófari vörur til framkvæmda á baðherberginu. Verslunin býður einnig úrval fylgihluta á baðherbergið, svo sem skálar og glös undir sápur, handklæðaslár og handklæðaofna svo eitthvað sé nefnt.

„Það má segja að okkar markmið sé að bjóða góðar vörur og breitt úrval á lágu verði. Það er ekki sama álagning hjá okkur og víða annars staðar. Við erum ekki með neinn afslátt heldur bjóðum stöðugt verð. Þó stutt sé síðan við opnuðum – í mars á þessu ári – hafa viðtökurnar verið framar vonum. Fólk stendur í framkvæmdum á þessum tímum eins og áður og þá er gott að geta boðið gott verð. Við lækkum verðið einnig eftir því sem gengið lagast og það finnst mér að fleiri verslanir mættu gera. Ástandið í landinu kallar á það og nú er svigrúm til þess. Flísa- og baðmarkaðurinn mun halda því áfram í takt við gengið.“

# Leituðu hagstæðra kjara

„Meðal nýjunga hjá okkur í Flísa- og baðmarkaðnum er úrval niðurfalla og stálrista í öllum stærðum og lengdum,“ segir Herdís. Hún segir ristarnar jafnframt vera á mjög góðu verði eða í samræmi við þá stefnu fyrirtækisins að bjóða vörur á eins hagstæðu verði og hægt er hverju sinni.

Hún segir verð á þessum vöruflokki hafa verið nokkuð hátt í öðrum verslunum fram að þessu en það sé að breytast.

„Með innkomu okkar á markaðinn með þessa vöru sýnist mér verðið á vörum annars staðar hafa lækkað. Við höfum jafnvel verið helmingi lægri í verði en víða þekkist en við gáfum okkur góðan tíma í að finna framleiðendur sem bjóða hagstæðustu kjörin,“ útskýrir Herdís. Hún hvetur jafnframt viðskiptavini til að kynna sér úrval niðurfallsrista hjá Flísa- og baðmarkaðnum.



Mikið úrval er af niðurföllum og stálristum í Flísa- og baðmarkaðnum.



# Svifið á flipum yfir eyðimerkur og jökla

**Hjá fyrirtækinu Arctic Trucks eru jeppar og jepplingar í stöðugri þróun og fyrirtækið mjög framarlega á sviði breytinga og þróunar á slíkum farartækjum í heiminum, einkum hvað varðar akstur í snjó og torfærum, eins og sjá mátti í þáttunum Top Gear um ferðina á segulpólinn.**



AT 405-dekkin hafa reynst íslenskum jeppamönnum sérstaklega vel, segir Gunnar Haraldsson, sölu- og þjónustustjóri Arctic Trucks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrirtækið Arctic Trucks, Kletthálsi 3, er alþjóðlegt fyrirtæki sem hefur verið starfrækt hérlendis í tuttugu ár, í fyrstunni sem undirdeild Toyota en frá árinu 2005 á eigin vegum. Árið 1999 var opnað útibú í Noregi og nýverið var opnað verkstæði í Dubai. Jafnframt tekur fyrirtækið að sér verkefni víða um heim. Samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins er markmiðið að verða leiðandi afl í þjónustu við jeppaeigendur og breytingar á jeppum í heiminum, einkum hvað varðar breytingar til að gera jeppana færari í akstri við erfiðar aðstæður eins og til dæmis á norður- og suðurpólnum.

Gunnar Haraldsson, sölu- og þjónustustjóri Arctic Trucks, segir fyrirtækið þó sinna öllu sem viðkemur jeppum og jepplingum, en aðaláherslan sé þó á að gera jeppana öflugri, hækka þá upp og setja á voldug dekk svo þeir verði færir um að aka við erfiðari aðstæður, til dæmis á jöklum og í eyðimörkum. Gunnar leggur þó áherslu á að þjónusta þeirra sé einnig fyrir „venjulega“ bílstjóra sem vilja að ökutæki þeirra séu fær í flestan sjó. Einnig hefur fyrirtækið nýlega tekið við Yamaha-umboðinu á Íslandi svo nú falla fjórhjól, vélsleðar og vélhjól líka undir verksvið þess. „En við stundum líka allar almennar bílaviðgerðir,“ segir Gunnar. „Það er alls ekki þannig að menn verði að vera einhver jeppafrík til að geta sótt þjónustu til okkar.

### FLIPASKURÐUR Í STAÐ NAGLA

AT405 er 38 tommu dekk sem Arctic Trucks lætur framleiða fyrir sig í Kína. Hönnun þess byggir á reynslu við íslenskar aðstæður og því hefur það reynst íslenskum jeppamönnum sérlega vel, en það er bæði mjúkt og hljóðlátt. Þessi dekk voru til dæmis notuð í ferðinni á segulpólinn í sjónvarpsþættinum Top Gear. „Svo erum við líka með hin vinsælu Dick Cepek 44 tommu dekk sem eru frábær fyrir akstur í snjó,“ segir Gunnar. „Þau eru ýmist flipaskorin eða mynstri þeirra breytt með sérstökum dekkjahníf til þess að bæta gripið.“

Aðspurður segir Gunnar það verða sífellt vinsælla að vera á heilsársdekkjum en þó vilji margir vera á „þrælnegldum“ dekkjum og séu dekkin þá boruð eftir kúnstarinnar reglum og negld „í bak og fyrir“. „Svo þarf auðvitað að skipta um dekk á vorin, annars yrði þetta bíleigandanum dýrt spaug,“ segir Gunnar og hlær. „En það hefur dregið mjög mikið úr notkuninni á negldum dekkjum og þar kemur flipaskurðurinn á dekkjunum okkar til móts við breyttar þarfir bíleigenda.“

Beðinn um að útskýra hvað felist í flipaskurði segir Gunnar: „Flipaskurður er hárfínn skurður á mynstri dekkjanna. Aukinn áróður gegn notkun nagla hefur leitt til nýrra leiða með það að markmiði að viðhalda veggripi. Flestar nýjar gerðir vetrardekkja fyrir fólksbíla hafa flipaskurði og eru hluti af hönnun framleiðenda. Á flestum öðrum dekkjum er skurðurinn gerður eftir á í sérstökum vélum. Er jafnvel hægt að flipaskera hluta dekksins og negla hluta þess. Flipaskurður hefur þau áhrif að fleiri brúnir grípa í snjóinn. Við það eykst veggrip verulega, sérstaklega í þjöppuðum snjó eins og algengt er á vegum. Sumum finnst flipaskurður reynast betur en naglar.“

### FJÖLBREYTT VERKEFNI

Meginstarfsemi Arctic Trucks felst í breytingum á jeppum. Gunnar segir viðskiptin innanlands hafa dregist saman í kreppunni, en á móti komi að verkefnum erlendis hafi fjölgað, til dæmis séu þeir núna með verkefni í Brasilíu, Finnlandi og Síberíu, auk mjög stórs verkefnis í Dubai þar sem unnið er að því að gera jeppana hæfari til að ferðast yfir sand eins og í Sahara-eyðimörkinni.

Fram undan eru spennandi tímar hjá Arctic Trucks og er nú verið að vinna að verkefni í Suður-Afríku sem fróðlegt verður að fylgjast með.






**Dick Cepek FCII**

Fáanlegt í 31-35“ stærðum og fyrir 15, 16, 17, 18 og 20 tommu felgur.

Sterkt og gott alhliða jeppadekk með heilsársmynstri.

Hentar vel fyrir míkróskurð og neglingu.





**AT 405**

38 x 15,5R 15

Frábært alhliða jeppadekk, mjög hljóðlátt á vegum. Dekkið er míkróskorið og neglanlegt.

**ProComp AT (All terrain)**

Fáanlegt í 33-35“ stærðum og fyrir 17 tommu felgur.

Sterkt og endingargott jeppdekk með heilsársmynstri. Mjög hljóðlátt.

Hentar fyrir míkróskurð.





**Dick Cepek FC**

44 x 18,5 15

Frábært snjóakstursdekk sem jeppamenn þekkja af reynslunni.

Hentar vel fyrir míkróskurð og neglingu.

Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900



INT-WinterIWT2-1a
Sailun Iceblazer
IBWST1

INTERSTATE TIRES

Mastercraft
Courser CT og
Mastercraft MSR.





**Sóluð vörubíladekk.**
Hægt að negla flest munstur.
Fáanleg í fjölmörgum stærðum.
Góð verð í boði.

**Vörubíladekk**
Hægt að bora og negla. Fáanleg í mörgum stærðum. Allir verðflokkar, mismunandi munstur.



pitstop

Dugguvogi 10, Rvk. • Sími 568 2020 • Hjallahrauni 4, Hfj. • Sími 565 2121
Rauðhellu 11, Hfj. • Sími 568 2035




Sigurður Ísleifsson, innkaupa- og sölustjóri hjá Pitstop, segir aðalsmerki fyrirtækisins vera þjónustu og dekkjaúrval.

# Með dekk á hjólbörur og upp í stærstu hjólaskóflur

**Verkstæði Pitstop bjóða upp á fjölbreytta þjónustu, til dæmis smur- og smáviðgerðir ásamt því að vera dekkjaverkstæði.**

„Við höfum verið á dekkjamarkaðinum í hátt í tíu ár, fyrst undir nafninu Dekkjalagerinn, sem margir kannast eflaust við, en höfum rekið verkstæðin undir nafninu Pitstop frá árinu 2005. Fyrirtækið hefur frá upphafi haft þjónustu og dekkjaúrval á góðu verði sem aðalsmerki fyrirtækisins,“ segir Sigurður Ísleifsson, innkaupa- og sölustjóri hjá Pitstop. Pitstop rekur í dag verkstæði í Reykjavík og Hafnarfirði og bjóða þau upp á fjölbreytta þjónustu svo sem smur- og smáviðgerðir ásamt því að vera dekkjaverkstæði. Verkstæðin eru við Rauðhellu 11 og Hjallahraun 4 í Hafnarfirði og í Dugguvogi 10 í Reykjavík.

Hjá Pitstop á að vera hægt að finna allar helstu gerðir og týpur dekkja, allt frá hjólbörudekkjum og upp úr. „Nývérið höfum við byrjað að flytja inn nýja tegund vinnuvéladekkja frá indverska dekkjarisanum BKT sem er með mjög breiða línu af dekkjum fyrir vinnuvélar, eða allt frá smæstu hjólbörudekkjum upp í stærstu hjólaskófludekk,“ segir Sigurður. Pitstop er enn að auka við dekkjaúrvalið og nú síðast eru það góðir samningar við hollenska fyrirtækið Interstate Tire and Rubber sem býður upp á vetrar- og sumardekk á mjög góðu verði. „Interstate er mjög umhugað um umhverfisþáttinn í sinni framleiðslu og leggur ríka áherslu á að fylgt sé í einu og öllu reglugerðum ESB þar að lútandi.“

Höfuðstöðvar Pitstop eru á Rauðhellu í Hafnarfirði. Þar er pláss undir stóran hjólbarðalager fyrirtækisins sem ekki veitir af því salan er góð og eykst ört vegna aukinnar sölu til annarra verkstæða um allt land. Í Rauðhellunni er að finna smurstöð og stórt dekkjaverkstæði með fullkomnum vélakosti fyrir allar gerðir dekkja og bíla. „Við getum tekið stærstu vörubíla og vinnuvélar inn,“ segir Sigurður. Hann getur þess jafnframt að nafni hans, Siggi Ævars, ráði ríkjum á þessu verkstæði og hann sé mikill reynslubolti í bransanum. Sömu sögu segir hann um verkstjórana í Dugguvoginum og Hjallahrauni, þá Arnþór Hálfdánarson og Guðberg Björnsson. Undir þeirra stjórn geti viðskiptavinir treyst því að öll vinna sé fyrsta flokks enda séu verkstæðin búin bestu vélum og tækjum sem völ sé á. „Í Hjallahrauni er aðstaða til ýmissa smáviðgerða, smurstöð og hjólastillingar ásamt góðum dekkjalager og því ekkert til fyrirstöðu að hafa samband við Begga og strákana með nánast hvaðeina sem varðar bílinn eða dekkin,“ segir hann. Ásamt stórum lager í Rauðhellu eru verkstæðin í Dugguvoginum og Hjallahrauni með góðan lager af dekkjum í öllum verðflokkum.

„Hjá Pitstop reynum við stöðugt að mæta kröfum og væntingum viðskiptavina okkar og gott betur. Við höfum á undanförnum árum byggt traust langtímasamband við stóran og ört stækkandi kúnnahóp sem meðal annars sést á aukningu í geymsludekkjum en það er þjónusta sem við höfum lagt mikið upp úr í nokkur ár. Það er einn af helstu þáttum í okkar starfsemi að veita öllum viðskiptavinum okkar óaðfinnanlega þjónustu og við erum með mjög öfluga vegaaðstoð sem viðskiptavinir okkar hafa kunnað vel að meta. Við erum með öflugan þjónustubíl sem veitir vegaaðstoð þegar þess er þörf og dælir upp úr bensíntönkum þegar menn hafa verið svo óheppnir að dæla röngu eldsneyti á bílinn og margt fleira,“ segir Sigurður en þjónustubíllinn sinnir svæðinu frá Hvalfjarðargöngum til Suðurnesja.

# Bretta upp ermar og halda áfram

„Það var aðeins hluti lagersins sem varð fyrir tjóni. Vörubílaverkstæðið, smurstöðin og fólksbílaverkstæðið urðu ekki að neinu leyti fyrir skakkaföllum af völdum eldsvoðans,“ segir Sigurður Ísleifsson hjá Pitstop en hluti dekkjalagers fyrirtækisins að Rauðhellu í Hafnarfirði fuðraði upp aðfaranótt þriðjudags.

„Við erum þegar byrjaðir á uppbyggingu,“ segir Sigurður og bendir á að Pitstop eigi enn ágætan lager sem geymdur sé bæði í gámum og öðru húsnæði á svæðinu. „Við erum síðan byrjaðir á því að viða að okkur nýjum lager og ætlum að koma því öllu á rétt ról eftir tvær eða þrjár vikur.“



Sigurður lýsir því að tvö hólf hafi brunnið. Annað sé algerlega ónýtt en hitt hafi skemmst minna. Næsta skref verður að hreinsa út úr því húsnæði sem enn er nothæft og lagfæra það.

Sigurður gerir ráð fyrir að allar tryggingar fyrirtækisins séu í lagi. „Svo brettum við bara upp ermarnar og höldum áfram.“

# Verkstæði Kletts í Klettagörðum

Klettur rekur þjónustuverkstæði fyrir hjólbarða í Klettagörðum sem jafnframt er eitt fullkomnasta og stærsta vörubílaverkstæði á landinu. Húsnæðið býður upp á að vörubílar geti keyrt í gegnum verkstæðið. Auk stórra bifreiða eru minni fólksbílar einnig þjónustaðir á verkstæðinu.

Klettur selur hjólbarða á hjólbarðaverkstæði um land allt og er aðalstarfsemi fyrirtækisins því á heildsölumarkaði. Sölu- og þjónustusvið Kletts er til húsa að Klettagörðum 8-10 og er opið alla virka daga frá klukkan 8 til 17. Hægt er að bóka tíma í síma 590 5190 eða á heimasíðu fyrirtækisins; klettur.is og með því að senda tölvupóst á tires@klettur.is. Verðlista yfir dekkin er hægt að nálgast á klettur.is.




**Húsnæðið að Klettagörðum býður upp á að stærstu vörubílar geta ekið í gegnum verkstæðið þar sem stórar dyr eru báðum megin.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**„Við reynum að vera leiðbeinandi og leggjum ríka áherslu á góða þjónustu," segir Þorgeir Ragnar Pálsson, vörustjóri hjá hjólbarðadeild Kletts. Með honum á myndinni eru Eggert Bjarki Eggertsson og Gísli Ólafsson, starfsmenn Kletts.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Goodyear er flaggskip okkar í hjólbörðum

**Fyrirtækið Klettur starfrækir öflugt hjólbarðasvið og býður upp á breitt vöruúrval dekkja, allt frá mótorhjóladekkjum upp í dekk fyrir stærstu gerðir vinnuvéla en aðalmerki Kletts í dekkjum er Goodyear. Fyrirtækið er til húsa í Klettagörðum 8-10.**

Klettur er nýtt fyrirtæki sem byggir á gömlum grunni. Fyrirtækið hét áður Vélasvið Heklu en var selt úr úr Heklu í sumar og er því í eigu nýrra aðila með trausta starfsemi. Klettur er til húsa í Klettagörðum við Sundahöfn og er stór heildsali í dekkjum fyrir fólksbíla, jeppa, sendibíla, vörubíla, vinnuvélar og mótorhjól auk þess að reka glæsilega dekkjaþjónustu fyrir minni fólksbíla og svo stærstu gerðir vörubíla.

„Klettur býður upp á mjög breiða línu dekkja fyrir mótorhjól, fólksbíla, lyftara, sendibíla, vörubifreiðar og svo stærstu gerðir vinnuvéla. Við erum aðallega heildsalar fyrir hjólbarðaverkstæði um land allt, en sinnum samt smásölumarkaðnum líka," segir Þorgeir Ragnar Pálsson, vörustjóri hjá hjólbarðadeild Kletts.

Aðalvörumerki Kletts í hjólbörðum er Goodyear og Dunlop og undirmerki frá Goodyear má fá á góðu verði. Goodyear er stór framleiðandi í til að mynda vörubíladekkjum sem og í dekkjum fyrir vinnuvélar en hefur einnig verið með nokkrar ódýrari línur í boði til að geta keppt á verðmarkaðinum, án þess þó að gera minni kröfur til öryggis og gæða. Goodyear og Dunlop hafa framleitt hjólbarða í meira en 100 ár.

„Goodyear er flaggskipið okkar en annað merki sem við erum með er Winterforce, sem eru kanadísk dekk framleidd af Firestone. Þau dekk eru vinsæl undir óbreytta jeppa og jepplinga en Winterforce-dekkin henta afar vel við íslenskar aðstæður og eru fáanleg bæði negld og ónegld á góðu verði. Kelly og Fulda eru svo undirmerki frá Goodyear á góðu verði, bæði framleidd í Evrópu. Þessi vörumerki eru mjög sterk og hafa verið lengi á dekkjamarkaðinum. Við bjóðum líka upp á gott úrval lyftaradekkja frá dönskum birgi."

Dekk í fólksbíla er hægt að fá bæði negld og ónegld og Þorgeir segir miklu skipta að ökumenn velji dekk sem þeim líði vel á, geri þá örugga og velja skuli negld dekk ef bílstjórum líði betur þannig. „Við reynum að vera leiðbeinandi og leggjum ríka áherslu á góða þjónustu og að geta aðstoðað viðskiptavininn fljótt og vel."

**Goodyear UG 7+.**
Afburðadekk við íslenskar aðstæður. Háþróað dekk frá Goodyear sem hefur hlotið 1. sæti í virtum samanburðarkönnunum víða um heim.

GOODYEAR






Heilsársdekk frá Kelly með góðu stefnumynstri á frábæru verði. Kelly dekkin eru í eigu Goodyear og framleidd undir þeirra gæðastaðli.

KELLY TIRES

**Goodyear Duratrac.**
Sterk og endingargóð jeppadekk. Munstur sem virkar vel við allar aðstæður.

GOODYEAR





Neglanleg vetrardekk framleidd af Firestone. Endingargóð kanadísk dekk á frábæru verði. Tilvalin undir jepplinga og óbreytta jeppa.

WINTERFORCE

KLETTUR



**● KEPPST VIÐ AÐ FINNA UPP HJÓLIÐ** Í árdaga bílamenningar urðu eigendur ökutækja að skipta mun oftar um dekk en í dag, enda mikið vatn runnið til sjávar síðan Charles Goodyear fann upp dekkjagúmmíið árið 1844. Það var svo John Dunlop sem fann upp loftfyllt reiðhjóladekk fjórum árum síðar, en Andre Michelin reyndi þau fyrst undir bíl árið 1895, án árangurs.

Fyrsta dugandi hjólbarðann hannaði uppfinningamaðurinn Philip Strauss árið 1911, en dekkin seldi hann í gegnum fyrirtæki sitt Hardman Tire & Rubber Company. Formgerð og uppbygging þeirra dekkja var afar ólík því sem nú þekkist, og reyndar voru dekk Strauss keimlík reiðhjóladekkjum með innri, uppblásinni slöngu til að skapa nógu þétta undirstöðu fyrir ytri gúmmíhjólbarðann.

Ending nútímadekkja hefur aukist mjög frá því að Strauss lagði línurnar fyrir einni öld, en langlífi dekkja nú má rekja til háþróaðrar tækni og mun hentugri efniviðar.

# Til vonar og vara

Bifreiðaeigendur þurfa að gæta þess að varadekkið sé í lagi og á sínum stað og þá sérstaklega áður en lagt er af stað í langferðalög.

Búnaðurinn sem nauðsynlegt er að fylgi varadekki er meðal annars tjakkur, góður felgulykill, viðvörunarþríhyrningur og ekki er verra að hafa vasaljós við hendina meðan á skammdeginu stendur.

Passa þarf að nægur loftþrýstingur sé í varadekkinu og einnig þurfa bílstjórar að athuga hvort þeir kunni ekki að losa dekkið þar sem varadekkin eru oft fest á mismunandi hátt. *-jma*



**Að skipta um dekk getur verið skemmtilegt, en það getur orðið martröð líkast ef rétt tæki og tól vantar.**



**Sjö tonna skrímslatrukkur sýnir hvers hann er megnugur. Smábíllinn má sín lítils gegn ofurdekkjum trukksins.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Dekk sem mylja smábíla

**Keppni skrímslatrukka, eða monster trucks, nýtur mikilla vinsælda í öllum heiminum en þó mest í Bandaríkjunum þar sem keppnin varð til á áttunda áratugnum.**

- Keppni skrímslatrukka er haldin í borgum um allan heim á öllum árstíma. Heimsmeistaramótin eru þó ávallt haldin í Las Vegas í mars á hverju ári.
- Dekk skrímslabílanna eru oft á tíðum 66 tommur. Venjulegt lið notað í kringum átta dekk á hverju ári en hvert þeirra kostar 2.600 dollara.
- Stærð trukkanna er mismunandi en meðalstór bíll er um 4,5 tonn og um 3,5 metra hár og breiður og 6 metra langur.
- Keppnin fer jafnan fram samhliða öðrum mótoríþróttum á borð við mótorkross og dráttavélatog.
- Skrímslatrukkasýning gengur yfirleitt út á að bílarnir aka yfir og kremja minni bílhræ undir risavöxnum dekkjunum.
- Ekki aðeins litlir bílar verða fyrir barðinu á skrímslunum sem einnig fá að spreyta sig á húsbílum, skólarútum og litlum flugvélum.



**Þekkti trukkurinn Bigfoot flýgur yfir bílhræ á skrímslatrukkasýningu í Anaheim í Kaliforníu árið 1989.** NORDICPHOTOS/GETTY

**● NEGLD EÐA ÓNEGLD?**
Við dekkjaval er best að hafa í huga aðstæður og atferli hvers og eins, það er að segja hvort fólk þarf raunverulega á negldum hjólbörðum að halda til dæmis vegna búsetu, ferða yfir heiðar að vetrarlagi og svo framvegis. Vegna aukaverkana nagladekkja, svo sem slits á vegum og götum, hávaða og rykmengunar, er æskilegt að þeir sem ekki þurfa á þeim að halda aki um á ónegldum vetrardekkjum á þeim árstíma þegar lög kveða á um notkun slíkra dekkja. Heimild: Vísindavefurinn










## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Denímstúlkur og hattaðir hestasmalar

Á tískuviku í París er alltaf eitthvað um merkilega viðburði og að þessu sinni var líklega það athyglisverðasta opnun H&M á Champs-Elysée-breiðgötunni, þeirri sem Frakkar af mikilli og heimsþekktri auðmýkt kalla þá „fallegustu í heimi“. Hin 2.000 fermetra H&M búð er hönnuð af einum frægasta arkitekt Frakklands, Jean Nouvel. Að sjálfsögðu var mikið um dýrðir við opnunina og ýmis merkikerti þar á ferð. Reyndar hefur staðið nokkurt stapp í kringum þessa búð þar sem borgarstjórn Parísar taldi nóg komið af tuskubúðum á Champs-Elysée og hafnaði byggingaleyfinu en H&M hafði betur fyrir dómstólum þrátt fyrir nokkurra ára tafir. Reyndar hafnaði borgin nú nýverið umsókn Banana Republic (GAP) sem ætlaði sér að komast á Champs-Elysée.

Stella McCartney heldur áfram að skera sig úr hvað varðar aðra hönnuði með einstaklega þægilegri kventísku. Fyrirsæturnar voru á sléttbotna skóm eins og reyndar sást á fleiri tískusýningum að þessu sinni eins og hjá Lanvin og Chloé til dæmis. Spurning hvort skótískan á sýningarpöllunum sé að breytast? Hjá McCartney fer tískusýningin að vanda fram klukkan tíu að morgni, eins og sagt er á tíma tískunnar. Það er því ekkert kampavín í boði fyrir gesti heldur aðeins kaffi og croissant, afskaplega heilbrigt að hætti Stellu! Buxurnar voru víðar með háu mitti sem er töluvert einfaldara snið fyrir konur frjálslega vaxnar í stað lágmittisbuxna, hinna svokallaðra slim sem passa helst fyrir konur með spýtuvaxtarlag. Stella er enn og aftur að vinna úr bernskuminningum sínum í hippafjölskyldu Lindu og Pauls, afskaplega ´70. Denímefni er notað í stuttbuxnapils og mussur og pastellitir áberandi.

Annar viðburður á tískuviku var kveðjusýning Jean-Paul Gaultier hjá Hermès en hann hefur hannað kvenlínuna í sjö ár, frá því hann tók við af Martin Margiela. Hann segir það hafa verið ánægjulegan tíma en nú ætli hann að einbeita sér að sínu eigin tískuhúsi enda hannar hann þar sex tískulínur á ári. Þemað á þessari síðustu sýningu Gaultiers fjallaði um lukkudýr tískuhússins, hestinn. Kvenmyndirnar bera barðastóra hatta við buxur og leðurstígvél. Mikið er um leður sem einkennir tískuhúsið og helstu litirnir eru kamel- og tóbaksbrúnt og konurnar eru líkt og komnar beint af búgarðinum. Gaultier notar einnig krókódílaskinn eins og svo oft áður. Sá næsti sem reynir við Hermès í mars á næsta ári heitir Stephane Lemaire.

*bergb75@free.fr*



# Rokkaður yndisþokki

**Valentino sýndi á sér nýja hlið á dögunum.**

Nýja lína tískurisans Valentino bar með sér virðuleika og fágun, þrátt fyrir að nýir hönnuðir hafi kvatt hugmyndir um lúxus og glæsileika og sýnt hörkulegri, dekkri og rokkaðri hlið. Mest fór fyrir síðdegiskjólum úr blúndu og mátti einmitt sjá breytingu frá fyrri síðdegiskjólum Valentinos þar sem ákveðið yfirlæti fylgdi nýju línunni.

Litaspjaldið bar þó ekki með sér miklar breytingar, með dökkum litum, sandlituðum og gráum tónum í bland við einstaka rauðan. *-jbá*



Síðdegiskjólar voru áberandi í línu Valentino.

Á vefsíðunni www.net-a-porter.com er að finna hátískufatnað frá helstu tískuhönnuðum heims. Þar er gaman að skoða sig um og hugga sig við að ódýrar verslunarkeðjur eru fljótar að taka upp ríkjandi strauma.

**Heimild: www.net-a-porter.com**


# Útsala hjá friendtex í þrjá daga



**Nú er hægt að gera góð kaup**

**Opið: fimmtud. og föstud. frá 11-18**
**laugardag 11-16**

**ATH vörur úr haustlista 2010 eru ekki á útsölu.**

**Bonito ehf. | Friendtex | Faxafen 10| 108 Reykjavík**
**sími 568 2870 – www.friendtex.is**

## ZUMBA® á NordicaSpa

**Ný námskeið hefjast 18. okt.**

# Dansaðu þig í fanta form!



- **Mikil fitubrennsla** – eykur þol og styrk
- **Latin-tónlist** (salsa, cumbia, merengue, raggaeton, samba og fleira)
- **Auðveld spor** fyrir allan aldur
- **Handklæði** við hverja komu
- **Herða- og höfuðnudd** eftir hverja æfingu

**4 vikna námskeið**
**2 fastir tímar + 5 opnir Zumba-tímar**
Verð: 19.900 kr.
**Innifalinn aðgangur að tækjasal, opnum tímum á stundaskrá og SPA-inu.**

**Skráðu þig strax í síma 444 5090**

NORDICASPA
www.nordicaspa.is

# FRÚIN ER ENN Í TILTEKTARSTUÐI

## 20-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM




- **Allir skokkar áður 16990**
  St. 36-48
  **Nú 5000**
- **Skór áður 14990**
  **Nú 5000**
- **Kápur áður 14990**
  ath aðeins litlar stærðir
  **Nú 5000**
- **Bolakjólar áður 9990**
  ath stórar stærðir
  **Nú 5000**

**Og margt margt fleira**
**Nýtt kortatímabil**

FLASH
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

# FULL BÚÐ

AF NÝJUM VÖRUM



**25% afsláttur**
Í TILEFNI AIRWAVES
frá fimmtudegi til laugardags

MOMO KONUR
MOMO MENN

MOMO
LAUGAVEGI 42
SÍMI 552 1818
MOMO.IS

# BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED . Árgerð 6/ 2007, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.132624 Umboðsbíll uppl síma 517-1111 eða 696-1001.



BMW M6. Árgerð 2007, ekinn 39 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 13.900.000. Rnr.125316. Bíllinn er á staðnum. Bíll með öllu. Ýmis skipti ath. uppl. síma 517-1111.



M.BENZ E 200 CGI AVANTGARDE 2010 . Árgerð 2010, ekinn 27 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.132898 Bíllinn er á staðnum til sýni. uppl. síma 517-1111.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Bíla & FerðavagnaMarkaður. Óskum eftir öllum gerðum af bílum og ferðavögnum á skrá. Visa/Euro lán allt að 500.000 kr. til 36 mán. til 36 mán. Stórt útipláss. 25 % afsláttur af sölulaunum. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

bilfang.is
S.567 2000



FORD F250 CREW CAB 4X4 Árgerð 2004. Ekinn 165 Þ.KM Verð kr. 2.280.000



DODGE DURANGO 5,7 HEMI LIMITED (7 MANNA) Árgerð 2007. Ekinn 30 Þ.KM Verð kr. 4.490.000

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



HONDA CIVIC 2.0 TYPE „R". Árgerð 2005, ekinn 113 þ.km, BENSÍN, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.152028 Standalone tölva, flækjur opið púst, cold air intake, læst drif, lægri hlutföll, nýyfirfarin gírkassi 13,8@108mph besti 1/4 tími.



SKODA OCTAVIA RS TURBO. Árgerð 2002, ekinn 71 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.350.000. Rnr.170402 Mjög gott eintak!

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



Nissan Almera 1.8 Luxury 2/2002 beinskiptur álfelgur 4 dyra ek 172 þ (120 á vél ) verð 790.þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100 bílar.is bílasala



Dodge Intrepid SXT 3,5ho, árg. 2003, ek.102þús.km, sjálfskiptur, loftkæling, góð heilsársdekk, omfl, Flottur og þægilegur bíll, Ásett verð 1390þús.kr, gott staðgreiðsluverð, er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

BÍLALIND.is



SUBARU IMPREZA STI. 07/2007, ekinn 27 þ.km, drekkhlaðinn af aukahlutum! Ásett verð 5,8mkr. Hrikalega gott tilboðsverð 3.990.000 stgr. #281353 - Bíllinn er í salnum hrikalega flottur!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

## Varahlutir

# Bremsuhlutir á góðu verði

Eigum úrval bremsuhluta fyrir alla bandaríska bíla, sem og í fjölda evrópskra og japanskra jeppa, á frábæru verði.

**Upplýsingar í síma 590 2000**

Jeep PONTIAC GMC









| | Grand Cherokee árg. 99-04 | Nissan Murano árg. 99-04 | Ford F-250 og F-350 árg. 99-04 | Dodge Grand Caravan árg. 01-08 | Chevy Trailblazer árg. 02-05 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bremsuklossar að framan (f. bæði hjól) | kr. 7.990.- | kr. 7.990.- | kr. 9.990.- | kr. 6.990.- | kr. 6.990.- |
| Bremsuklossar að aftan (f. bæði hjól) | kr. 7.990.- | kr. 7.990.- | kr. 8.660.- | kr. 4.980.- | kr. 7.990.- |
| Diskar að framan (stk.) | kr. 7.990.- | Sérpöntun | kr. 13.990.- | kr. 7.490.- | kr. 7.990.- |
| Diskar að aftan (stk.) | kr. 6.990.- | Sérpöntun | kr. 11.990.- | kr. 6.990.- | kr. 9.990.- |
| Þéttisett fyrir eina dælu að framan | kr. 668.- | kr. 390.- | kr. 833.- | kr. 866.- | kr. 1.064.- |
| Þéttisett fyrir eina dælu að aftan | kr. 813.- | Sérpöntun | kr. 992.- | kr. 833.- | kr. 440.- |
| Stimpill í framdælu (stk.) | kr. 2.424.- | kr. 4.455.- | kr. 3.140.- | kr. 3.649.- | kr. 2.056.- |
| Stimpil í afturdælu (stk.) | kr. 1.923.- | Sérpöntun | kr. 2.942.- | kr. 2.142.- | Sérpöntun |
| Festisett fyrir klossa að framan | kr. 1.752.- | kr. 985.- | kr. 3.860.- | kr. 1.897.- | kr. 4.303.- |
| Festisett fyrir klossa að aftan | kr. 906.- | kr. 1.175.- | kr. 2.862.- | kr. 730.- | kr. 2.280.- |

Bílabúð Benna
Stofnað 1975
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

## Bílar til sölu



**Gullið tækifæri**
Lúxus jeppi tilbúinn í veturinn mikla. Ásett 3.5m áhl 2.8m, vantar í staðin dömubíl framdrifinn eða 4x4 helst skutbíl á verðbilinu 1-2m. VW TOUAREG V8. Árg'04, ek. 133þús, bensín, ssk. Magnús 893-6599.



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Nissan Almera Lux árg.'01 til sölu. Dekurbíll. 1800cc, ssk, ek.96þús., góðar græjur, bremsur og púst nýyfirfarið. V.650þús. S: 822 2359.



Til sölu Peugot Partner árg'03. ek.86þús. Vetradekk, bensín, eyðir 5l á 100. Uppl í s. 616 2597



Toyota Corolla silfurgrá árg. 2002 ekin 107.500. Sjálfsk. Álfelgur. Nýleg sumardekk og negld vetrardekk fylgja. Fallegur og vel með farinn dekurbíll, tveir eigendur. Verð 950 þús. uppl. í síma 864 4619.



Glæsilegur Audi Q7 TDI árg.'06, ek. 78þús. Ásett verð 7.6m,tilboð 6.950. Uppl. í síma 894 8888.



Toyota Corolla, sjálfskipt árg. 2003. Ekinn 61.300. Þarfnast lagfæringa. Ásett verð 1.290.000.- fæst á kr. 800.000.- staðgreitt. Ekkert áhvílandi. Leifur 820 8100.

Toyota Avencis árg 98' ek.233þ. ssk. nýtt í brensum ný skoðaður og yfir farinn v. 350þ. uppl: 695 2087.

## 0-250 þús.



**Sjálfskiptur á tilboði 250 þús!**
DAIHATSU APPLAUSE 1,6 LIMITED árg.'99 ek.133 þús.,ssk., skoðaður 2011, álfelgur, rafmagn í ruðuðum ofl. þetta er góður og sparneytinn bíll! viðmunaðarverð hja bgs er 498 þús. en fæst á TILBOÐSVERÐI 250 ÞÚS. STGR! s. 841 8955.



**!!! Sjálfskiptur á 260þús!!!**
Nissan almera 5dyra árg. Ek. 156 þ.km 1998 ssk. álf cd skoðaður til sept 2011 uppl. s. 650 3646.

Til sölu Nissan Micra árgerð 1994 keyrð 136000 upplýsingar í síma 860 3828 Sigurður

## 250-499 þús.



**Sparneytinn bíll á 250 þús!!!**
DAEWOO NUBIRA SX árg.'99 ek.137 þús,beinskiptur,álfelgur,spoiler,cd,skoðaður 2011,góður bíll sem eyðir litlu ásett verð 490 þús TILBOÐ 250 ÞÚS. s.841 8955

Toyota avensis árg.'00/keyrður 172 þús./Þarfnast smálagfæringar/Selst á 550þús. Upplýs:8623440/mani76@simnet.is

## 500-999 þús.

GLÆSIKERRA Jeep Cherokee 99' EK-160Þ. ÁSETT 1090. TILB.óskast eða skipti á ódýrari. s:698 6009

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**!!! VANTAR BÍL !!!**
Fyrir allt að 200 þ. stgr. má þurfa að laga. Skoða allt ! Uppl. s. 777 3077.

## Sendibílar



Eveco 120 E23 Ek. 265 þ. Árg. ,00. Undir 5T burður. Verð 3,8m + vsk. Ýmis skipti möguleg. S. 822 9500 eða kiddith@mmedia.is

## Vinnuvélar

LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ



leiguvelar.is
Sími: 414-8600



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

Allt að 70% afsláttur. Seljum einnig alla björgunarbáta á lager með afslætti. Gildir aðeins út vikuna 11-16 október, ATH opið frá 17:30-20:00 eftirmiðdag, 10-14 laugardag. Gúmmíbátar & Gallar S:5711020 ,Askalind 7, 201 Kópavogur. Gúmmíbátar & Gallar, www.gummibatar.is

Til sölu einn Zodiac Mark2, án mótors, og Avion slöngubátur, án mótors. Uppl. í S. 863 5699

Vantar Grásleppuleyfi, allar stærðir. Einnig báta af öllum gerðum, til sölumeðferðar. Uppl. s. 893 3985 Híbýli og skip ehf.

## Varahlutir

**ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR**

Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!

Afhending á sérpöntunum frá USA tekur 4-7 vinnudaga. Hraðþjónusta líka í boði.

Getum útvegað hluti í m.a.:
- Toyota
- BMW
- Mitsubishi
- Nissan
- GMC
- Dodge
- Chevrolet
- Pontiac
- Ford
- Dodge
- Chrysler
- Jeep
- Cadillac
- Mercedes

Jeep PONTIAC GMC

Bílabúð Benna
Stofnað 1975
www.benni.is
590 2000

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Auðbrekka fimm eignarhlutar fjárfesting



Um er að ræða fimm eignarhluta samtals 523,1 fm með góðu aðgengi frá götu (innkeyrsluhurðir). Eignarhlutarnir seljast saman. Útsýni til norðurs. Fjögur bil af fimm eru í útleigu og er eitt bil laust sem er 129,8 fm. Húsið er á áberandi stað sem hefur gott auglýsingagildi.
**V. 47,0 m.** 6056

## Hvaleyrarbraut - gott verð



2.007 fm húsnæði sem stendur á ca. 4.000 fm lóð. Húsnæðið er tvískipt og aftari hlutinn, sem er ca. 800 fm, er í slæmu ástandi, m.a. vantar þak á húsið. Fremri hlutinn skiptist í tvo eignarhluta; 450 fm og 750 fm, sem eru í leigu - annarsvegar til fiskvinnslu og hinsvegar til vélsmiðju.
**V. 55,0 m.** 6001

## Skemmuvegur - atvinnuhúsnæði.



Atvinnuhúsnæði á götuhæð við Skemmuveg í Kópavogi. Húsnæðið er samtals 320 fm skipt í tvo hluta og eru báðir hlutarnir í leigu. Annar hlutinn hefur verið mikið endurnýjaður. Mjög góð staðsetning og útsýni.
**V. 32,0 m.** 5922

## Eyrartröð - Hf.



Atvinnuhúsnæði sem auðvelt er að skipta upp í fleiri einingar. Verð ca. 67 þús pr. fm. Í dag skiptist húsnæðið í tvo stóra sali með innkeyrsluhurðum ásamt þremur minni rýmum auk tækjarýmis. Ástand hússins virðist vera sæmilegt að utan en að innan er húsnæðið fokhelt.
**V. 35,0 m.** 5846

## Hringbraut - 320 fm skrifstofuhús-



320 fm skrifstofuhúsnæði á 3.hæð í lyftuhúsi með útsýni. Eignarhlutinn skiptist í forstofu, hol með kaffiaðstöðu, þrjár stórar skrifstofu, stórt opið rými og tvær snyrtingar. Sanngjarnt verð. **V. 29,8 m.** 5773

## Ögurhvarf - vandað húsnæði



Einstaklega gott og vandað, samtals 511,8 fm iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði á áberandi stað með góðu aðgengi og stóru bílaplani með gámaaðstöðu. Samkvæmt skráningu er húsið skráð: Iðnaður 363,3 fm og Skrifstofur 148,5 fm. ATH! Engin virðisaukaskattskvöð. **V. 83,5 m.** 5323

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 30.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Nýleg og björt 60fm 2.herb íbúð til leigu á Álftanesi.Laus 1.nóv.Uppl í s. 825 0090

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga. Gistihúsið Egilsborg 896 4661**

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 59 þ. S. 824 6692.

3ja 120 fm íbúð í Grb til leigu. 130 þús. á mán. 3 mán fyrirfram eða bankaábyrgð. Hafa samband í síma 846 0015 Íris.

## Húsnæði óskast

**!!!Íbúð óskast!!!**
Fjögurra manna fjölskylda bráðvantar íbúð frá 1. des. Mjög róleg og viljum langtímaleigu. Getum fengið góð meðmæli frá núverandi leigusala. S: 6168008 teddi.jons@gmail.com

Ungt par með eitt barn og annað á leiðinni óskar eftir 3-4 herbergja íbúð í Kópavogi þann 1.11 n.k. Óskum eftir langtímaleigu. Skilvísum greiðslum og góðri umgengni heitið. Pétur 867 2671

## Fundir / Mannfagnaður

**Foreldraþing SAMFOK**
**- Allir í sama liði,**

verður haldið í kvöld kl. 20 í Laugalækjarskóla við Laugalæk.
Aðalfyrirlesari er Nanna Kristín Christiansen.
Þingið er opið öllu áhugafólki um foreldrastarf í skólum og aðgangur er ókeypis.
Verið velkomin, SAMFOK

## Atvinna

Skipulagsstofnun

**Lögfræðingur óskast til starfa hjá Skipulagsstofnun**

Lögfræðingur vinnur að og veitir ráðgjöf við úrlausn viðfangsefna stofnunarinnar á sviði skipulagsmála og umhverfismats.

Umsóknir sendist fyrir 5. nóvember 2010 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík
Upplýsingar um starfið veitir Stefán Thors í síma 595 4100

## Til sölu

**Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði, Vopnafjarðarhreppi.**

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum 7. október 2010 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði samkvæmt 2. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felur í sér skilgreiningu nýs byggingarreits við Hafnarbyggð 14 sem ætlað er fyrir hrognaþurrkun.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga frá fimmtudeginum 14. október 2010 til fimmtudagsins 25. nóvember 2010.

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps eigi síðar en kl. 16:00 fimmtudaginn 25. nóvember 2010.

Hægt verður að nálgast uppdrátt með tillögu að breytingu á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps - vopnafjardarhreppur.is - frá og með 14. október 2010.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps**

Símabær óskar eftir einstaklingsíbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst fyrir reglusaman einstakling. S. 899-2649. Gylfi

## Fasteignir



**Hesthús - Víðidalur- frábært verð**
Til sölu fallegt og vel umgengið hesthús fyrir fjóra hesta ( 2x 2ja hesta stíur). Mjög gott ástand. Reiðgerði. Sér heygeymsla, falleg kaffistofa og snyrting, geymsla fyrir reiðtygi. Laust strax. Verð aðeins 5,9 millj. Ekkert áhvíl. S: 895 2049.

## Sumarbústaðir

Vantar rotþró fyrir sumarbústað ca 2300 - 3000 lítra. Uppl. í s. 867 7716 eða 692 2522.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
Tunguháls 327 fm iðnaðar, 2 innkeyrsluhurðir, lofthæð 4,70 . Við sund. ca 85 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð 95 fm verslunar / þjónustu á jarðhæð og 40 fm skrifstofa á 2. hæð leiguval.is simi 553 9820 og 894 102

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**
**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**SÉRTILBOÐ**
Örfá stæði: Tjaldvagnar - 19 þ. Lítil fellihýsi - 29 þ. Upphitað og vaktað á Eyrarbakka. S: 564-6501.

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH! Upphitað gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna Atvinna**
**Deildarstjóri óskast til starfa í Rúmfatalagernum Smáratorgi Upplýsingar gefur Njáll í síma 820 8004 eða á staðnum.**
**Rúmfatalagerinn Smáratorgi**



Nú geta konur sem vilja afla sér aukatekna, t.d. sem símadömur eða fyrirsætur, notað djarfa samskiptavefinn PurpleRabbit.eu til að kynnast nýju fólki og koma sér á framfæri."

**Starfskraftur óskast**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Myndarleg kona og fallega vaxin vill kynnast karlmanni með skemmtilegt ævintýri í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8125.

PurpleRabbit.eu Þú finnur allskonar skemmtilegar, djarfar og spennandi auglýsingar á kanínunni frá einstaklingum og pörum sem vilja sýna sig og/eða kynnast fólki með djörf ævintýri í huga.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

**Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga eru hér kynntar breytingar á aðalskipulagi í Bláskógabyggð:**

**1. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Syðri-Reykja.**
Í breytingunni felst að um 90 ha svæði fyrir frístundabyggð suðvestan við bæjartorfu Syðri-Reykja fellur út. Svæðið verður að mestu skilgreint sem landbúnaðarsvæði en að auki er gert ráð fyrir um 4 ha iðnaðarsvæði á suðausturhluta spildunnar sem fyrirhugað er nýta fyrir meðhöndlun á seyru.

Áður en tillagan verður tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn verður hún til kynningar í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga á skrifstofu Bláskógabyggðar og á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, Laugarvatni, frá fimmtudeginum 14. október til föstudagsins 22. október 2010. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/

**Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Syðri-Brúar.**
Í breytingunni felst að um 2 ha svæði syðst á jörðinni, vestan þjóðvegar, breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði þar sem fyrirhugað er að stofna lítið lögbýli. Á umræddu svæði er í gildi deiliskipulag fyrir tvær frístundahúsalóðir og verður því breytt í kjölfar aðalskipulagsbreytingarinnar.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á Borg og hjá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóhrepps, Dalbraut 12, Laugarvatni frá 14. október til 5. nóvember 2010. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdir við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 5. nóvember 2010 og skulu þær vera skriflegar. Hvers sá sem ekki gerir athugasemdir fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

**Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**3. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingvallasveitar 2003-2015 í landi Heiðarbæjar**
Um er að ræða lagfæringu á uppdrætti á þann hátt að frístundahúsalóðir sem þegar eru til staðar á jörðinni eru skilgreindar sem svæði fyrir frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis. Ekki er um fjölgun lóða að ræða.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**4. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í landi Nesja í Grímsnes- og Grafningshreppi. Setberg.**
Tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóðaí landi Nesja, svæði sem kallast Setberg. Lóðirnar eru 4,1 og 5,1 ha að stærð og eru ofan við Grafningsveg. Á lóðunum verður heimilt að reisa frístundahús á bilinu 50-300 fm auk þess sem aukahús má vera allt að 40 fm.

**5. Deiliskipulag frístundahúsalóða við Hvítárbraut í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi 10 frístundahúslóða við Hvítárbraut í landi Vaðness. Á umræddu svæði eru í dag 8 lóðir en ekkert deiliskipulag í gildi. Samkvæmt tillögunni stækkar lóð nr. 15 úr 3.000 fm í 6.000 fm og í staðinn minnkar lóð nr. 17 úr 10.600 í 7.600 fm. Þá er gert ráð fyrir að lóð nr. 19 sem í dag er rúmir 3 ha verði skipt í þrjár lóðir. Á hverri lóð má reisa allt að 250 fm frístundahús og allt að 40 fm aukahús, þó þannig að nýtingarhlutfall fari ekki upp fyrir 0.03.

**6. Deiliskipulag frístundar- og skógræktarsvæðis úr landi Grafar við Flúðir í Hrunamannahreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi 5,6 ha spildu úr landi Grafar (landr. 212305) við Flúðir, svæði sem liggur á milli frístundabyggðarinnar Álftabyggð og Bræðratunguvegar. Á spildunni er gert ráð fyrir 6 frístundahúsalóðum ásamt svæði fyrir skógrækt.

**7. Deiliskipulag Garðyrkjubýlisins Götu í Hrunamannahreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi garðyrkjubýlisins Götu, landnr. 166750. Skipulagssvæðið er 4,7 ha en jörðin er 95 ha í heild. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, nr. 1. fyrir allt að 3.000 fm viðbyggingu við núverandi gróðurhús og nr. 2 fyrir allt að 120 fm starfsmannahús. Þá er gert ráð fyrir að borað verði eftir heitu vatni norður af gróðurhúsi.

**8. Deiliskipulag bæjartorfu Birtingaholts 2, 4 og 5 í Hrunamannahreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi bæjartorfu Birtingaholts 2, 4 og 5. Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir lóð fyrir vélageymslu og kornvinnslu, lóð fyrir sumarhús/starfsmannahús, lóð fyrir íbúðarhús og byggingarreit fyrir bílskúr.

**9. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Högnastaða í Hrunamannahreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Högnastaða, landnr. 166779. Um er að ræða 24,6 ha svæði meðfram Bræðratunguvegi að sunnanverðu þar sem gert er ráð fyrir 22 frístundahúsalóðum. Hámarksstærð frístundahúsa er 210 fm, nýtingarhlutfall lóða má þó ekki vera hærra en 0.03.

**10. Deiliskipulag fyrir hálendismiðstöðina Kerlingafjöll í Hrunamannahreppi ásamt umhverfisskýrslu.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Ásgarð í Kerlingafjöllum sem skv. svæðisskipulagi miðhálendisins er skilgreint sem hálendismiðstöð, ásamt umhverfisskýrslu. Innan svæðisins eru í dag fjölmargar byggingar sem áður tengdust nýtingu svæðisins sem skíðasvæðis. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir þremur nýjum gisti- og þjónustuhúsum auk þess sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að stækka nokkur af þeim húsum sem þegar eru á svæðinu. Þá er einnig gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum til að bæta aðstöðu á svæðinu.

**11. Deiliskipulag lóðar fyrir fjarskiptamastur í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi lóðar fyrir allt að 24 m fjarskiptamastur í landi Úteyjar II, á svæði sunnan þjóðvegar nr. 364 á móts við aðkomuvegi að frístundabyggð úr landi Úteyjar I.

**12. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar í Bláskógabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn. Innan skipulagssvæðisins eru þegar 88 byggðar frístundahúsalóðir og með deiliskipulagi er verið að afmarka lóðirnar með nákvæmari hætti en áður auk þess að setja ákveðna byggingarskilmála. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að reisa allt að 250 fm frístundahús á hverri lóð auk allt að 30 fm aukahúss. Nýtingarhlutfall lóða má þó ekki fara upp fyrir 0.03.

**Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

**13. Breyting á deiliskipulagi Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ný íbúðarhúsalóð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sólheima sem felst í að gert er ráð fyrir nýrri íbúðarhúsalóð, Hrísbrú 1, sem verður fyrsta lóðin vestan megin við götuna. Lóðin er 1.750 og er heimilt að reisa þar tveggja hæða íbúðarhús auk allt að 30 fm bílskýlis og 30 fm gróðurhús.

**14. Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Norðukots í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu á skilmálum í landi Norðurkots sem felur í sér að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0.03. Á hverri lóð er gert ráð fyrir einu frístundahúsi auk þess sem heimilt verður að reisa aukahús sem mega að hámarki vera 40 fm. Á hverri lóð mega eingöngu vera tvö íveruhús. Í gildindi skilmálum er heimilt að reisa allt að 200 fm aukahús og eitt allt að 25 fm aukahús.

**15. Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu á skilmálum í landi Ásgarðs á svæði sem afmarkast af Búrfellslæk, Sogi, Álftavatni og landamörkum við Miðengi. Tillagan felur í sér að byggingarmagn lóða miðist við nýtingar-hlutfallið 0.03. Á hverri lóð er gert ráð fyrir einu frístundahúsi auk þess sem heimilt verður að reisa aukahús sem mega að hámarki vera 40 fm. Á hverri lóð mega eingöngu vera tvö íveruhús. Í gildandi skilmálum er heimilt að reisa allt 120 fm frístundahús.

**16. Breyting á deiliskipulagi 16 ha svæðis sem kallast Hesthagi úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Í gildandi deiliskipulagi, sem nær til 16 ha lands, er gert ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum auk opins svæðis en skv. breytingartillögu er gert ráða fyrir að svæðið verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði með byggingarreit fyrir íbúðarhús, hesthús og skemmu. Eitt hús hefur þegar verið reist innan svæðisins.

**17. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Baulurima úr landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Í breytingunni felst að sameinaðar eru nokkrar lóðir innst í Baulurima, úr landi Klausturhóla, þannig að þær verða 4 í stað 13, á bilinu 2-5 ha. Þá er gert ráð fyrir að skilmálar breytist þannig að heimilt verður að reisa allt að 300 fm frístundahús á hverri lóð í stað 100 fm, auk þess sem heimilt verður að reisa allt að 40 fm aukahús í stað 25 fm. Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki fara upp fyrir 0.03.

**18. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðanna Farborgir og Miðborgir úr landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu á skilmálum tveggja frístundabyggða úr landi Miðengis sem kallast Farborgir og Miðborgir. Samkvæmt gildandi skilmálum skal þakhalli frístundahúsa vera á bilinu 15-45 gráður, en breytingartillagan gerir ráð fyrir að hús megi vera með þakhalla á bilinu 0 - 45 gráður.

**19. Breyting á deiliskipulagi Orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi. Í breytingunni felst að 3 byggingarreitir fyrir orlofshús eru felldir út auk þess sem gert er ráð fyrir tjaldssvæði á svæði sem áður var skilgreint sem svæði fyrir mögulega framtíðarbyggð.

**20. Endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar í landi Tortu í Bláskógabyggð.**
Innan skipulagssvæðisins eru 18 um eins hektara lóðir. Allar lóðirnar hafa verið stofnaðar í Fasteignaskrá, en eingöngu eitt hús verið byggt á svæðinu. Helsta breyting frá gildandi deiliskipulagi er að byggingarreitir stækka auk þess sem skilmálar leyfa stærri hús en áður.

**21. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar á Flúðum. 2. áfangi íbúðarbyggðar.**
Skipulagssvæðið er um 39 ha að stærð og afmarkast af Hvítárholtsvegi og Bræðratunguvegi að norðanverðu, frístundabyggð úr landi Efra-Sels að vestan, Stóru-Laxá að sunnan og tjaldssvæði sveitarfélagsins að austan. Um er að ræða 2. áfanga íbúðarsvæðisins en samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru 12 stórar einbýlishúsalóðir syðst á svæðinu. Breytingin felur í sér að við bætast 53 einbýlishúsalóðir og samtals 60 íbúðir í parhúsum á svæði norðan við núverandi lóðir. Í heild er því gert ráð fyrir allt að 125 íbúðum á svæðinu.

**22. Breyting á deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum í Hrunamannahreppi ásamt umhverfisskýrslu.**
Breytingin er gerð til samræmis við samþykkta breytingu á aðalskipulagi vegna færslu á Bræðratunguvegi. Í henni felst að þjóðvegurinn sem nú liggur við efri-mörk skipulagssvæðisins færist til suðurs inn á núverandi tjald- og þjónustusvæði þannig að þjónustusvæði verður norðan vegar og tjaldsvæði sunnan. Þá breytist einnig lega aðkomuvega og stíga á svæðinu.

**23. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Vaðholt í landi Ormsstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Í breytingartillögunni felst að á hverri lóð verður heimilt að reisa aukhús sem geta verið allt að 40 fm að stærð til viðbótar við aðalhús. Á hverri lóð mega þó eingöngu vera tvö íveruhús og hámarksnýtingarhlutfall lóða verður áfram 0.03. Samkvæmt gildandi skilmálum má eingöngu reisa eitt 25 fm frístundahús.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 14. október til 26. nóvember 2010. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 26. nóvember 2010 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# tímamót

timamot@frettabladid.is



71 **RALPH LAUREN** tískuhönnuður fæddist þennan dag 1939.
*„Ég hanna ekki föt, ég hanna drauma.“*



†

*Minningarathöfn um okkar ástkæru*

**Ragnhildi Ingólfsdóttur**
klæðskera

verður haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 20. október næstkomandi kl. 13.00.

**Peter W. Petersen**
**Sædís Ragnhildardóttir** **Jesper Mikkelsen**
**Martina Agrillo** **Lukas Benedikt Mikkelsen**
**Ingólfur Ingólfsson** **Ragnheiður Björg Björnsdóttir**
**Ásdís Ingólfsdóttir** **Haraldur Jónsson**
**Bergþóra Ingólfsdóttir** **Benedikt Ólafsson**
**Stefán Ingólfsson** **Inga S. Ingólfsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Haukur Guðjónsson**
Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ
(áður til heimilis Grænuhlíð 11, Reykjavík)

lést á heimili sínu 11. október. Jarðsett verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 15. október klukkan 13.00.

**Hildur Rúna Hauksdóttir**
**Hrefna Hauksdóttir** **Mike Draper**
**Sverrir Gísli Hauksson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær maður minn, faðir okkar, afi og bróðir,*

**Haukur Kristjánsson**
tæknifræðingur
Aragötu 12, 101 Reykjavík,

var bráðkvaddur föstudaginn 1. október. Útförin fer fram frá Neskirkju, föstudaginn 15. október, klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hildur Hafstað,**
**Sigríður Helga Hauksdóttir,**
**Hafrún Hauksdóttir,**
**Áslaug Kristjánsdóttir,**
**Petra Kristjánsdóttir,**
**Erlingur Kristjánsson,**
**Vilhjálmur Kristjánsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona*

**Björg Kristjánsdóttir**
áður Unnarbraut 6, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu í Garðabæ laugardaginn 9. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 18. október kl. 15.00.

**Margrét Pálsdóttir** **Alfreð Bóasson**
**Guðmundur Pálsson** **Íris Dungal**
**Magnús Pálsson** **Laura Sch. Thorsteinsson**
**Björg Pálsdóttir**
**Hildur Pálsdóttir** **Aðalsteinn Sigurþórsson**
**Kristján Pálsson** **Erna Kettler**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**systur, mágkonur.**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Geir Austmann Björnsson**
rafvirkjameistari og kaupmaður, fæddur á Strjúgsstöðum í Húnavatnssýslu 20.02.1920,

lést í Reykjavík 01.10.2010. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 15. október kl. 15.

**Arnheiður Lilja Guðmundsdóttir**
**Guðrún Erla, Steinunn Jóna, Geir Arnar**
**og Sigurjón Guðbjörn Geirsbörn,**
**tengdabörn, afabörn og langafabarn.**



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar B. Malmquist**
Skálateigi 1, Akureyri

lést á lyfjadeild FSA 10. okt. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 18. okt. kl. 13.30. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Lyfjadeild FSA.

**Sigurður Malmquist** **Ólöf Magnúsdóttir**
**Selma S. Malmquist** **Logi Geir Harðarson**
**Ingibjörg Ragna Malmquist**
**Magnús Már Sigurðarson**
**Ólöf Maren Bjarnadóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunnfríður Ingibjörg Björnsdóttir**
Þorleifsstöðum, Skagafirði

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fimmtudaginn 7. október. Hún verður jarðsungin frá Miklabæjarkirkju laugardaginn 16. október kl. 14.00.

**Inga Björk Hólmsteinsdóttir** **Guðmundur Matthíasson**
**Margrét Björg Hólmsteinsdóttir** **Óskar Halldórsson**
**Sigríður Birna Hólmsteinsdóttir** **Halldór H. Halldórsson**
**Þorleifur Benedikt Hólmsteinsson** **Jónína Lára Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær maðurinn minn, faðir og afi,*

**Elfar Sigurðsson**
Hólmgarði 19, áður til heimilis á Hellissandi,

lést að Grund miðvikudaginn 6. október. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 15. október kl. 13.00.

**Guðrún Jóna Jóhannesdóttir**
**Grétar Jón Elfarsson**
**Saga Dröfn Grétarsdóttir**
**Anton Már Grétarsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**GRÓÐURSETNINGIN UNDIRBÚIN** Börnin í leikskólanum Nóaborg búa sig undir að setja niður eplatré og berjarunna með Auði.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LEIKSKÓLINN NÓABORG:** NYTJAPLÖNTUR TEKNAR INN Í LEIKSKÓLASTARFIÐ

# Börnin munu njóta ávaxtanna

Í leikskólanum Nóaborg verður haldin mikil gróðursetningarhátíð í dag klukkan 15 þegar börn, starfsfólk, foreldrar og aðrir aðstandendur ætla að planta tveimur eplatrjám og fjörutíu berjarunnum, blárifsi, hindberjum, rifsi, sólberjum, jöstaberjum og hlíðaramal, sem Reykjavíkurborg, Nátthagi og hvatafélagið Á-vextir gáfu leikskólanum.

„Tilgangurinn með gróðursetningunni er að efla vitund barnanna fyrir nytjaplöntum og gefa þeim færi á að fylgjast með einhverju sem er svona lauflaust yfir vetrartímann, laufgast á vorin og blómstrar. Síðan þurfa þau að læra að umgangast plönturnar af virðingu þannig að þær þrífist og dafni eins og þau sjálf og blómin nái að verða að berjum og aldinum á haustin sem hægt er að gæða sér á,“ segir Auður Ottesen garðyrkjufræðingur og amma eins barnsins í leikskólanum. Auður átti hugmyndina að gróðursetningunni sem er unnin í anda samtakanna Umhverfi og vellíðan, þar sem hún gegnir formennsku.

„Þetta eru það mörg tré að þó að börnin verði öll á beit ætti að verða nægur afgangur til þess að nýta með einhverjum öðrum hætti í sultur eða annað sem börnin geta lært að búa til sjálf, svo þau hafi þá þekkingu með sér út í lífið.“

Auður segir að auk uppeldisgildisins hafi margar rannsóknir sýnt fram á að umgengni við gróður auki vellíðan fólks. „Mér hefur því verið mjög hugleikið að auka gróður í mannlegu umhverfi og í flestum leikskólum hefur verið hugað vel að þeim þætti. Í nýrri leikskólum hafa landslagsarkitektar líka sett inn nytjaplöntur þannig að börnin geti lært af því sem þau hafa í kringum sig og ég myndi gjarnan vilja sjá þá þróun í sem flestum leikskólum. Ég vona að komandi kynslóðir leikskólabarna í Nóaborg eigi eftir að njóta þessa framtaks okkar um ókomin ár.“ **emilia@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Jóhanna Bjarnfreðsdóttir**
Boðaþingi 5, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. október kl. 13.00.

**Sigrún Ingólfsdóttir** **Einar Gunnar Bollason**
**Dóra Hlín Ingólfsdóttir** **Erlingur Kristjánsson**
**Svanhvít Eygló Ingólfsdóttir** **Guðmundur H. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar*

**Kristbjargar Marteinsdóttur**
frá Ysta-Felli, síðar til heimilis að Suðurgötu 70 Siglufirði.

**Börn hinnar látnu**

HYUNDAI

SOUTH AFRICA 2010 FIFA WORLD CUP © 2005 FIFA TM

# NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:

# ix35




ENNEMM / SÍA / NM42717

Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

## ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og **ix35** frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka **ix35** og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Verð **4.990.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

## i20

Sparneytinn og vandaður smábíll á frábæru verði.

**Verð frá: 2.540.000 kr**



## i30

i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð frá: 2.690.000 kr**



**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

B&L

IH INGVAR HELGASON

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sett, **6.** samanburðartenging, **8.** skordýr, **9.** ar, **11.** ryk, **12.** dramb, **14.** krapi, **16.** drykkur, **17.** bar, **18.** kerald, **20.** fisk, **21.** bylgja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erindi, **3.** frá, **4.** planta, **5.** auð, **7.** gagn, **10.** eldsneyti, **13.** yfirbreiðsla, **15.** elds, **16.** blekking, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lagt, **6.** en, **8.** fló, **9.** ryk, **11.** im, **12.** stolt, **14.** slabb, **16.** te, **17.** krá, **18.** áma, **20.** ál, **21.** iða.

**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** tóm, **7.** nytsemi, **10.** kol, **13.** lak, **15.** báls, **16.** tál, **19.** að.







# Plús eða mínus?

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**



Það er ekki óvenjulegt að í sambandi sem staðið hefur um nokkurt skeið dragi úr líkamlegri ástríðu með tímanum. Við tölum ekki mikið um það, vegna þess að það er víst mælikvarði á árangur að gera það oft.

**EINHVERS** staðar las ég að ástin væri ekki tilfinningar eða erótík, heldur stærðfræði! Sambönd fara af stað með dásamlegt flæði af plúsum, en smám saman tínast mínusarnir inn. Og ef mínusarnir verða plúsunum fleiri hættum við saman.

**ÁSTIN** er sem sagt reikningur sem þarf helst að koma út í plús.

**ÞETTA** eru engin ný sannindi. Við vitum öll að við kjósum heldur plúsa en mínusa.

**EN** hvað er plús? Gáfaðir sálfræðingar segja að plús sé það sama og nánd. Að líkamleg og andleg nálægð og væntumþykja sé það sem við leitum að í maka. En með nándinni og væntumþykjunni verðum við berskjölduð. Og því fylgir óttinn við að missa.

**ÞEGAR** við óttumst að missa lokum við fyrir heiðarleikann. Sérstaklega þann heiðarleika sem felur í sér mínusa og getur þar af leiðandi sært makann. Jafnvel hrakið hann/hana frá okkur. Eða við lokum á heiðarleika og einlægni makans, vegna þess að við viljum ekki heyra af mínusum okkar. Til þess að komast hjá sárindum lokum við fyrir trúnaðinn. En þegar við þorum ekki að deila hugsunum og tilfinningum, líka þeim neikvæðu, hvert með öðru, útilokum við nándina. Jafnvel þótt hún sé það sem við þráum mest.

**SÁLFRÆÐINGAR** segja að skortur á heiðarleika valdi sjálfsagt ákveðinni fjarlægð, en á móti verði sambandið oftar í jafnvægi og án stórra tilfinningasveifIna.

**ÞAÐ** þýðir líka að ástríða og þrá víkja fyrir kurteislegum samskiptum, sem einkennast jafnvel bæði af ást og tillitsemi.

**EF** blása á lífi í ástríðuhita verðum við hins vegar að þora að deila okkar innstu hugsunum og tilfinningum á opinn og kærleiksríkan hátt. Það getur sært, en við getum líka valið að vaxa.

**PLÚS** eða mínus… við þurfum bæði!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MESTA ÚRVALIÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND
4GB FRÁ LACIE MINNSTI MINNISLYKILL Í HEIMI 2.990
LACIE
HVERGI BETRA VERÐ
BenQ
24" 24" FULL HD 1080P BENQ LCD SKJÁR 36.900
8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
LANDSINS MESTA ÚRVAL
1.5TB SAMSUNG 5400RPM SATA2 DISKUR 32MB 14.900
2TB SEAGATE 5900RPM SATA2 DISKUR 32MB 19.900
1TB SAMSUNG 7200RPM SATA2 DISKUR 32MB 9.990
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**IEPO ONEIPO** Kammerkór Suðurlands, Hrólfur Sæmundsson og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir flytja lög af nýútkomnum geisladiski, IEPO ONEIPO, í Kristskirkju klukkan 20 í kvöld. Stjórnandi er Hilmar Örn Agnarsson. Á disknum eru flutt verk eftir breska tónskáldið Sir John Tavener.

# Morgunengill Árna


ÁRNI ÞÓRARINSSON

Morgunengill, ný spennusaga eftir Árna Þórarinsson, kom út á þriðjudag. Í bókinni heldur Árni áfram að rekja svaðilfarir Einars blaðamanns, sem samkvæmt káputexta tekst nú á við sitt erfiðasta sakamál, þar sem örlög bréfbera að norðan og auðmanns með milljarðaskuldir á bakinu fléttast saman.
JPV útgáfa gefur út.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**06.10.10 - 12.10.10**




**1** Blóðnætur - kilja
Åsa Larsson




**2** Arsenikturninn - kilja
Anne B. Ragde




**3** Íslenzkir þjóðhættir
Jónas Jónasson




**4** Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert




**5** 10.10.10 - Logi Geirs
Henry Birgir Gunnarsson




**6** Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbøl/Agnete Frills




**7** Mataræði - handbók um hollustu - Michael Pollan




**8** Kvöldverðurinn - kilja
Herman Koch




**9** Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg




**10** Ertu Guð, afi?
Þorgrímur Þráinsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872


**MARÍA REYNDAL** Segir Finnska hestinn kjötmeiri og safaríkari farsa en íslenskir leikhúsáhorfendur hafi átt að venjast.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Svartur finnskur kjötfarsi

**Gamanleikurinn Finnski hesturinn verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Leikritið sló í gegn í Finnlandi 2004 og hefur getið af sér tvö framhaldsverk. María Reyndal leikstjóri segir þetta vera kolsvart gamanleikrit sem bjóði upp á beinar tengingar við íslenskan samtíma.**


**FINNSKI HESTURINN** Finnskir bændur telja sig komna í feitt þegar glufa í kerfinu gerir þeim kleift að stunda hrossakaup við ítölsku mafíuna.

Finnski hesturinn eftir Sirkku Peltola sló eftirminnilega í gegn þegar verkið var frumsýnt í heimalandinu Finnlandi fyrir sex árum. María Reyndal, leikstjóri leikritsins, segir verkið vera afar finnskt, í góðri merkingu.

„Leikritið verður farsakennt á köflum en er ekki farsi eins og þeir sem við höfum átt að venjast; þetta er miklu svartara verk. Það er mjög skemmtilegt að fá að leikstýra gamanleikriti með svona miklum safa og kjöti á beinunum.“

Sögusviðið er bóndabær í Finnlandi, þar sem heimilisfólk hokrar við bág kjör. Þegar sonurinn kemur auga á glufu í kerfinu fær hann föðurinn með sér að safna saman nokkrum aflóga hestum í sveitinni og selja þá á fæti til ítölsku mafíunnar. Þá fer af stað atburðarás sem á eftir að vinda upp á sig.

Að sögn Maríu stafa vinsældir verksins ekki síst af sterkri persónusköpun, enda er Peltola búinn að skrifa tvö leikrit til viðbótar með sömu persónunum. „Þarna er hreinskilin og kjaftfor amma og bóndahjón sem hafa verið skilin að borði og sæng í ellefu ár; húsfreyjan er á breytingaskeiðinu en bóndinn er búinn að ná sér í unga kærustu. Þarna er líka sonurinn, sem hefur ekki talað við móður sína frá því foreldrarnir skildu, og dóttirin – yngsta manneskjan á heimilinu og bjartasta vonin og vinkona hennar sem glímir við þunglyndi móður sinnar.“

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins er örlagavaldur í lífi fólksins á bóndabænum og býður verkið þannig upp á beina pólitíska tengingu við íslenska samfélagsumræðu, þar sem Evrópuumræðan er í brennidepli.

„Þetta verk fjallar vissulega líka um Evrópusambandið en vinkillinn er annar en í dægurmálaumræðunni,“ segir María. „Hér er ekki fjallað um málin út frá sjónarhorni ríkja heldur út frá fjölskyldu sem lifir og hrærist í miðju regluverkinu; þetta eru síðustu bændurnir sem búa enn í sveitunum. En þetta er líka sammannlegt verk um fólk sem reynir að þrauka í gegnum erfiða tíma, rétt eins og við á Austurvelli. Að því leyti rímar leikritið vel við ástandið hér á landi.“

Sigurður Karlsson þýddi verkið úr finnsku en með helstu hlutverk fara Harpa Arnardóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Lára Sveinsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Þórunn Lárusdóttir, að ógleymdum klárnum Punkti.

bergsteinn@frettabladid.is

# Skottur á Kjarvalsstöðum

Hildur Hákonardóttir myndlistarkona tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Með viljann að vopni á Kjarvalsstöðum klukkan 15 á sunnudag, en á sýningunni eru meðal annars verk eftir Hildi. Leiðsögnin er liður í dagskrá í tilefni af kvennafrídeginum 25. október. Listasafn Reykjavíkur og Skotturnar, regnhlífasamtök kvennahreyfingarinnar á Íslandi, hafa ruglað saman reytum og skipulagt dagskrárveislu sem verður nokkurs konar upptaktur fyrir frídaginn. Margar af fremstu listakonum landsins hafa komið fram í daglegri dagskrá á Kjarvalsstöðum frá klukkan 12.30 til 13, nema á sunnudögum þegar dagskráin hefst klukkan 15.

Í hádeginu í dag bregða Alexía Björg Jóhannesdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir sér í gervi Pörupilta, sem leika við hvurn sinn fingur; á föstudag flytur Júlía Hannam ljóð eftir Ingibjörgu Haralds; á laugardag leikur Þórunn Erna Clausen brot úr einleiknum Ferðasaga Guðríðar. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á listasafnreykjavikur.is.


**HILDUR HÁKONARDÓTTIR** Lóðsar gesti um sýninguna Með viljann að vopni á sunnudag.

# THE BODY SHOP™

# Vinsælar vörutegundir með 25-30% afslætti




## Granateplakraftur fyrir andlitið

"Natrulift" eru nýjar vörutegundir fyrir andlitið sem innihalda náttúrulegan granateplakraft í stað retinóls. Vörutegundirnar eru ætlaðar konum sem eru 40 ára eða eldri enda gera þær húðina stinnari viðkomu strax og hrukkurnar mildari ásýndum á fjórum vikum. Í þessu tilboði eru þrjár vörutegundir saman: Dagkrem (50ml), hreinsimjólk (200ml) og andlitsvatn (200ml)

**Verð nú: 4490 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 6070 kr.




## Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2750 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.

Ath. Einnig er hægt að fá **sams konar Moringa-vörutegundir** og skrúbbhanska með sömu kjörum og **sams konar vörutegundir með ólífuolíu** auk skrúbbhanska með sömu kjörum.



## Sólarpúður og rétti burstinn

Tvær vörutegundir saman: Sólarpúður (þ.e. "Bronzing powder", litbrigði að eigin vali) og kabúkí-farðabursti

**Verð nú: 2980 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 3980 kr.




## E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: Dagkremið sívinsæla með E-vítamíni (50ml), hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml) og andlitsvatn með E-vítamíni (200ml)

**Verð nú: 2980 kr.**
**með 30% afslætti**
Verð áður: 4270 kr.

## Handa eiginmanninum/ unnustanum

Tvær vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml) og "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 1990 kr.**
**með 30% afslætti**
Verð áður: 2870 kr.

Ath. Einnig er hægt að fá **sams konar "Activist"-vörutegundir** með sömu kjörum - allt eftir því hvor ilmurinn þér líkar betur.




THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299




Bækur ★★★★★

**Blóðhófnir**
Gerður Kristný

## Maður er konu úlfur

Það var augljóst strax við útkomu Ísfréttar að Íslendingar höfðu eignast nýtt skáld, þótt Gerður Kristný væri þá ekki nema liðlega tvítug. Síðan hefur hún vaxið með hverri ljóðabók og eru þær nú orðnar fjórar. Blóðhófnir er tvímælalaust hennar besta verk til þessa og er þá langt jafnað. Hið knappa ljóðform sem er aðalsmerki hennar hæfir efninu og hugsunin er meitluð og skýr. Þetta er söguljóð í fornum stíl, upphaf, ris og endir. Danskvæði nánast, takturinn dimmur og höggþungur, sparlega farið með orðin og dulúðug undiralda magnar áhrifin. Hér yrkir Gerður Kristný upp hin fornu Skírnismál, sem oft hafa verið túlkuð sem dæmisaga um upphaf yrkingar jarðarinnar og þá litið á Gerði Gymisdóttur, sem frjósemisguðinn Freyr lætur Skírni skósvein sinn kúga til samræðis við sig, sem táknmynd jarðarinnar.



Gerður Kristný lítur ekki á kúgun nöfnu sinnar sem jákvæðan atburð og lýsir angist og bræði Gerðar og draumum um hefnd í knöppu meitluðu formi sem eykur enn á ógnina:

*Skelfingin*
*skorðaðist*
*í kviði mínum*

*þandist út*
*og þyngdist*

*Bjarg sem*
*breiddi úr sér*

Og skelfingin er ekki ástæðulaus. Freyr er hér ekkert gæft góðmenni heldur vargur með úlfsaugu, sem nauðgar Gerði ítrekað, þótt hann raunar skammist sín á eftir og sjái eftir að hafa gefið Skírni hestinn Blóðhófni og sverð sitt að launum fyrir að brjóta mótstöðu konunnar á bak aftur og færa sér hana nauðuga. Valdbeitingin reynist enginn gleðigjafi og þegar upp er staðið ekki þess virði.

Hvort sem fólk kýs að lesa ljóðið sem lýsingu á samskiptum kynjanna, þar sem karlinn brýtur konuna undir vilja sinn í nafni ástar, eða lýsingu á samskiptum mannskepnunnar við jörðina þá eru áhrifin ógnvænleg og ljóst að kona/jörð sem hefur verið misþyrmt fyrirgefur ekki heldur leitar hefnda.

Ljóðið er allt lagt í munn Gerðar og henni fylgt í gegnum niðurbrot, valdbeitingu og aðskilnað frá heimalandi og ástvinum. Eina ljósið í angistarmyrkrinu sem umlykur hana er móðirin, en mynd hennar fylgir Gerði yfir í gósenland frjóseminnar og hjálpar henni að halda sönsum. Á karlpeninginn er lítt að treysta, elskhuginn vargur í véum og bræður og faðir fagna uppgjöf konunnar, því hún bjargar þeim frá bana. Og samskipti kynjanna flækjast enn þegar hún sjálf verður móðir drengs „með lófafylli af sól“ sem fyllir líf hennar gleði á ný, en sem hugsanlega yrði tortímt ef til hefnda kæmi:

*Ég bíð*
*endalokanna*

*Frændur munu*
*flykkjast yfir brúna*

*hefna horfinna kvenna*

*Ég vona að þeir*
*þekki son minn*
*og þyrmi honum*

*sem fékk ég þeim*
*hlíft forðum daga*

Það er ekki nauðsynlegt að þekkja Skírnismál til hlítar til að njóta Blóðhófnis til fulls. Ljóðmál Gerðar Kristnýjar er kröftugt og hrífur lesandann með sér inn í þennan ógnarheim hvort sem hann þekkir söguna fyrir eða ekki. Enda stendur ljóðið fullvel fyrir sínu án skírskotananna til Skírnismála, byggir eigin heim og býður lesanda í ferðalag sem hann mun seint gleyma.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Besta ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Meitlaður texti sem talar til lesandans á mörgum sviðum. Lestrarnautn.









# Horfum, sjáum

Myndlist ★★★

**SPOR**

Listhjúkkurnar Anna Hallin og Ósk Vilhjálmsdóttir

**Listasafn ASÍ. Stendur til 24. október.**

Í listasögunni hafa listamenn stundum tekið saman höndum og unnið í hóp. Oftast er þá um málefnalega vinnu að ræða, listamenn deila skoðunum og vilja koma þeim á framfæri. Fyrir hundrað árum komu fram framúrstefnulegir karlahópar, undir nafni dadaisma, fútúrisma eða súrrealisma, í takt við samfélagsgerð þeirra tíma voru konur meðal þeirra fáar. Á síðustu áratugum hafa listhópar frekar verið stofnaðir af konum, ekki síst til þess að benda á stöðu listakvenna í listheiminum, eða stöðu kvenna og minnihlutahópa almennt.

Viðfangsefni Listhjúkkanna einskorðast ekki við stöðu kvenna heldur einbeita þær sér að brýnum málefnum samfélagsins. Markmiðið felst í nafninu, sem túlka má á víðan hátt, ætlun þeirra er að hjúkra, samfélaginu og listinni. Þessi nálgun við ímynd listamannsins er í takt við þróun í listum yfir langan tíma. Á nítjándu öld varð til ímynd listamannsins sem snillings, egóista sem vann að list sinni í fílabeinsturni. Þessi ímynd var brotin niður á tuttugustu öld og í staðinn varð til ímynd listamanns í samhengi við umhverfið, samfélagið, pólitíska rétthugsun o.s.frv. Þetta er auðvitað ekki alveg svona einfalt, en Listhjúkkurnar starfa samkvæmt hinu síðarnefnda, sem þó hlýtur að fara að renna sitt skeið eins og allt annað í síbreytilegri listinni.

Inntak SPOR er eiginlega heimspekilegt: Hvernig ber að lifa? Og því vel við hæfi að fá heimspeking til þess að skrifa grein í sýningarskrá og Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur varpar hér áhugaverðu ljósi á listaverkin. Listhjúkkurnar slá saman tveimur ólíkum fyrirbærum síðustu ára, byggingu Hörpunnar og eldgosinu í Eyjafjallajökli með öllu sínu öskufalli. Í meðförum þeirra verður hvort tveggja líkt tákn fyrir kreppuna sem við erum í, efnahagslega en líka hugmyndalega og samfélagslega. Ljósmyndir af Hörpunni eru teknar af kranamanninum Ægi Ólafssyni sem er áhugamaður um ljósmyndun.

Kjarni sýningarinnar er stór krosssaumur með mynd af hálfkaraðri Hörpunni ásamt stórri, svarthvítri ljósmynd af Listhjúkkunum við útsaum, stóískar mitt í hamförunum. Ég held að áhorfendur megi líka sauma nokkur spor ef þeim sýnist svo. Krosssaumurinn minnir á mikilvægi þess að fara okkur hægt, halda rónni, nálgast stór verkefni af yfirvegun og útsjónarsemi – allt það sem gleymdist í góðærinu. Hvert spor skiptir máli, samfélagið allt er byggt upp af smáum einingum, framlagi hvers og eins. Höldum vöku okkar hvað sem á gengur, horfum, sjáum, eins og Ægir Ólafsson gerir í ljósmyndum sínum.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** List og boðskapur togast á en sumar ljósmyndir Ægis Ólafssonar, stór svarthvít ljósmynd og krosssaumsverk ná að skapa myndir sem lifa lengur en augnablikið.





**SIGURÐUR INGVI** Pantaði nýtt verk frá Þórði Magnússyni í afmælisgjöf.

# Nýtt verk í tilefni afmælis

**Sigurður Ingvi Snorrason, klarinettuleikari og bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2009, heldur upp á sextugsafmæli sitt með tónleikum í Langholtskirkju í kvöld. Á tónleikunum verður leikinn Kvartett um endalok tímans eftir Olivier Messiaen og nýtt verk eftir Þórð Magnússon verður frumflutt en Sigurður Ingvi pantaði verkið sérstaklega í tilefni afmælisins.**

**Sigurður hefur starfað á Íslandi frá árinu 1972 og hefur verið í Sinfóníuhljómsveitinni megnið af þeim tíma, en hann lætur af störfum í vor. Auk Sigurðar Ingva leikur Sigrún Eðvaldsdóttir á fiðlu, Bryndís Halla Gylfadóttir á selló og Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó.**

**Tónleikarnir hefjast klukkan 20 í kvöld.**





Á FLÚÐUM

LAUGARDAGINN 16. OKTÓBER

TÓNLEIKARNIR FARA FRAM Í LÍMTRÉSHÖLLINNI OG FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA Á FLÚÐUM

SETNINGARATHÖFN HEFST KL. 13:30 Í LÍMTRÉSHÖLLINNI -

SÖNGUR KARLAKÓRA HEFST KL. 14:30

STÓRSVEIT SUÐURLANDS KEMUR FRAM OG LEIKUR UNDIR MEÐ SÖNG KÖTLUKÓRSINS Í LÍMTRÉSHÖLLINNI

MJÓLKURSAMSALAN · Arion banki · Landsbankinn · Katla SAMBAND SUNNLENSKRA KARLAKÓRA · KARLAKÓR HREPPAMANNA

**Í Límtréshöllinni syngja eftirtaldir kórar kl. 14:30:**
Karlakór Selfoss
Karlakór Keflavíkur
Karlakórinn Jökull
Karlakór Kópavogs
Karlakórinn Þrestir
Karlakór Rangæinga
Karlakór Kjalnesinga
Karlakór Reykjavíkur
Karlakórinn Manifestum

**Í Félagsheimili Hrunamanna syngja eftirtaldir kórar kl. 14:30:**
Karlakór Hreppamanna
Drengjakór Hafnarfjarðar
Karlakór Akureyrar-Geysir
Karlakórinn Stefnir
Raddbandafélag Reykjavíkur
Karlakórinn Söngbræður
Karlakórinn Fóstbræður

**Kl. 17:30 hefst samsöngur allra karlakóranna í Límtréshöllinni**




KINGS OF LEON


HLJÓMSVEITIN ÉG

**> Í SPILARANUM**

**Kings Of Leon** - Come Around Sundown
Sufjan Stevens - The Age Of Adz
Noise - Divided
Belle & Sebastian - Write About Love
**Hljómsveitin Ég** - Lúxus upplifun

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Óútgefin lög frá Weezer

Hljómsveitin Weezer sendir í byrjun nóvember frá sér plötuna Death to False Metal. Platan inniheldur óútgefin lög sem voru samin og tekin upp á síðustu tveimur áratugum. Og já. Platan heitir í alvöru Death to False Metal og þetta er í alvöru umslagið hér til hliðar.

„Þetta eru frábær lög og frábærar upptökur," sagði söngvarinn Rivers Cuomo í samtali við breska tónlistartímaritið NME. „En af einhverri ástæðu komust þau ekki í gegnum niðurskurð fyrir plöturnar á sínum tíma."

Platan inniheldur tíu lög sem hafa aldrei heyrst áður. Á meðal laganna er útgáfa Weezer-drengjanna á smellinum Un-Break My Heart, sem Toni Braxton söng svo eftirminnilega á tíunda áratugnum.





**FURÐULEGT UMSLAG** Strákarnir í Weezer senda frá sér tíu laga plötu í nóvember sem inniheldur aðeins óútgefin lög. Þetta er í alvöru umslagið.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Glæsileg aukadagskrá*

Það er útbreiddur misskilningur að þeir, sem ekki náðu í armband á Airwaves í tíma, séu búnir að missa af hátíðinni. Aukadagskráin, sem er ókeypis og öllum opin, er nefnilega mögnuð. Hún hefur verið viðamikil undanfarin ár, en slær öll met í ár. Það eru tónleikar alla dagana frá tíu að morgni og fram á kvöld á um það bil tuttugu stöðum og bara á föstudag er hægt að sjá ein 50 tónlistaratriði. Dagskráin í heild sinni er birt á www.icelandairwaves.is (undir nafninu „off-venue schedule"), en hér á eftir koma nokkur dæmi.


**BÓNUS** Bombay Bicycle Club spilar ókeypis á aukatónleikum á Airwaves í ár.

Mál og menning, Havarí, Hemmi og Valdi, Nikita, Reykjavík Downtown Hostel, Prikið og Bar 11 eru meðal þeirra staða sem taka þátt í aukadagskránni. Fyrstu tónleikarnir hvern dag eru á Prikinu kl. 10, en kl. 11 er svo hægt að halda áfram á Havarí. Og það eru engin b-nöfn sem spila á aukadagskránni. Í dag er t.d. hægt að sjá Snorra Helgason kl. 15 í Máli og menningu, SH Draum kl. 16 í Havarí, hina dönsku Penny Police á Bar 11 kl. 17, Frakkana í Gablé í Havarí kl. 18 og bresku sveitina We Aeronauts í Reykjavík Downtown Hostel kl. 19.

Á morgun er hægt að sjá á ýmsum stöðum Nolo, Miri, Moses Hightower, Diamond Rings (frá Kanada), Sudden Weather Change, Sing for me Sandra, Retro Stefson, Hafdísi Huld og Bombay Bicycle Club (í Reykjavík Downtown Hostel kl. 19.00). Á laugardaginn er dagskráin ekkert slor heldur. Þá má sjá t.d. Miri, Reykjavík!, Moses Hightower og Ham í Nikitagarðinum, Rolo Tomassi og The Vandelles á Bar 11 og Hjálma í Vesturbæjarlauginni, en þar verða tónleikar klukkan 18 alla dagana. Auk alls þessa verður órafmögnuð dagskrá í Norræna húsinu alla dagana og opnir tónleikar í Hressógarðinum. Þar má til dæmis sjá öll kanadísku nöfnin sex á laugardaginn. Góða skemmtun!

# Einkaþota og risaskjáir

**Tónlistarunnendur hafa beðið spenntir eftir Iceland Airwaves-hátíðinni sem er nýhafin. Fjölmargar erlendar hljómsveitir streyma til landsins og kröfur þeirra eru stundum óraunhæfar.**

Um áttatíu erlendar hljómsveitir koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni og eru þær byrjaðar að streyma til landsins með allt sitt hafurtask.

„Því stærri bönd, því metnaðarfyllri kröfur," segir Róbert Aron Magnússon sem hefur annast erlendu sveitirnar ásamt Agli Tómassyni. „Það eru búnar að vera alls konar kröfur um tæki og tól sem eru ekki til á Íslandi. Menn hafa tekið því misjafnlega en við erum búnir að semja um þetta allt."

Nokkuð umstang er í kringum tónleika sænsku söngkonunnar Robyn í Hafnarhúsinu á laugardaginn. Þrjú trommusett verða á sviðinu, þar af eitt rafmagnstrommusett. Einnig verða þar tvö stór hljómborðssett. „Við höfum séð á Twitter- og Facebook-samskiptasíðum hennar að hún er mjög spennt fyrir þessum tónleikum. Hennar fólk er dálítið kröfuhart en við erum að reyna að koma því niður á jörðina og láta það átta sig á því að við erum á Íslandi," segir Róbert.

Breska poppsveitin Hurts spilar í Hafnarhúsinu á föstudagskvöld. Hún flýgur til landsins á einkaþotu, hvorki meira né minna. Ellefu manns verða um borð, þar á meðal óperusöngvari sem syngur með sveitinni á tónleikum. „Þegar við bókuðum þá voru þeir ekki búnir að gefa út eina smáskífu eða plötu. Þetta eru menn sem var búið að bóka á venjulegu farrými, ekki einu sinni á Saga Class, og núna eru þeir að koma hingað með einkaþotu," segir Róbert, en þess má geta að fyrsta plata sveitarinnar kom út í síðasta mánuði. Ástæðan fyrir einkaþotunni er reyndar ekki sú að Hurts sé svona stór og merkileg með sig heldur er þotan kostuð af þýskri sjónvarpsstöð. „Þeir eru svo vinsælir í Þýskalandi. Þeir vildu fá þá í eitthvað viðtal á þýskri sjónvarpsstöð og eina leiðin til að láta það ganga var að fljúga með þá hingað yfir í einkaþotu. Þeir þýsku tækluðu það."

Þess má geta að umboðsmenn bæði Robyn og Hurts vinna saman og þeir ætla að nýta tækifærið og skoða norðurljósin þegar hingað kemur. „Þeir ætla að reyna að finna norðurljósin. Þeir eru búnir að bóka bílaleigubíl og ætla að fara á fínt sveitahótel og þefa þetta uppi," segir Róbert.

Mikið umstang verður einnig í kringum tónleika þýsku danssveitarinnar Moderat í Hafnarhúsinu á fimmtudagskvöld. Þrír risaskjáir verða hífðir upp fyrir tónleikagesti en sveitin er þekkt fyrir flott sjónarspil á sínum tónleikum.

freyr@frettabladid.is


NORDICPHOTOS/GETTY

**AIRWAVES-HÁTÍÐIN HAFIN**
Sænska söngkonan **Robyn** og breska hljómsveitin **Hurts** spila í Hafnarhúsinu á Airwaves-hátíðinni. **Róbert Aron Magnússon** skipuleggur komu þeirra.




**Samvera**
**um sorg og sorgarviðbrögð**

Vetrarstarf Nýrrar dögunar hefst n.k. fimmtudagskvöld 14. október kl. 20:30 í safnaðarheimili Háteigskirkju. Þá flytur sr. Halldór Reynisson erindi um sorg og sorgarviðbrögð.

Allir velkomnir

**Vetrardagskrá 2010**
14. okt. Sorg og sorgarviðbrögð.
11. nóv. Sorg vegna sjálfsvígs.
9. des. Sorgin og jólin. Samvera í Grensáskirkju.

Samverurnar verða í safnaðarheimili Háteigskirkju kl. 20:30.
Húsið opnar kl. 19:30 þar sem fólk getur komið, spjallað og fengið kaffi.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • nydogun@nydogun.is

# Ómótstæðileg blanda

Tónlist ★★★★

**Allt er eitthvað**
Jónas Sigurðsson

Jónas Sigurðsson vakti fyrst athygli sem meðlimur Sólstrandargæjanna, en lögin þeirra Rangur maður og Sólstrandargæi náðu miklum vinsældum seint á síðustu öld. Árið 2007 kom svo fyrsta sólóplata Jónasar, Þar sem malbikið svífur mun ég dansa, og þar kvað við alveg nýjan tón. Nú er önnur platan komin, Allt er eitthvað.

Vinsælasta lagið á Malbikinu var Baráttusöngur klansins á skítadreifurunum, en í því datt Jónas niður á alveg ómótstæðilega blöndu af rammíslensku popprokki og einhverri óskilgreindri sígaunastuðtónlist með lúðrablæstri og flottum töktum. Frábært lag. Góðu fréttirnar eru að Jónas heldur áfram að vinna með þetta sambland á nýju plötunni. Hamingjan er hér, sem hefur verið vinsælt undanfarið er til dæmis þessarar ættar, með viðbættum sálarbakröddum og það sama á við um hið framúrskarandi góða Skuldaólin og fleiri lög.

Það er þó alls ekki þannig að það séu 12 tilbrigði við Skítadreifarana á Allt er eitthvað, en í flestum lögunum er Jónas að vinna með þessi sömu grunnatriði í útsetningunum; taktana, blásturinn og bakraddirnar. Og tekst bara fjári vel upp. Lagasmíðarnar eru margar mjög flottar. Auk þeirra laga sem ég hef þegar nefnt má bæta við Hleypið mér út úr þessu partýi, titillagið Allt er eitthvað, Nótt hinna ósögðu orða og fleiri.

Jónas er skemmtilegur textasmiður. Hann nær örvæntingu og firringu nútímans mjög vel, til dæmis í Skuldaólinni og Hleypið mér út úr þessu partýi, en innihald textanna er undirstrikað með æstum söngnum og útsetningunni.




Allt er eitthvað er á heildina litið frábær plata. Ein af þeim bestu á árinu. Plata sem maður setur í tækið, hækkar vel í og nýtur þess að hlusta á kraftmikla tónlist með textum á íslensku. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Jónas Sigurðsson fylgir Malbikinu eftir með enn betri plötu.




HELENA RUBINSTEIN

TÆLANDI VARALITIR



NÝTT
WANTED ROUGE
GRÍPANDI LITIR - SJÁANLEG YNGJANDI ÁHRIF

# HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í DEBENHAMS 14. – 20. OKTÓBER

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Helena Rubinstein vörur þar af eitt krem**

- Prodigy krem 15 ml
- Prodigy Replasty Peel krem 5 ml
- Prodigy augnkrem 3 ml
- Lash Queen Sexy Blacks maskari
- HR varalitur eða gloss

**Verðmæti kaupaukans er 18.000 kr.**

Einnig aðrar gerðir kaupauka.

Bjóðum upp á húðgreiningu með húðgreiningartæki.



*Gildir meðan birgðir endast á kynningu. Einn kaupauki á viðskiptavin

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> **ORÐUÐ VIÐ ALIEN**

Leikkonan **Natalie Portman** hefur verið orðuð við aðalhlutverkið í nýrri Alien-mynd sem Ridley Scott er með í undirbúningi. Myndin á að gerast á undan fyrstu myndinni sem kom út árið 1979. Talið er að helsti keppinautur Portman um hlutverkið sé Noomi Rapace, sem lék aðalhlutverkið í Millennium-þríleiknum sem byggður er á bókum Stiegs Larsson.



# bíó

bio@frettabladid

# Ráðin í The Raven

Hin ungu og upprennandi Alice Eve og Luke Evans eru í viðræðum um að leika á móti John Cusack í spennumyndinni The Raven sem er byggð á samnefndu ljóði Edgars Allans Poe. Leikstjóri er James McTeigue sem hefur á ferilskránni myndirnar V for Vendetta og Ninja Assassin.

Evans, sem lék síðast í Hróa Hetti á móti Russell Crowe, fékk hlutverkið eftir að Jeremy Renner ákvað frekar að leika í Mission: Impossible 4. Evans leikur rannsóknarlögreglumann sem ásamt Cusack leitar að raðmorðingja sem hefur rænt unnustu skáldsins Poe (Eve) og er byrjaður að myrða fólk þar sem hann hermir eftir verkum skáldsins. Eve vakti síðast athygli í rómantísku gamanmyndinni She's Out of My League og lauk nýverið tökum á bresku gamanmyndinni The Decoy Bride. Undanfarið hefur hún leikið í spennumyndinni ATM en á meðal næstu mynda Luke Evans eru Skytturnar þrjár og Tamare Drewe þar sem hann leikur á móti Gemmu Arterton. Tökur á The Raven hefjast 25. október og fara þær fram í Búdapest og í Serbíu. Sögusviðið er Baltimore árið 1849.



**ALICE EVE** Eve vakti athygli í gamanmyndinni She's Out of My League. NORDICPHOTOS/GETTY

Bíó ★★★★

**The American**

Leikstjóri: Anton Corbijn.

**Aðalhlutverk:** George Clooney, Thekla Reuten, Violante Placido, Paolo Bonacelli.

## Kani í völundarhúsi

George Clooney kallar sig Jack og er staddur í Svíþjóð á fyrstu mínútum kvikmyndarinnar The American. Þar berst hann við byssuglaða snáða í snjónum og hefur betur. Skömmu síðar gengur hann undir nafninu Edward í smáþorpi á Ítalíu þar sem örlög hans munu ráðast.



Í fyrstu dregst áhorfandinn inn í söguþléttuna en þegar líða tekur á myndina kemur í ljós að hún skiptir ekki máli. Hver mun drepa hvern og af hverju? Hverjir eru sannir bandamenn Ameríkanans og hverjir munu stinga hann í bakið? Edward treystir engum vegna þess að hann er í helvíti. Vingjarnlegur prestur reynir að benda honum á það en líklega er það orðið of seint.

Aftanverð eyrun á George Clooney eru í miklu aðalhlutverki. Við sjáum aftan á hann þar sem hann gengur hægum en ákveðnum skrefum um þröng og tómleg stræti þorpsins, fram og til baka. Það er líkt og hann sé staddur í völundarhúsi án útgönguleiðar.

Það eru engar sprengingar í myndinni. Hún býður áhorfandanum upp á merkilegri og betri hluti en það. Á endanum stoppar sýningarvélin en kvikmyndin heldur áfram. Tveir sólarhringar hafa liðið og ég er ennþá að horfa á The American.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Falleg og djörf mynd sem tekur tíma að melta. Þeir sem vilja hasar verða vonsviknir.




# Gallalaust fólk á Facebook

**Aaron Sorkin er handritshöfundur The Social Network sem er komin í kvikmyndahús hérlendis. Fréttablaðið hitti hann á blaðamannafundi í París þar sem hann ræddi um Facebook, einkalíf og eiturlyfjanotkun sína.**



**AARON SORKIN** Handritshöfundurinn segir það ekki sniðugt að skemmta sér yfir óförum annarra. NORDICPHOTOS/GETTY

Bandaríkjamaðurinn Aaron Sorkin er handritshöfundur The Social Network sem fjallar um stofnanda Facebook, Mark Zuckerberg, og málshöfðanir gegn honum skömmu eftir að þessi vinsæla síða var stofnuð.

Sorkin er afar virtur á sínu sviði enda hefur hann skrifað handrit að myndum á borð við A Few Good Men og The American President auk hinna margverðlaunuðu sjónvarpsþátta The West Wing. „Þegar ég tók þetta verkefni að mér vissi ég ekkert um Facebook. Ég hafði heyrt um Facebook alveg eins og ég hafði heyrt um blöndung í bíl. Ég get ekki opnað húddið á bílnum og sagt hvar hann er og ég get ekki lagað hann fyrir nokkra muni," segir hinn 49 ára Sorkin. „Það var ekki Facebook sem dró mig að þessari mynd. Facebook er áhugaverður og í raun kaldhæðnislegur bakgrunnur sögu sem hefur að geyma elsta umfjöllunarefni sem til er. Þessi mynd snýst um vinskap, tryggð, svik, afbrýðisemi og völd, rétt eins og Shakespeare og fleiri hafa skrifað um í gegnum tíðina."

Sorkin segir að handritaskrif sem slík geri lítið fyrir sig. Það er ekki fyrr en leikarar eru komnir í spilið og kvikmyndatökur hefjast að hann verður virkilega ánægður. „Ég fæ mikið út úr því að fylgjast með framvindunni til enda og sjá lokaútkomuna. Mér finnst liðsíþróttir skemmtilegri en einstaklingsíþróttir. Ég fíla hljómsveitir miklu betur en sólótónlistarmenn og mér leið eins og að vera í hljómsveit að vinna með David [Fincher leikstjóra], leikurunum og fólkinu í kringum myndina," segir hann.



**AÐALLEIKARAR** Aðalleikarar The Social Network, þeir Justin Timberlake, Andrew Garfield og Jesse Eisenberg.

### Handtekinn með eiturlyf

Einkalíf fólks er áberandi á Facebook en þó þannig að þeir sem eru virkir á síðunni ráða því alfarið sjálfir hvers konar mynd þeir draga upp af sjálfum sér. Sorkin hugsaði mikið um málefni tengd einkalífi í tengslum við The Social Network.

„Mitt eigið einkalíf sprakk í loft upp í apríl 2001 þegar ég gerði mjög heimskulegan hlut. Ég var handtekinn á flugvelli með eiturlyf í töskunni minni. Þetta var í fyrsta sinn sem almenningur fékk að kynnast minni raunverulegu persónu. Fram að þessu hafði ég birst í gegnum persónurnar sem ég bjó til sem voru allar mjög rómantískar, heillandi og gáfaðar. Þetta voru persónur sem þú vildir eiga sem vini, samstarfsfélaga og jafnvel forseta. Síðan kom í ljós að þessi náungi sem var að búa þær til var háður eiturlyfjum," segir Sorkin, sem hefur verið allsgáður eftir að hann fór í afvötnun skömmu eftir atvikið. „Í framhaldinu leið mér eins og allur heimurinn væri að fylgjast með mér. Núna, ef ég fer á stefnumót, er það ekkert einkamál heldur fylgjast fjölmiðlar með manni og almenningur gagnrýnir mann. Þetta er fórnarkostnaðurinn við þennan starfsvettvang," segir hann. „Veröldin er orðin þannig að við skemmtum okkur yfir einkalífi annars fólks og það er hvorki gott né dyggðugt." Hann gagnrýnir raunveruleikaþætti á borð við The Bachelor, sem hann telur langt því frá raunverulega, ekki frekar en það hvernig orðið „félagslíf" er nefnt í sömu andrá og Facebook. „Við erum að skemmta okkur yfir göllum annars fólks. Fyrstu tvær vikurnar í American Idol snúast um að benda á og hlæja að fólkinu sem getur ekki sungið. Svona á maður ekki að gera, að skemmta sér yfir niðurlægingu annarra. Það gerir okkur að grimmari og heimskari einstaklingum og ég er á móti slíku."

### Vélar stjórna félagslífinu

Sorkin segir að Mark Zuckerberg hafi með Facebook búið til verkfæri sem gat sýnt gallalausa útgáfu af honum sjálfum. Það sé helsta vandamálið við síðuna því hún sýni aðeins einhliða útgáfu af notendum sem virðist laust við alla galla. „Hafið þið hitt einhvern, sem þið hafið aldrei áður hitt, eftir að þið kynntust honum á Facebook?" spyr Sorkin. „Ég byrjaði með Facebook-síðu í tengslum við þessa mynd og þessi fyrstu kynni valda fólki alltaf vonbrigðum. Ég held við ættum að vera ánægð með að við erum öll mannleg. Allir sem eru í hjónabandi kannast við að maður fer að elska þessa ófullkomnu hluti við makann sinn. Þegar vélar eru farnar að taka þátt í félagslífi fólks verð ég alltaf taugaóstyrkur."

freyr@frettabladid.is




## 20% AFSLÁTTUR

AXE HREINLÆTISVÖRUM FYRIR HERRA

**Vertu ekkert smá ómótstæðilegur!**

BODYSPRAY - ROLL ON - SVITASPREY



## 20% AFSLÁTTUR

AF PURE COCONUT HÁRVÖRUM

**Hágæða hárvörur á góðu verði**



## ÓDÝRT

EUROSHOPPER HREINLÆTISVÖRUR

**á frábæru verði!**

HANDSÁPUR - EYRNAPINNAR - BÓMULL - VASAKLÚTAR



## 20% AFSLÁTTUR

AF NATRACARE HREINLÆTISVÖRUM

eru úr lífrænni bómull og náttúrulegum efnum sem brotna niður í náttúrunni. Lausar við klór, ilmefni og plastefni.



Gildir til 17 október.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*







# Fólk

folk@frettabladid.is

*„Ég hef farið á stefnumót með nokkrum nördum um ævina. Mér líkar vel við nörda.“*

**EVA MENDES**
**Leikkonan ræðir um ástamál sín þegar hún var yngri. Hún hefur verið með leikstjóranum George Gargurevich frá árinu 2002.**



*„Ef ég væri stöðugt hrædd um að gera mistök væri ég ekki þar sem ég er í dag.“*

**RIHANNA**
**Söngkonan tjáir sig um vel heppnaðan tónlistarferil.**





*„Líkast til vissi ég það í undirmeðvitundinni að ég myndi snúa aftur.“*

**ROBBIE WILLIAMS**
**Söngvarinn ræðir um endurkomu sína í strákabandið Take That.**



Thor Vilhjálmsson rithöfundur og Kjartan Ragnarsson, leikstjóri og ferðamálafrömuður, ræddu um landsins gagn og nauðsynjar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Jón Oddur Guðmundsson og Frank Hall, listrænn ráðunautur Borgarleikhússins.

# FÓLKIÐ Á FRUMSÝNINGUNNI

**Leikritið Fólkið í kjallaranum var frumsýnt í Borgarleikhúsinu um síðustu helgi. Verkið er byggt á verðlaunasögu Auðar Jónsdóttur en leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir. Fullt hús var á frumsýningunni og var leikurum og aðstandendum vel tekið.**



Helga Gerður, Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri og María Hrund Marinósdóttir, markaðsstjóri hjá VÍS.



Sjálfstæðismaðurinn Illugi Gunnarsson og Bryndís Einarsdóttir eiginkona hans.



Halldór, Lísa og Margrét voru klár í slaginn.

# Hugleikur í flottum selskap

„Ég er á meðal einhverra 35 höfunda í bókinni. Það eru margir góðir þarna,“ segir Hugleikur Dagsson.

Teikningar Hugleiks er að finna í ritsafni sem kvikmyndaframleiðandinn Judd Apatow hefur tekið saman og gefið út í bókinni I Found This Funny. Hugleikur er þar á meðal snillinga á borð við Steve Martin, Jon Stewart, Adam Sandler og Ernest Hemingway sem eiga efni í bókinni – hvort sem það er fyndið eða ekki.

Apatow er gríðarlega farsæll framleiðandi og leikstjóri, en eftir hann liggja myndir á borð við Knocked Up, 40 Year Old Virgin og Superbad. „Hann sendi mér allt í einu póst,“ segir Hugleikur. „Hann hafði víst verið búinn að reyna að ná í mig á Myspace, en ég nota það ekki lengur. Það var mjög fyndið þegar ég fór á Myspace um daginn og fann gömul skilaboð frá honum: „Þetta er Judd Apatow“ svo sagði hann: „Í alvöru, þetta er sko Judd Apatow.“ Hann var að fá leyfi til að nota brandara sem ég hafði teiknað til að setja í ritsafnið sitt. Ég sagði náttúrulega já, enda er ég mikill aðdáandi Apatow.“

Ágóði bókarinnar rennur til góðgerðarmála, þannig að það liggur í hlutarins eðli að Hugleikur fékk ekki greitt fyrir verk sín í bókinni. Sjálfur býður Hugleikur eftir sínu eintaki, en forlagið McSweeney's hafði nýlega samband og sagði það vera á leiðinni. - afb



**Í GÓÐUM HÓPI** Myndir frá Hugleiki Dagssyni eru í bókinni I Found This Funny, sem framleiðandinn Judd Apatow tók saman. Gamanmál Adams Sandler, Jons Stewart og Conans O'Brien má einnig finna í bókinni.

# Aftur brotist inn hjá Hilton-erfingjanum

Lögreglan í Los Angeles handtók í gær hjólreiðagarpinn James Rainford eftir að hann fór í leyfisleysi inn á lóð Parisar Hilton.

Rainford læddist fram hjá öryggisvörðum, braut sér leið í gegnum rammgerð öryggishlið og bankaði upp á hjá erfingjanum. Hann hitti hana þó ekki þar sem hann var varla búinn að banka þegar öryggisverðir Hilton tóku eftir honum og upphófst þá eltingaleikur sem endaði ekki fyrr en lögreglan mætti á svæðið. Rainford var á reiðhjóli og því reyndist erfitt að ná í hann.

Rainford var færður á lögreglustöð í yfirheyslu, en ekki er vitað hvað vakti fyrir honum eða hvort atvikið tengist hnífamanninum sem braust inn til Parisar fyrir skömmu. Rainford hefur verið ákærður og er enn í haldi lögreglu.



**ÓHEPPIN** Paris Hilton fær ekki að vera í friði.

# Ég kyssti gaur



**SPILAR FYRIR BÆÐI LIÐ** Gavin Rossdale er kvæntur Gwen Stefani en átti í ástarsambandi við karlmann á níunda áratugnum.

Gavin Rossdale, söngvari hljómsveitarinnar Bush og eiginmaður Gwen Stefani, hefur viðurkennt að hafa átt í ástarsambandi við karlkyns klæðskipting á níunda áratugnum. „Ég vildi ekki að þetta myndi hafa áhrif á Bush,“ sagði hann nýlega í viðtali.

Boy George sagði fyrst frá sambandi Rossdale og klæðskiptingsins Marilyn í sjálfsævisögu sinni Take it Like a Man. Þá hefur Marilyn látið hafa eftir sér að sambandið hafi varað í fimm ár og að Rossdale hafi verið ástin í lífi hans.

„Ég var 17 ára og þá er ekkert skrýtið við neitt. Maður er bara að finna sig og fullorðnast. Þannig er það,“ sagði Rossdale.



**HERA BJÖRK** Næsta Eurovision-keppni verður haldin í Düsseldorf á næsta ári.

# Eurovision í Dusseldorf

Úrslit næstu Eurovision-keppni verða haldin í Düsseldorf í Þýskalandi á næsta ári. Fjórar borgir sóttu um að halda keppnina og bar Düsseldorf sigurorð af Berlín, Hamborg og Hannover. Um þrjá viðburði í beinni útsendingu verður að ræða. Undanúrslitin verða 10. og 12. maí og úrslitin sjálf verða síðan 14. maí í Esprit-höllinni. Lagið Satellite með Lenu Meyer-Landrut sigraði síðustu Eurovision-keppni sem var haldin í Ósló og náði það í framhaldinu miklum vinsældum víða um Evrópu. Hera Björk endaði í 19. sæti í keppninni með lagið Je Ne Sais Quois.



**EVERYTHING EVERYTHING** Everything Everything spilar á Airwaves. Hægt er að fylgjast með hátíðinni í gegnum snjallsíma.

# Airwaves í símanum

**Tónleikagestir á Iceland Airwaves geta í fyrsta sinn í ár fengið að fylgjast með ýmsu sem tengist þessari tónlistarhátíð í gegnum símann sinn. Þeir geta fylgst með biðröðum í gegnum farsímann sinn, fengið strikamerki í símann sem geymir upplýsingar um hljómsveitir, viðburði og fleira, notað smáforrit sem leiðir þá á réttan tónleikastað og fengið áminningu í símann áður en tónleikar hefjast.**

**Allir tónleikagestir með snjallsíma, hvort sem þeir eru viðskiptavinir Ring eða ekki, hafa aðgang að þessari tækni sem verður í boði undir merkjum Ring.**







NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE AMERICAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 - 10.45 | L |
| EAT PRAY LOVE LÚXUS | kl. 8 - 10.45 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.45 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GREENBERG | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| R | kl. 6 - 10 | 16 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRIM | kl. 5.30 - 10.30 | L |
| THE AMERICAN | kl. 8 - 10 | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.30 - 8 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK | 8 og 10.30 - FORSÝNINGAR | 7 |
| THE AMERICAN | 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE TOWN | kl. 6 - 8 - 10 - 10:40 | 16 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 8 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 8:15 - 10:40 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| WALL STREET 2 | kl. 8 - 10:30 | L |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| SOLOMON KANE | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DISAPPEARING NUMBER | kl. 6 / Leikrit í Beini útsendingu | L |
| THE TOWN | kl. 8:10 - 10:10 - 10:40 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:10 | L |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS


# Unglingar eru gersemar

**Órói er fyrsta kvikmynd Baldvins Z í fullri lengd. Reynsla hans af starfi með erfiðum unglingum á Akureyri kom að góðum notum við gerð myndarinnar.**

Kvikmyndin Órói í leikstjórn Baldvins Z verður frumsýnd á morgun á vegum Kvikmyndafélags Íslands. Hún er byggð á unglingabókum Ingibjargar Reynisdóttur, Strákarnir með strípurnar og Rótleysi, rokk og rómantík, sem hafa notið mikilla vinsælda. Ingibjörg er einmitt handritshöfundur Óróa ásamt Baldvini og fer einnig með hlutverk í myndinni.

„Ég er mjög sáttur,“ segir Baldvin, sem hafði nýlokið við að grandskoða myndina í síðasta skiptið fyrir frumsýningu þegar blaðamaður ræddi við hann. Þetta er fyrsta mynd Baldvins í fullri lengd en hann hefur áður leikstýrt auglýsingum og stuttmyndum ásamt myndböndum við Eurovision-lög Eurobandsins og Jóhönnu Guðrúnar. „Þetta var ótrúlega erfitt en ótrúlega skemmtilegt,“ segir hann um tökurnar. „Ég er búinn að leggja allt mitt í þetta og nú á bara heimurinn eftir að dæma.“

> Þetta var ótrúlega erfitt en ótrúlega skemmtilegt“ BALDVIN Z.

Tökur á Óróa stóðu yfir í fimm vikur og fóru fram fyrir ári í Reykjavík og í bænum Taunton í Englandi. Eitt atriði var tekið upp á lestarstöð í Taunton þar sem Bítlarnir tóku upp atriði fyrir mynd sína A Hard Day's Night. Mikið af góðri tónlist hljómar einmitt í Óróa og margir sem eiga lag í myndinni koma fram á Airwaves-hátíðinni í ár. Þar má nefna Agent Fresco, Bloodgroup, Nolo, Ólaf Arnalds, Sykur og Snorra Helgason.

Órói er raunsæ þroskasaga sem fjallar um hinn sextán ára Gabríel, sem í byrjun myndarinnar er í sumarskóla í Bretlandi og kynnist þar Markúsi. Þar gerast ákveðnir hlutir sem leiða til þess að líf hans breytist. Þegar hann kemur til Íslands þarf hann að horfast í augu við þær breytingar. Baldvin segir myndina fjalla um unglingaraunveruleikann og vera alveg jafn skemmtilega fyrir fullorðna og unglinga. Fjallað er um svokölluð unglingavandamál, sem oft á tíðum eru í raun og veru foreldravandamál að hans mati. Hann segir að reynsla hans af starfi sínu með erfiðum unglingum á Akureyri fyrir nokkrum árum hafi nýst sér vel við gerð myndarinnar. „Mér finnst unglingar vera gersemi. Þetta er skemmtilegasti aldurinn í lífi manns. Maður sér ekki fram í tímann, sem gerir það að verkum að lífið er dásamlegt. En það er að sama skapi erfitt því manni finnst hver ákvörðun vera manns síðasta í lífinu.“

Með aðalhlutverk í myndinni fara Atli Óskar Fjalarson, Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm og Haraldur Ari Stefánsson.

„Þessir krakkar sem leika í myndinni eru algjörar hetjur. Það á eftir að koma fólki mjög mikið á óvart hvernig þeir standa sig í þessari mynd,“ segir Baldvin.

freyr@frettabladid.is



**BALDVIN Z** Órói er fyrsta kvikmynd Baldvins Z í fullri lengd. Hann hefur áður leikstýrt auglýsingum, stuttmyndum og myndböndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óttast ekki hlýjan býflugubúning

„Þetta er rosalega fyndinn búningur en hann er mjög hlýr,“ segir Steinn Ármann Magnússon sem leikur Fúsa Bý í söngleiknum Dísa ljósálfur sem verður frumsýndur í Austurbæ annan laugardag.

Stutt er síðan búningarnir fyrir sýninguna voru tilbúnir og var það María Ólafsdóttir, sem hefur unnið við Latabæ, sem sá um hönnunina. Sigrún Einarsdóttir annaðist saumaskapinn. „Fúsi Bý er fyrsti vinur hennar Dísu og fylgir henni í gegnum verkið,“ segir Steinn Ármann, sem hefur engar áhyggjur af þessum hlýja býflugubúningi. „Mér kemur til með að verða svolítið hlýtt í honum. Ég leik nú aðallega í fyrri partinum en á svo þrjár innkomur eftir hlé, þannig að ég get komið mér úr þessu í millitíðinni.“

Persónan Fúsi Bý er óvenjuleg því hún er eiginlega bæði karl- og kvenkyns. „Hann veit ekki alveg sjálfur hvort hann er. Hann talar um sjálfan sig stundum í kvenkyni og stundum í karlkyni,“ segir Steinn sem er spenntur fyrir frumsýningunni. „Það er tæpur hálfur mánuður í þetta og þetta er bara allt að skríða saman. Þetta er skemmtileg sýning og skemmtilegur hópur sem ég er að vinna með.“

Eins og komið hefur fram er leikur Álfrún Örnólfsdóttir Dísu ljósálf. Leikstjóri og handritshöfundur verksins er Páll Baldvin Baldvinsson og Gunnar Þórðarson semur tónlistina.

- fb



**FÚSI BÝ OG DÍSA** Steinn Ármann Magnússon og Álfrún Örnólfsdóttir í hlutverkum Fúsa Bý og Dísu ljósálfs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| *INNÍ TÓMIÐ (ENTER THE VOID) 16 | 16:30, 19:20, 22:00 |
| VETRARMEIN (WINTER'S BONE) 14 | 17:10 |
| LENNON UNGI (NOWHERE BOY) L | 19:20, 21:20 |
| *BACKYARD L | 14:10, 17:10, 19:30, 21:30 |
| FRUMSÝNING.: LILJUR VALLARINS L | 20:00 |

* ENGLISH SUBTITLES




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




# SHISEIDO DAGAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, HOLTAGÖRÐUM OG NJARÐVÍK 14. – 20. OKTÓBER.

### KYNNUM NÝJA OG GLÆSILEGA HAUSTLITI

- Augnskuggar 7 litir
- Eyeliner 2 litir
- Maskari 2 litir og maskaragrunnur
- Hyljari 4 litatónar
- Farðaundirlag
- Varalitir 5 litir

KAUPAUKI* ef þú kaupir 2 Shiseido vörur þar af eitt krem, færðu flotta samkvæmistösku sem inniheldur:
Bio-Performance Advanced Super Revitalizer Cream 7ml
The Skincare Hydro-Nourishing Softener 30ml
eða
Bio-Performance Super Restoring Cream 7ml
Benefiance Enriched Balancing Softener 30ml



* Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# sport

sport@frettabladid.is



**BIRKIR MÁR SVEINSSON**, mótastjóri KSÍ, segir ekki ljóst hvernig KSÍ leysi vandamálið sem mun skapast í júní næsta sumar eftir að íslenska 21 árs landsliðið tryggði sér sæti í úrslitakeppni EM. „Ég get eiginlega rosa lítið sagt. Það vantar svo margar forsendur til þess að það sé hægt að spá almennilega í þetta," sagði Birkir í gær. „Við höfum ekki rætt þessi mál neitt alvarlega og við verðum að skoða, spá og spekúlera fram eftir vetri," sagði Birkir í gær.

# Í svipaðri stöðu og með FH 2000

**Logi Ólafsson er kominn aftur í boltann eftir aðeins þriggja mánaða fjarveru en hann gerði tveggja ára samning við Selfoss í gær. Logi vonast eftir því að halda hinum ungu og efnilegu leikmönnum liðsins.**

**FÓTBOLTI** Logi Ólafsson er kominn aftur í fótboltann tæpum þremur mánuðum eftir að hann var rekinn frá KR. Logi skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Selfoss og mun fá það verkefni að koma Selfossliðinu aftur upp í Pepsi-deildina eftir að liðið féll úr deildinni í haust.

„Þegar maður er búinn að standa í þessu í svona mörg ár þarf þetta að vera svolítið spennandi til þess að maður sé tilbúinn að snúa aftur," sagði Logi. Selfoss er fimmta meistaraflokkslið karla sem hann tekur við á farsælum ferli frá því að hann tók fyrst við Víkingum fyrir tuttugu árum.

Logi hefur unnið að framfaramálum í knattspyrnunni á Suðurlandi þótt hann hafi ekki þjálfað þar áður. „Aðkoma mín að knattspyrnunni á Suðurlandi hefur verið með þeim hætti að við erum með Knattspyrnuakademíu í Fjölbrautaskólanum og margir af strákunum sem spila með Selfossliðinu í dag hafa farið þarna í gegn. Ég hef því fylgst töluvert með þeim og var þeim líka innan handar þegar Zoran Miljkovic var ráðinn hingað á sínum tíma," segir Logi. Auk þess að þekkja ungu leikmenn Selfyssinga vel þekkir hann einnig vel til í þessum landshluta því hann býr á Arnarhóli í Gaulverjabæjarhreppi.

„Ég er með afdrep hérna fyrir austan fjall sem er í tíu mínútna fjarlægð frá Selfossi. Þetta gefur mér því tækifæri á að vera meira þar. Númer eitt er samt að mér finnst þetta vera spennandi verkefni frá knattspyrnulegu sjónarmiði og ég held að það sé hægt að gera mjög skemmtilega hluti hér," segir Logi.

Logi hefur einu sinni tekið við liði í B-deildinni, þegar hann gerðist þjálfari FH fyrir sumarið 2000. FH var þá ekki búið að vera í efstu deild í fimm ár en undir hans stjórn fór FH-liðið upp á fyrsta ári og endaði í 3. sæti í úrvalsdeildinni árið eftir.

„Ég hef verið svo lánsamur að gera eitthvað með öllum liðum sem ég hef þjálfað. Ég lít bara björtum augum á þetta. Reynsla mín sem þjálfari í 1. deild er eitt ár með FH árið 2000. Ég var síðan með þá árið 2001 þar sem við höfnuðum í þriðja sæti og hefðum hugsanlega getað gert betur. Ég sé ekkert ósvipaða möguleika hér," segir Logi bjartsýnn en hann talar þó um að bæta einhverjum leikmönnum við hópinn. Logi segir þó mikilvægast að halda í leikmannahópinn sem fékk eldskírnina meðal þeirra bestu í sumar.



„Þessir strákar eru búnir að fá nasaþefinn af því að spila í efstu deild og eflaust eru einhverjir að bera í þá víurnar. Ég vona bara að félögin fari þá lögformlegu leið í því og hafi fyrst samband við stjórnina. Samkvæmt því sem stjórnarmenn segja mér hefur ekkert einasta félag haft samband út af þessum leikmönnum," segir Logi og bætir við:

„Við vitum það að þegar svona lagað gerist standa menn saman um að duga betur og fara beint upp aftur. Svo getur ýmislegt komið upp á sem getur ruglað menn í ríminu og þá er ég að tala um einhver gylliboð frá öðrum félögum og svo framvegis. Ég vona að allir þessir strákar haldi áfram. Þetta er ungt lið sem hefur öðlast aukna reynslu af því að hafa spilað í efstu deild. Það þarf að gera atlögu að því að komast upp aftur. Það er mjög mikilvægt að halda þessum ungu strákum," segir Logi.

„Það er mjög góður andi í þessum hópi og þetta eru strákar sem hafa verið að vinna mjög vel saman og hafa verið í og við þetta lið síðan þeir fóru upp úr 2. deild. Þetta er skemmtilegt verkefni," segir Logi að lokum.

ooj@frettabladid.is



**GRIMM** Dagný Brynjarsdóttir á ferðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meistaradeild kvenna:

## Valur úr leik

**FÓTBOLTI** Tímabilinu hjá kvennaliði Vals lauk í gær er liðið féll úr leik í Meistaradeild Evrópu. Valsstúlkur gerðu þá jafntefli við spænska liðið Rayo Vallecano, 1-1, á heimavelli.

Spænska liðið vann fyrri leikinn 3-0 og rimmuna þar með 4-1. Vallecano komst yfir á 57. mínútu í gær með marki frá Adriönu en Valur jafnaði á 88. mínútu er Maria Galan skoraði sjálfsmark.

„Þetta var mjög erfitt í dag en við klúðruðum þessu úti. Þar fengum við tækifæri til þess að skora og það var dýrt að ná ekki að setja mark þar," sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, en hann var að stýra liðinu í síðasta sinn.

„Við sáum það vel í dag að við erum ekkert með síðra lið en þær. Ef við hefðum skorað í fyrri hálfleik og hleypt þessu upp í smá vitleysu hefði allt verið hægt í seinni hálfleik. Því miður ekki upp hjá okkur." - hbg

N1
N1 DEILDIN

SPENNAN MAGNAST!

Hasarinn í N1 deildinni heldur nú áfram. Við á N1 hvetjum alla unnendur skemmtilegs handbolta til að mæta nú á völlinn og styðja sitt lið til sigurs. Góða skemmtun!

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Valur – HK | Vodafone höllin | 14. okt. kl. 19:30 |
| FH – Selfoss | Kaplakriki | 14. okt. kl. 19:30 |
| Afturelding – Haukar | Varmá | 14. okt. kl. 19:30 |
| Fram – Akureyri | Framhús | 16. okt. kl. 15:45 |

N1 DEILD KVENNA

| | | |
|---|---|---|
| ÍR – ÍBV | Austurberg | 16. okt. kl. 13:00 |
| Grótta – Haukar | Seltjarnarnes | 16. okt. kl. 13:30 |
| Fram – Stjarnan | Framhús | 16. okt. kl. 13:45 |
| FH – Fylkir | Kaplakriki | 16. okt. kl. 16:00 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni


BT
Opið til 22
alla daga í Skeifunni
spilað & skilað
Búinn með leikinn?
Við kaupum hann af þér
komdu með gamla leikinn í BT og fáðu inneignarnótu í staðinn
Komdu og gerðu góð kaup í spiluðum leikjum
37" Full HD
Vaxtalaust er málið
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
134.999
149.999
15.000kr lækkun
LG
LG 37" full HD LCD LG37LD420
Upplausn: 1920 x 1080 Contrast: High
Svartími: 4 ms
Samsung myndavél
Rosavél á rosaverði
SAMSUNG
SAMSUNG NX10
EV-NX10ZZBAB
Myndflaga: 14,6 MP
Skjár: 3,0" Amoled
Linsa: 18-55 OIS
Hristivörn í linsu
og videoupptaka
99.999
109.999
Samsung tölva
SAMSUNG
SAMSUNG R530
NP-R530-JT01SE
Skjár: 15,6" LED glossy
Örgjörvi:Intel dua-core I3-330M
Skjákort: Nvidia Geforce 512MB
Vinnslum: 4GB
Harður d: 500GB
119.999
149.999
30.000kr lækkun
LG
47 full HD LED
Upplausn: 1920 x 1080
Skerpa: 80.000:1
Svartími: 2 ms
249.999
Trommusett
ION
Trommusett
Hágæða rafmagnstrommusett
Yfir 100 mismunandi stillingar
Hægt að tengja í græjur eða heyrnartól
Hægt að tengja Ipod inn
Hægt að taka upp og hlusta á
59.999
Dj græja
ION
Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir
Truflað verð
12.999
24.999
Plötuspilari
ION
Plötuspilari
Glæsilegur plötuspilari
USB tengi til að færa gömlu góðu plöturnar yfir á MP3
Hægt að tengja í græjur
Hugbúnaður til upptöku fylgir
24.999
Handskanni
ION
ION Handskanni
IONCOPYCAT
Einfaldur handskanni
Skannar á SDmicro kort
Tengist með USB snúru
14.999
Bluray spilari
Hlægilegt verð
29.999
LG
BLURAY spilari - LG BD560
ódýr - einfaldur og góður !
Þvottavél
ZANUSSI
ÞVOTTAVÉL
1000SN - 6KG
HZ914 904 429
1000 snúningar á mínútu
Tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Orkuflokkur: A+
79.999
Par-tilboð
149.999 Þvottavél og þurrkari
Þurrkari
ZANUSSI
ÞURRKARI
6KG - MEÐ BARKA
HZ916 093 090
Barkaþurrkari með tímarofa.
Lægra hitastig fyrir viðkvæmt tau.
Valhnappur fyrir bómull eða gerviefni.
79.999
BT
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is



**ELLERT B. SCHRAM** Skoraði 62 mörk fyrir KR í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björgólfur farinn frá KR:

## Markamet Ellerts úr hættu

**FÓTBOLTI** Markameti Ellerts B. Schram hjá KR verður ekki ógnað í bráð eftir að ljóst varð að Björgólfur Takefusa myndi ekki spila áfram með Vesturbæjarliðinu. Björgólfur samdi í dag við Víking eftir að hafa spilað með KR undanfarin fimm ár en hann var farinn að nálgast metið óðfluga.

Ellert B. Schram skoraði 62 mörk í 132 leikjum á sínum tíma og hafði ellefu marka forskot á Þórólf Beck síðan hann lagði skóna á hilluna. Þetta forskot minnkaði í fyrsta sinn í fjóra áratugi í sumar.

Björgólfur Takefusa skoraði sex mörk í sumar og það síðasta var fimmtugasta markið hans fyrir KR í efstu deild. Hann var því tólf mörkum frá meti Ellerts. - óój

**Markahæstu leikmenn KR frá upphafi:**

| | |
|---|---|
| Ellert B. Schram | 62 mörk |
| Björgólfur Takefusa | 50 |
| Þórólfur Beck | 49 |
| Gunnar Felixson | 44 |
| Guðmundur Benediktsson | 43 |
| Einar Þór Daníelsson | 42 |

# Vildi breyta um umhverfi

**Framherjinn Björgólfur Takefusa samdi til þriggja ára við Víking í gær. Hann segist skilja í góðu við KR þó svo hann hafi verið orðinn þreyttur hjá félaginu.**

**FÓTBOLTI** Víkingur undirstrikaði metnað sinn fyrir komandi sumar í gær þegar liðið samdi við einn helsta markahrelli landsins, Björgólf Takefusa. Björgólfur er annar leikmaðurinn sem Víkingur fær á skömmum tíma en Pétur Georg Markan kom til félagsins frá Fjölni á dögunum.

„Ég var mjög spenntur fyrir Víkingi allt frá því þeir töluðu við mig fyrst. Ég var bara búinn að heyra jákvæða hluti um félagið. Þegar ég hitti síðan Björn formann var aldrei spurning um að fara í félagið. Ástríðan og metnaðurinn sem hann hefur fyrir félaginu er svakaleg. Ég sagði við hann að með þessum ákafa gæti hann fengið menn til þess að spila frítt fyrir félagið," segir Björgólfur sem játar þó að fá greitt fyrir sína vinnu í Víkinni.

Björgólfur hefur verið hjá KR undanfarin fimm ár og notið þar mikillar velgengni. Skorað mikið og verið einn öflugasti framherji úrvalsdeildarinnar. En af hverju fór hann frá KR?

„Ég var kominn með leiða á umhverfinu hjá KR. Ég vil samt ekki að fólk haldi að ég fari þaðan í einhverju fússi. Það er ekki svo. Ég skil í mesta bróðerni og mér þykir mjög vænt um KR. Það var kominn tími fyrir mig að skipta um umhverfi og ég er mjög ánægður að vera kominn í Víking. Ég er gríðarlega spenntur fyrir næstu árum þar enda er metnaðurinn mikill," segir Björgólfur og bætir við að honum þyki leiðinlegt að fá ekki almennilegt tækifæri til þess að kveðja það góða fólk hjá KR sem hefði veitt honum stuðning á síðustu árum.



**GÓÐIR SAMAN** Björgólfur segir að hann hlakki til að vinna með Leifi Garðarssyni þjálfara sem er hér afar kátur með nýjasta liðsstyrkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ákvörðunin um að fara í Víking er fyrst og fremst fótboltalegs eðlis en ekki fjárhagsleg. Ég hef heyrt að móralinn þarna sé frábær og að hjá liðinu sé mikil liðsheild. Mig langar að komast í félag þar sem er mikil liðsheild. Á fimm árum hjá KR hef ég ekki verið hluti af sterkri liðheild. Það er stór ástæða fyrir því að ég breyti til núna. Eitt af því sem gerir fótboltann skemmtilegan er að vera hluti af sterkri liðsheild og mig langar að komast í slíkt umhverfi," sagði Björgólfur Takefusa.

henry@frettabladid.is



**JOHN HENRY** Er líka eigandi hafnaboltaliðsins Boston Red Sox. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Salan á Liverpool lögleg:

## Henry að eignast Liverpool

**FÓTBOLTI** Bandaríkjamaðurinn John Henry var mættur á stjórnarfund hjá Liverpool í gærkvöld en hann mun væntanlega eignast félagið fljótlega.

Dómstólar í Bretlandi hafa úrskurðað að stjórn Liverpool hafi verið heimilt að selja Henry félagið en núverandi eigendur félagsins voru ósáttir við söluna og skutu henni til dómstóla.

Í kjölfar dómsins fundaði stjórn Liverpool og Henry mætti frekar óvænt á stjórnarfundinn enda var talið að stjórn Liverpool myndi fara yfir önnur tilboð sem borist höfðu á síðustu dögum.

Peter Lim, kaupsýslumaður frá Singapúr, gerði til að mynda nýtt og betra tilboð í félagið eftir að málefni Liverpool fóru fyrir dómstóla.

Vera Henry á fundinum í gær þykir þó renna stoðum undir það að stjórn Liverpool muni taka tilboði hans eins og upphaflega stóð til að gera. - hbg







HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

golfogveidi@frettabladid.is

**75.000** **RJÚPUR ER VEIÐIRÁÐGJÖF** Náttúrufræðistofnunar fyrir haustið. Það gerir um 15 rjúpur á hvern veiðimann.

**50.000** **GRÁGÆSIR** falla fyrir hendi íslenskra skotveiðimanna á hverju ári. Veiðin á Bretlandseyjum er um 20.000 fuglar.

FLUGAN

SCANDIC SHADOW ORANGE



MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

## Gjöfull nýliði

Scandic Shadow Orange er fluga sem hefur verið mjög gjöful í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Scandic Shadow er sérlega góð í lituðu vatni eins og Eystri-Rangá og Blöndu. Þessi fluga er mjög útbreidd á Norðurlöndum og hefur sannað sig sem frábær veiðifluga á Íslandi undanfarin ár.

Rjúpnaveiðar 2010:

## Fyrirkomulag veiða óbreytt

Fyrirkomulag rjúpnaveiða í haust verður óbreytt frá fyrra ári. Veiðitímabilið hefst 29. október og stendur til 5. desember. Á tímabilinu verður heimilt að stunda veiðar á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Sölubann er áfram í gildi.



Veiðar eru leyfilegar í átján daga í haust.

Veitt var heldur meira af rjúpu í fyrra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Því er enn hvatt til hófsamra veiða. - shá

# Gríðarlega mikil gæs og rjúpa í Skagafirði

**Hörður Hafsteinsson úr Mokveiðifélaginu og bróðir hans fengu sextíu gæsir og tíu endur eina morgunstund. Lykillinn var að fækka gervigæsunum.**



**MOKVEIÐIMENN** Bræðurnir Hörður og Sævar með feikilegan afla úr gæsaveiðinni í Skagafirði um þarsíðustu helgi. MYND/ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

„Þegar morgunflugið kom þá sveimuðu gæsirnar yfir okkur og létu sig bara hverfa,“ lýsir Hörður Hafsteinsson, liðsmaður Mokveiðifélagsins úr Skagafirði, upphafi gæsaveiði sem hann fór með Sævari bróður sínum um þarsíðustu helgi.

Bræðurnir fóru á fætur um klukkan hálffimm og byrjuðu á því að stilla upp á milli 130 og 150 gervigæsum á kornakri áður en þeir komu sér fyrir í skurði með byssurnar og biðu eftir að gæsirnar létu sjá sig í birtingu.

„Það kom heilmikill gæsaflokkur en það var eins og þær vildu ekki setjast á akurinn. Þá fékk ég allt í einu þá hugmynd að taka gervigæsirnar og skildi bara fimm stykki eftir. Það var eins og við manninn mælt að þá var eins og hver einasta gæs í sveitinni ætti ekki heitari ósk en að setjast hjá þessum fimm gervigæsum. Við enduðum á að fá sextíu gæsir og tíu endur og vorum komnir heim fyrir klukkan ellefu, heldur betur ánægðir,“ segir Hörður.

Að sögn Harðar er rjúpuveiðin í öðru sæti í forgangsröðinni hjá flestum liðsmönnum Mokveiðifélagsins á eftir stangaveiðinni. „Maður er farinn að hlakka hrikalega til að fara á rjúpuna. Eins og reyndar er með gæsina er gífurlega mikið af fugli. Sjálfur hef ég veitt rjúpu í um tuttugu ár og tel að skotveiði á rjúpu breyti alls engu um stofnstærðina. Og afi minn segir það sömuleiðis,“ segir Hörður, lítt hrifinn af ströngum takmörkunum í rjúpuveiðinni.

Mokveiðimennirnir veiða jöfnum höndum á stöng og skotvopn og eru því að nánast allt árið. „Þetta er alger geðveiki hjá okkur. Það er eiginlega bara yfir allra köldustu mánuðina sem við hleypum konunum okkar upp í,“ segir Hörður í léttum dúr þótt reyndar megi greina að lýsingin sé ekki fjarri lagi. En kannski bjóða þeir konunum sínum á allsherjar uppskeruhátíð sem þeir hafa blásið til fyrir alla stangveiðimenn landsins í Gullhömrum í Reykjavík um þarnæstu helgi.

gar@frettabladid.is



**VEITT Í VARMÁ** Það er víða fallegt við Varmá. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Dauft í rénandi vatni:

## Veiðin í Varmá dalar eftir skot

Veiði virðist nokkuð hafa dottið niður síðustu daga í Varmá í Hveragerði eftir gott skot í kjölfar vatnavaxta um þarsíðustu helgi. Enginn fiskur hafði verið skráður í veiðibókina í veiðihúsinu ofan við Stöðvarhyl frá 6. október þegar kíkt var í bókina á þriðjudag. Aðstæður við ána eru hins vegar prýðis góðar. Til dæmis lítur út fyrir að seiðabúskapurinn sé með miklum ágætum. - gar

Affallið í Landeyjum:

## Tíföld laxveiði

Affallið, sem er tær bergvatnsá sem skilur á milli Austur- og Vestur-Landeyja, hefur skilað yfir eitt þúsund löxum í sumar. Hundrað laxar veiddust þar í fyrra svo um tíföldun er að ræða. Leyfðar eru fjórar dagstangir í ánni. - shá




**TAKK ÚTRÁSARVÍKINGAR!**

Lára Björg Björnsdóttir þakkar útrásarvíkingum fyrir allt sem fer úrskeiðis. Hún segir frá bloggi sem varð að bók, baráttunni fyrir einhverfum syni sínum og lífinu í kreppunni í viðtali í Fréttablaðinu.

EINNIG:
RIS OG FALL FÓTBOLTALANDSLIÐSINS
BERGSTEINN SIGURÐSSON SKRIFAR BAKÞANKA

Allt sem þú þarft...

Ekki missa af Fréttablaðinu á morgun


AF BAKKANUM

## Eystri-Rangá efst með 6.200 laxa veiði

Eystri-Rangá var komin í 6.200 laxa veiði þegar Fréttablaðið hringdi á bakkann í gær. Systir hennar, sú ytri, er líka komin í um sex þúsund laxa veiði.

Árnar eru tvær þær efstu yfir íslenskar laxveiðiár þetta sumarið, eins og reyndar undanfarin ár.

## Veiðistaðurinn – Dammurinn í Blöndu



**RÉTTNEFNI** Maðkur gefur hér mest en fluga hefur sótt á síðustu árin. MYND/LAX-Á

Dammurinn í Blöndu er einn allra besti veiðistaðurinn í ánni og situr ofarlega á lista yfir aflahæstu veiðistaði landsins. Svo lýsir Stefán Páll Ágústsson hjá Lax-á aðstæðum.

„Dammurinn er á svæði 1 og er fyrsti staðurinn sem komið er að þegar gengið er að ánni sunnan megin. Oft er veiðistaðurinn á öndverðum bakka einnig nefndur Dammur að norðan, en sá staður heitir raunar Bugur – en Dammur að norðan hefur fest við hann.

Maðkur hefur reynst vera árangursríkastur í Damminum í gegnum tíðina, en fluga hefur þó reynst furðu vel þegar hún er brúkuð. Í miklu vatni liggur vanalega töluvert af laxi ofan á klöppinni sem sést á myndunum, þá er flugan sérlega árangursrík. Eins er algengt að fiskur liggi á klöpp í byrjun hverrar vaktar – þó vatn sé ekki mikið.

Flestir laxar eru þó teknir á maðk og sakkað vel, og síðan er maðkinum slakað hægt niður meðfram klapparbrúninni. Á myndinni má sjá hvar veiðimaður hefur sett í lax og er laxinn rétt ofan við aðaltökustaðinn. Vinstra megin við miðju má sjá hvar Dammurinn grynnist og þar innan við liggja oft laxar í góðu flugufæri. Í mjög miklu vatni má fá lax til að taka í beygjunni sunnan megin. Missi menn lax niður í gilið þá gildir að halda fast við og reyna að halda laxinum ofarlega í vatninu, í gilinu er steinn eða strýta í botninum sem slitið hefur marga línuna.“

Eivør ❁ Stefán Hilmarsson ❁ Friðrik Ómar ❁ Regína Ósk ❁ Jóhann Friðgeir
Margrét Eir ❁ Ragnheiður Gröndal ❁ Garðar Thór Cortes ❁ Hera Björk
Stórhljómsveit Frostrósa, Karlakór Fóstbræðra, Karlakór Akureyrar - Geysir, Vox feminae, Íslenski gospelkórinn, Barnakór Frostrósa,
Skólakór Hrafnagilsskóla & Stúlknakór Reykjavíkur ❁ Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson - Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson

2010

# FROSTRÓSIR

*Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi*

**LAUGARDALSHÖLL 11. DESEMBER**

**HOF AKUREYRI 17. DESEMBER**



MIÐASALA HEFST 20. OKT. KL. 10:00 Á **midi.is**

Sérstök forsala fyrir þá sem skráðir eru á póstlistann á frostrosir.is og vini Frostrósa á Facebook verður 19. október og hefst stundvíslega kl. 10:00. Skráðu þig og vertu með...



*Um landið 2010*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. des. | Ólafsvík | 7. des. | Vestmannaeyjar |
| 2. des. | Ísafjörður | 8. des. | Akranes |
| 3. des. | Selfoss | 9. des. | Reykjanesbær |
| 4. des. | Egilsstaðir | 14. des. | Varmahlíð |
| 5. des. | Eskifjörður | 15. des. | Húsavík |

Hera Björk, Friðrik Ómar, Jóhann Friðgeir, Regína Ósk, Ragnheiður Gröndal og Garðar Thór Cortes ásamt Hrynsveit Frostrósa, strengjakvartett og barnakór.

Nánar á frostrosir.is

Kringlan

Nói Konfekt

Flugfélag Íslands

> **Josh Radnor**

„Mér finnst ég vera frekar góður gæi en ég hef aldrei notað setninguna: „Sú eina rétta.“ Í hvert skipti sem einhver segir þetta fæ ég hálfgerðan hroll. Mínar hugmyndir um rómantík eru aðeins flóknari.“

***Josh Radnor leikur Ted Mosby í gamanþættinum How I Met Your Mother sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 19.45.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ UMDEILT MARK ÍSLANDS GEGN PORTÚGAL

# *Myndavélarnar klikkuðu á ögurstundu*

Mark Heiðars Helgusonar í landsleiknum gegn Portúgölum á þriðjudagskvöld var skorað af miklu harðfylgi eins og hans er von og vísa. Hann hífði sig upp yfir varnarmanninn og náði ágætum skalla sem Portúgalarnir áttu í mestu vandræðum með. Tveir þeirra reyndu að bjarga á línu en höfðu ekki erindi sem erfiði því aðstoðardómarinn sá þetta allt saman og flaggaði mark.

Aðstoðardómarinn virðist þó hafa verið sá eini sem var sannfærður því sjónvarpsvélunum tókst ekki að festa atvikið á filmu þannig að hægt væri að skera úr um það á óumdeilanlegan hátt hvort boltinn var inni eður ei. Sjónarhornin voru nokkur en þar sem engin myndavél var staðsett við línuna sjálfa var ómögulegt að sjá þetta í sjónvarpinu. Enskar sjónvarpsmyndavélar hefðu átt í litlum vandræðum með að kveða upp sinn úrskurð, eða myndavélarnar sem voru á HM í sumar, enda mun meiri peningur þar til staðar til að raða myndavélum út um allan völl. Engu að síður var þetta ljóður á annars ágætri sjónvarpsútsendingu og sorglegt að geta ekki komist að sannleikanum í endursýningunni.

Hefði markið ekki verið dæmt hefðu Íslendingar líka orðið bálreiðir og margir eflaust heimtað að myndavélar yrðu framvegis látnar skera úr um hvort boltinn fer yfir línuna eða ekki. Sú umræða hefur verið mikil á meðal fótboltaáhugamanna víða um heim en einhver tími mun vafalítið líða þangað til slíkar óánægjuraddir heyrast hér á nýjan leik á landi.



**MISHEPPNUÐ BJÖRGUN** Leikmenn Portúgals reyna að bjarga marki en hafa ekki erindi sem erfiði.

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Stríðsárin á Íslandi** (4:6) (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (11:13) (Roommates)
**17.50 Herramenn** (44:52) (The Mr. Men Show)
**18.00 Stundin okkar (e)**
**18.25 Bombubyrgið** (6:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** (6:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga.
**20.50 Bræður og systur** (75:85) (Brothers and Sisters)
**21.35 Nýgræðingar** (166:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (8:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Himinblámi** (18:24) (Himmelblå III) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.15 Fréttir** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Beverly Hills**
**10.00 The Naked Gun**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Beverly Hills Cop**
**16.00 The Naked Gun**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 Hot Rod**
**22.00 Miss Marple - Towards Zero**
**00.00 Angel-A**
**02.00 Glastonbury**
**04.15 Miss Marple - Towards Zero**
**06.00 Rock Star**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (7:18) Latibær, Stuðboltastelpurnar, Maularinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (17:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (252:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (253:300)
**15.15 The O.C. 2** (3:24)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Latibær, Maularinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (2:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (21:24)
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Hann snýr nú aftur ferskari en nokkru sinni fyrr til að kenna okkur að elda gómsæta rétti án mikillar fyrirhafnar og af hjartans lyst.
**20.40 NCIS: Los Angeles** (9:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**21.25 The Closer** (15:15)
**22.10 The Forgotten** (13:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.00 Spaugstofan**
**23.30 Mér er gamanmál**
**00.00 Monk** (15:16)
**00.45 The Mentalist** (1:22)
**01.30 The Pacific** (4:10)
**02.20 Irresistible**
**04.00 Dracula 2: Ascension** H
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Flensburg - Kiel** Útsending frá leik Flensburg og Kiel í þýska handboltanum.
**18.20 The MaGladrey Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**19.15 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.40 Einvígið á Nesinu** Sýnt fra einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru samankomnir.
**20.35 Muhammed and Larry**
**21.30 San Remo 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker þar sem bestu og færustu spilarar heims mæta til leiks.
**22.20 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 Main Event þar sem allir sterkustu spilarar heims koma saman.
**23.10 Gunnar Nelson í Cage Contender** Einn magnaðasti íþróttamaður Íslendinga, Gunnar Nelson, sýnir listir sínar í Cage Contender.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45 PL Classic Matches: Man Utd - Liverpool, 1992**
**18.15 Man. Utd - Liverpool: HD** Útsending frá leik Man. Utd og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Diego Simeone** Argentinumaðurinn Diego Simeone er hvað frægastur fyrir að hafa fiskað David Beckham að velli a HM 1998 i Frakklandi en þessi magnaði leikmaður verður kynntur nánar i þessum frábæra þætti.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**22.20 Arsenal - Blackpool: HD** Útsending frá leik Arsenal og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (4:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (4:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (2:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 America's Next Top Model** (2:13) (e)
**18.50 Real Hustle** (4:8) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru og sýna hversu auðvelt það er að plata fólk til að gefa persónulegar upplýsingar.
**19.15 Game Tíví** (5:14).
**19.45 Whose Line is it Anyway** (8:20)
**20.10 The Office** (8:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin. Það er hrekkjavaka og skrifstofuliðið hræðir saklaus börn.
**20.35 Hæ Gosi** (3:6)
**21.05 House** (8:22) House tekur aftur við sinni gömlu stöðu eftir að hafa fengið læknisleyfið sitt aftur og setur saman „draumaliðið“ sitt.
**21.55 CSI: Miami** (3:24)
**22.45 Jay Leno**
**23.30 Nurse Jackie** (2:12) (e)
**00.00 United States of Tara** (2:12) (e)
**00.30 Last Comic Standing** (5:14) (e)
**01.15 CSI: New York** (20:25) (e)
**02.00 Lost in Translation** (e)
**03.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**12.30 European Tour 2010**
**16.30 Golfing World** (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World** Daglegur fréttaþáttur.
**18.50 European Tour 2010** (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 European Tour - Highlights** (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**19.10 The Doctors**
**19.55 Entourage** (1:12)
**20.25 Little Britain 1** (5:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Pretty Little Liars** (7:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**22.35 Grey's Anatomy** (3:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.20 Medium** (4:22)
**00.05 Nip.Tuck** (3:19)
**00.50 Entourage** (1:12)
**01.20 Little Britain 1** (5:8)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, um stöðu virkjunaráætlana.
**21.00 Under feldi** Frosti og Heimir um Evrópumálin í nýju ljósi.
**21.30 Eldum íslenskt** Brakandi íslenskir bragðlaukar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.40

### NCIS: Los Angeles

Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Heimur hugmyndanna
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stormur
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins
**20.00** Gyðjurnar Palía og Melpómena
**21.00** Shugo Tokumaru
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Útvarpsperlur: Söngkonan á svarta kjólnum
**23.20** Til allra átta
**00.05** Næturtónar

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

www.lyfja.is




Gjöfin þín er í Lyfju!

Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 4.900 kr eða meira er þessi gjöf til þín*

- Take The Day Off Augnfarðahreinsir 50 ml
- DDML Gula kremið 15 ml
- Superdefense Krem 15 ml
- Superbalanced Farði 15 ml
- High impact Maskari 4 g
- High Impact Varalitur

* Meðan birgðir endast
Verðgildi gjafar: 12.000 kr

CLINIQUE BONUS
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

LYFJA
- Lifið heil



Við leitum að góðu fólki

vísir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – vísir.is

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku



FRÉTTABLAÐIÐ
vísir.is
...ég sá það á vísir.is

## AIRWAVES



*Ég ætla allavega að sjá Mínus á Gauknum á laugardagskvöldið en þeir eru að frumflytja nýtt efni. Í ár er ég spenntari fyrir að sjá íslensku böndin en þau erlendu. Agent Fresco, Bloodgroup, Ourlives og For a Minor Reflection eru til dæmis sveitir sem ég vil ekki missa af.*

Hrefna Björk Sverrisdóttir framleiðandi

# Leita að stúlkum til að bera brjóstin

„Ég veit ekki hvort það sé rétt að segja að við ætlum að ganga lengra – en við ætlum að halda okkar striki,“ segir Nana Alfreðsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Elektru.

Framleiðsla á myndbandi við nýjasta lag Elektru, Cobra on Heels, hefst á næstunni, en leit stendur yfir að stúlkum til að koma fram í myndbandinu. „Þetta verður rokk og ról. Við erum að leita að stelpum sem eru töffarar í sér og eru til í að koma fram berar að ofan. Alls konar stelpum, ekkert endilega einhverjum módelum,“ segir Nana.

Síðasta myndband Elektru við lagið I Don‘t Do Boys vakti talsverða athygli, en í stuttu máli fjallaði það um hóp stúlkna sem spiluðu flöskustút. Myndbandið hneykslaði einhverja en Nana segir að sér hafi ekki fundist það gróft. „Ég er vön því að sjá fólk kyssast í sjónvarpinu. Mér fannst það aldrei gróft,“ segir hún. „Það er eins með nýja myndbandið. Við erum ekki að gera eitthvað sem okkur finnst ógeðslegt, en miðað við að hitt sjokkeraði þá býst ég við að fólk tali um það.“

Nana gefur ekkert upp um efnistök myndbandsins og fullyrðir að ekki sé um klámfengið myndband að ræða. „Það verður enginn sleikur í nýja myndbandinu, en það verður nekt,“ segir hún.

**- afb**





**EKKERT KLÁM** Nana segir myndband Elektru ekki verða klámfengið – ekki frekar en síðasta myndband sem sýndi stúlkur spila flöskustút.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.10. Kl. 20:00 frums. U | Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn U | Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn Ö |
| Lau 16.10. Kl. 20:00 2. sýn U | Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. Ö | Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn U | Fös 19.11. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 3. sýn U | Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Lau 20.11. Kl. 20:00 |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16.10. Kl. 13:00 U | Sun 24.10. Kl. 15:00 Ö | Sun 7.11. Kl. 13:00 |
| Lau 16.10. Kl. 15:00 Ö | Lau 30.10. Kl. 13:00 | Sun 7.11. Kl. 15:00 |
| Sun 17.10. Kl. 13:00 U | Lau 30.10. Kl. 15:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 13:00 |
| Sun 17.10. Kl. 15:00 Ö | Sun 31.10. Kl. 13:00 | Lau 13.11. Kl. 15:00 |
| Lau 23.10. Kl. 13:00 Ö | Sun 31.10. Kl. 15:00 Ö | Sun 14.11. Kl. 13:00 |
| Lau 23.10. Kl. 15:00 Ö | Lau 6.11. Kl. 13:00 | Sun 14.11. Kl. 15:00 |
| Sun 24.10. Kl. 13:00 Ö | Lau 6.11. Kl. 15:00 | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.10. Kl. 20:00 U | Fim 28.10. Kl. 20:00 Ö | Fös 5.11. Kl. 20:00 U |
| Lau 16.10. Kl. 20:00 U | Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Lau 6.11. Kl. 20:00 U |
| Fim 21.10. Kl. 20:00 aukas. U | Lau 30.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 U | Sun 31.10. Kl. 20:00 U | Fös 12.11. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 U | Fim 4.11. Kl. 20:00 U | Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 17.10. Kl. 19:00 U | Mið 3.11. Kl. 19:00 aukas. Ö | Fim 25.11. Kl. 19:00 aukas. Ö |
| Sun 24.10. Kl. 19:00 U | Sun 7.11. Kl. 19:00 Ö | Lau 11.12. Kl. 19:00 aukas. Ö |
| Þri 26.10. Kl. 19:00 U | Mið 10.11. Kl. 19:00 U | Sun 12.12. Kl. 19:00 aukas. Ö |
| Mið 27.10. Kl. 19:00 U | Sun 14.11. Kl. 19:00 Ö | |
| Fim 28.10. Kl. 19:00 Ö | Mið 24.11. Kl. 19:00 aukas. Ö | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 U | Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. | |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö | |

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.

Leikhúskortið 2010/2011




**STOLTIR PORTÚGALAR** Bento og Nuno, veitingamenn á Tapasbarnum, eru hæstánægðir með Real Madrid-treyjuna sem þeir fengu gefins. Treyjan er árituð af Cristiano Ronaldo, Ricardo Carvalho og Pepe. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BENTO GUERREIRO:** ÁRITUÐ TREYJA RONALDOS KOMIN UPP Á VEGG

# Nani og Meireles í stuði á Tapasbarnum eftir leikinn

„Þeir voru mjög hressir og skemmtilegir,“ segir Bento Guerreiro, annar eigenda veitingastaðarins Tapasbarsins við Vesturgötu.

Portúgölsku landsliðsmennirnir Nani og Raul Meireles heilsuðu upp á starfsfólk Tapasbarsins eftir landsleik Íslands og Portúgals á þriðjudagskvöldið. Portúgalski hópurinn flaug til Lissabon eftir leikinn en Nani og Meireles, sem leika á Englandi, flugu ekki fyrr en í gærmorgun. Þeim gafst því stund milli stríða.

„Þeir borðuðu með landsliðinu eftir leikinn en komu svo til okkar þegar liðið var farið út á flugvöll,“ segir veitingamaðurinn Bento. Hann segir að þeir Tapasmenn séu vel tengdir og hafi verið búnir að tala við knattspyrnumennina áður og bjóða þeim til sín. „Við erum tveir Portúgalar sem eigum staðinn, ég og Nuno, svo þetta var auðvitað mjög gaman fyrir okkur. Þetta var nú alls ekkert partí, þetta var bara starfsfólkið og nokkrir gestir sem fengu að sitja áfram og spjalla við þá. Þeir stoppuðu samt alveg í tvo tíma hjá okkur en drukku bara kók,“ segir Bento.



**GÓÐIR GESTIR Á TAPAS** Frá vinstri eru Bento, Nani, Nuno, Antonio og Raul Meireles.

*Var ekki kvenfólkið ánægt með að fá svona glæsilega menn í heimsókn?*

„Ja, hvað heldur þú? Við vorum auðvitað ekkert að opna út á götu og auglýsa þetta, þetta var bara starfsfólkið hérna og þær kunna sig.“

Nani spilar með Manchester United og Meireles spilar með Liverpool. Rígurinn milli þeirra félaga var þó ekki sýnilegur í heimsókninni á Tapasbarinn. „Nei, alls ekki,“ segir Bento. „Það voru einhverjir sem héldu með Liverpool og sjálfur held ég meira að segja með Chelsea.“

Heimsóknin mun setja svip sinn á Tapasbarinn til framtíðar. Þeir Nani og Meireles komu nefnilega færandi hendi. „Þeir komu með Real Madrid-treyju sem var árituð af Portúgölunum í liðinu – þeim Ronaldo, Pepe og Ricardo Carvalho. Við verðum ekki lengi að hengja hana upp á vegg hjá okkur,“ segir Bento Guerreiro, hæstánægður með heimsókn landa sinna.

**hdm@frettabladid.is**




ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI Í MIÐHRAUNI 2 LÝKUR UM HELGINA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

EKKI MISSA AF ÞESSU!
KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP FYRIR DÝRIN YKKAR

HAFNARFJÖRÐUR · IKEA · DÝRARÍKIÐ · REYKJAVÍK

Dýraríkið Miðhrauni 2, stærsta og glæsilegasta gæludýraverslun landsins (við brúna á móti Ikea)



DÝRARÍKIÐ
...fyrir dýravini!

Dýraríkið Miðhrauni 2 · Opið virka daga 11-18 · Laugardaga 12-18 · Sunnudaga 12-18 · dyrarikid@dyrarikid.is · Sími: 568 66 68

Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...


# Sveppi kærður

„Það er verið að kæra mig fyrir að vinna vinnuna mína,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson – Sveppi.

Sveppi keyrði upp Laugaveginn ásamt Audda í þætti þeirra síðasta föstudag. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært Sveppa fyrir verknaðinn og skýrsla var tekin af honum í gær. „Vissulega var ég að brjóta lögin. Ég viðurkenni það,“ segir Sveppi. „Ég var beðinn um að koma í yfirheyrslu niður á lögreglustöð og svara til saka. Það var mjög skemmtilegt – yndisleg stund.“

Sveppi hefur verið kærður fyrir fjögur brot. Þrjú af þeim eru að aka gegn einstefnu og eitt að keyra á gangstétt. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gæti Sveppi átt von á allt að 20.000 króna sekt ásamt refsipunktum. Sveppi segist vona að sektin verði krúttleg. „Ég lofaði í skýrslutökunni að gera þetta aldrei aftur. Það er skjalfest,“ segir hann.

Spurður hvort þetta sé í fyrsta skipti sem hann kemst í kast við lögin segir hann svo ekki vera, en bætir við að langt sé síðan hann var yfirheyrður. „Síðast þegar ég var yfirheyrður sat maður á móti mér með ritvél – það er það langt síðan.“

En ertu búinn að læra þína lexíu?

„Já. Líklega. En þetta er mjög erfið staða sem ég er í. Annars vegar er ég að brjóta lögin og hins vegar er þetta vinna. Maður er alltaf að lenda í veseni fyrir að reyna að vera fyndinn.“

**- afb**



**YFIRHEYRÐUR Í GÆR** Brotavilji Sveppa var einbeittur enda setti hann ekki fyrir sig að hátt í tuttugu prósent þjóðarinnar yrðu vitni að glæpnum þegar hann var sýndur í þætti hans og Audda.




www.gulahusid.is

Opnunartími: Mán-lau. 10:00 - 20:00,
Laug. 10:00 - 18:00 Sun. 12:00 - 17:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Keyrði á Lennon

Heimsókn afmælisbarnsins **Seans Lennon** til Íslands um síðustu helgi fór varla framhjá mörgum. Fyrir tónleika Plastic Ono Band á laugardaginn var kappinn á vappi á Laugaveginum og þar lá við stórslysi. Listamaðurinn **Ragnar Kjartansson**, oft nefndur Rassi prump, var að keyra á bíl sínum á Laugaveginn og ekki vildi betur en svo að bíllinn lenti á Sean. Eða Sean á bílnum, eftir því á hvernig málið er litið. Alla vega urðu ekki slys á mönnum – sem betur fer.



### Yoko í verslunarferð

Talandi um Lennon-slektið. Móðir Seans, **Yoko Ono**, var einnig á Laugaveginum um liðna helgi og lét til sín taka í tískuverslunum. Hún verslaði í Lífsstykkjabúðinni eins og kom fram í DV í gær en fór raunar víðar. Yoko kom einnig við í versluninni Skörtu þar sem hún keypti sér ýmislegt glingur og leggings.



### Joly kveður með stæl

**Eva Joly** kvaddi land og þjóð með stæl í gærkvöldi eftir að hafa tilkynnt að hún væri hætt störfum hér á landi. Joly hélt heljarinnar samkvæmi þar sem helstu stórmenni þjóðarinnar voru saman komin til að kveðja hana. Meðal gesta voru Egill Helgason, Jón Gnarr, Þorvaldur Gylfason, frú Vigdís Finnbogadóttir, Ögmundur Jónasson og Björk Guðmundsdóttir, sem að sjálfsögðu steig á stokk og söng lagstúf til heiðurs vinkonu sinni.

**-hdm, sv**



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Námumennirnir koma upp einn af öðrum
2. Undarlegur kvennalisti
3. Sautján komnir upp
4. Gekk berserksgang hjá umboðsmanni skuldara
5. Bölmóðurinn of mikill á Íslandi











